

# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK MARS 2009

## Skattasmugur frítækjumanna



Cayman

Tortola

Guernsey

Lúxemborg

Kypur



# Huliðshjálmur

Um langt skeið hafa skattyfirvöld barist fyrir auknu gagnsæi í skattskilum. Þar er afhending bankaupplýsinga gríðarlega mikilvægur þáttur. Ritaðar hafa verið nokkrar skýrslur sérfræðinga um skattsvik, þar sem kallað hefur verið á auknar upplýsingar bæði beint og óbeint. Samanburður skattframkvæmdar hér við nágrannaríki hefur sýnt að skattyfirvöld hér hafa búið við mun lakari starfsskilyrði hvað varðar heimildir til að fá þessar upplýsingar afhentar undanbragðalaust. Afhendingu þessara gagna hefur verið sýndur lítill skilningur og haldið fast í að leyndinni um eignir, eignarhald, bankainnstæður, skuldir og fjölmargt annað yrði ekki aflétt. Í lok síðasta árs var þó rof gert í þagnarmúrinn með löggjöf um afhendingu upplýsinga um innstæður í bönkum, þrátt fyrir ákóf mótmæli og hótanir um brottflutning fjármagns úr landinu.

Auk umsvifa í skjóli bankamúrsins hefur á síðustu árum bæst við leyndin um eignir skráðar í aflandsríkjum. Virðast íslenskir bankar ekki hafa dregið af sér við þá iðju og sveipað félög íslendinga þar leynd um eignarhald. Þótt það fyrirbrigði sé vissulega ekki séríslensk uppgötvun er þó ljóst að ýmsir íslendingar hafa þar ekki verið aftarlega á merinni. Greining ríkisskattstjóra á eignarhaldi sýnir að leyndin um eignarhald og eigendur félaga skráðra í aflandsríkjum er vandamál sem brýnt er að taka á af festu. Meira að segja hefur sú skaðlega starfsemi sem þar er rekin fengið hið hlýlega heiti, skattaskjól. Í því orðfæri felst á hinn bóginn grímulaus afstaða, skýli fyrir sköttum, þ.e. vilji til að komast hjá greiðslu skatta með því að dylja eignarhald fyrir yfirvöldum, meðeigendum og almenningi öllum.

Skattyfirvöld hafa um langt skeið varað við þessari þróun enda hefur við meðferð málefna félaga sem skráð eru í aflandsríkjum gengið erfiðlega að afla upplýsinga svo sem hvert sé raunverulegt

eignarhald þeirra. Við þau störf sín hafa skattyfirvöld rekist á ýmsar hindranir. Það hefur þó ekki verið á færi athafnamannanna einna saman að bregða upp þeim huliðshjálmi, þar sem unnið hefur verið gegn þeim stjórnvöldum sem ætlað er að gæta almannahagsmuna um að réttar leikreglur séu virtar og staðið sé við kröfur samkeppnislaga, fjármálaeftirlits eða réttmætum skatti sé skilað. Hugtökin trúnaðarskylda og bankaleynd eru gjarnan hent á lofti þegar yfirvöld eru að leita að frumupplýsingum. Jafnan er því óðara borið við þegar eignarhald fer yfir landamæri að dótturfélögum hlutaðeigandi fjármálastofnunar sé óheimilt að gefa svör sakir löggjafar ytra. Ljóst má á hinn bóginn vera að þar getur verið skammt á milli og augljóst er að upplýsingar er einnig að finna í bönkunum hér á landi. Viðbáran er sú að engu skipti þótt heil þjóð sé komin á heljarþróm – bankaleyndin sé heilög og henni megi ekki raska.

Í fjölmiðlaumræðu er því haldið fram að Íslands sjálfstökumenn hafi getað leikið lausum hala utan laga og réttar og haft í frammi ótrúlega athafnasemi í þágu eigin velsældar. Því miður bendir margt til að svo kunni að hafa verið og að afleiðingar þeirra gjörninga verði upplifun landsmanna um ókomin ár. Það hefur fylgt mannkyninu frá upphafi að lundarfar sumra hefur fremur staðið til að hafa rangt við og pretta ýmist náungann eða samfélagið í heild. Almennt hefur þetta verið lágkúruleg sjálfataka og á stundum gengið svo langt að nánast hafi verið andstætt eðli viðkomandi að standa skil á réttu skattframlagi.

Eins og þjóðin hefur verið að upplifa og sér reyndar ekki fyrir endann á, þá hafa menn gerst djarfir við að verða sér út um fjármuni með uppkaupum og endursölu sömu fyrirtækjanna. Froða sú sem blásin var upp hefur síðan iðulega verið nýtt til veðsetninga og þannig hafa einstakir menn komist yfir ótrúlega

## TÍUND

### 1. TÖLUBLAÐ · 23. ÁRGANGUR

Útgefandi: RÍKISSKATTSTJÓRI


Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir

Auk þeirra og höfunda greina unnu að blaðinu eða tóku ljósmyndir: Ingibjörg Erlendsdóttir, Ásgeir Heimir Guðmundsson, Magnús Hlynur Hreiðarsson, Björg Elsa Sigfúsdóttir, Bragi Leifur Hauksson og Haraldur Hansson.

Skuldir rekstraraðila skv. rafrænum skattframtölum 1998 til 2008



fjármuni, sem á stundum hafa verið fluttir úr landi fyrir milligöngu og í skjóli hinnar upphöfnu bankaleyndar. Svo virðist að sjaldnast hafi þessu fé verið ætlað að koma til skattlagningar enda munaði væntanlega um hvert skattprósentíð, þegar fjárhæðir eru slíkar að þeim yrði ekki komið í lóg á heilli mannsævi. Skattfyrirvöld hafa ítrekað bent á að skattalög verða að vera það virkt tæki að þau geti skilað sömu niðurstöðu gagnvart skattlagningu allra tekna. Það verður ekki of oft ítrekað að það gilda ein lög í landinu þó sumir hafi talið sig getað lifað fjarri skattgreiðslum.

Staðreyndir um skuldir rekstraraðila sýna með afgerandi hætti að skuldsetningin virðist því miður hafa verið hömlulútil og án fordæma og að langmestu leyti hjá þeim sem skulda hvað mest. Hin alvarlega skuldsetning án samsvarandi arðbærra fjárfestinga fyrir þjóðfélagið, oft á tíðum í skjóli leyndar og takmarkaðra veða, hefur leikið íslenskt þjóðfélag svo grátt að þjóðin hefur aldrei fyrr horft fram á svo alvarlega tíma.

Eitt er að hafa uppi grunsemdir og annað er að hafa aðgang að haldbærum gögnum til úrvinnslu, þegar reynt er að rekja lögmæti uppruna fjármagns og síðar notkun þess, sbr. ummæli Evu Joly. Uglaust hefði eitthvert eftirlitskerfi átt að fara í gang hefðu allar upplýsingar legið á borðinu og í rökréttu samhengi. Opinberlega hefur verið bent á að ýmsir bankamannanna hafi verið í afneitun, og ekki viljað kannast við hvað skuldsetningin hafi verið alvarleg. Margt bendir til að þar hafi verið komist að kjarna málsins.



Við blasir að ef eigi endurheimtast faldar tekjur og eignir úr skattaskjólum og ef á skortir að eignir hinna föllnu banka standi á móti gerðum kröfum munu þeir sem enga ábyrgð báru á því hruni sem hér er orðið – almenningur allur og hefðbundinn atvinnurekstur landsmanna – þurfa að greiða aukna skatta vegna þeirrar afdrifaríku meðferðar fjármuna sem virðist hafa átt sér stað hjá nokkrum tugum manna sem flestir höfðu yfir sér huliðshjálmaskjól og skattaskjóla.

**Skúli Eggert Þórðarson**  
ríkisskattstjóri

**Ingvar J. Rögnvaldsson**  
vararíkisskattstjóri

## EFNI BLAÐSINS

<b>Leiðari</b> .....	2	<b>Áritaðar bankainnstæður</b> .....	31
<b>Lærðum við eitthvað á Lúx?</b> .....	4	<b>Fólkið á vaktinni</b> .....	32
<b>Indriði H. gengur aftur</b> .....	7	<b>Skattlagning kolvetnisvinnslu</b> .....	34
<b>Viðtalið - Ragnheiður Thorlacius</b> .....	8	<b>Ferð starfsmanna skattstjóra Reykjavíkur til Berlínar</b> .....	36
<b>Íslenskt félaganet og faldir eigendur</b> .....	12	<b>Kikna undan skuldum</b> .....	37
<b>Nú er spurt</b> .....	15	<b>Breytingar á virðisaukaskatti</b> .....	42
<b>Tax Gap - Skattasmugan</b> .....	16	<b>Norður-Atlantshafsráðið</b> .....	43
<b>Stefnumótunardagur ríkisskattstjóra</b> .....	18	<b>Breytingar á tvísköttunarsamningum</b> .....	44
<b>Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari</b> .....	20	<b>Frumvarp um breytingar á tekjuskattslögum og staðgreiðslulögum</b> .....	46
<b>Hrunið og vonin</b> .....	23	<b>Upplýsingatafla RSK</b> .....	48
<b>Dómar</b> .....	24		
<b>Greining eignarhalds</b> .....	27		



# Lærðum við eitthvað á Lúx?

Stöðugt berast nýjar upplýsingar á borð almennings úr huliðsheimi viðskiptalífsins í kjölfar bankahrunsins. Sé litið til hefðbundinna samfélagsgilda er þar ekki allt fagurt á að líta.



Aðalsteinn  
Hákonarson

## Þrífst viðskiptalífið bara í skjóli myrkurs?

Ætla mátti að blekkingar hafi verið viðskiptaþrótt þar sem afreksmenn voru metnir að verðleikum eftir því hversu forhertir og kaldrifjaðir þeir voru. Alls konar tilbrigði hafa litið dagsins ljós eins og dulið eignarhald á félögum, leppun á viðskiptum, arðvænleg sýndarviðskipti á milli tengdra aðila, útlán banka með veði í eigin fé sínu, lán án trygginga veitt af greiðasemi, veðmál með gjaldmiðil þjóðarinnar o.fl., o.fl. Allt virðist þetta hafa miðað að því að halda uppi gengi á hlutabréfum þannig að sá vettvangur sem hafði verið valinn til verðmyndunar og viðskipta með hlutabréf, þ.e. kauphallarviðskipti, virðist engan veginn hafa virkað sem skyldi. En það eru fleiri tegundir af blekkingum sem hafa litið dagsins ljós í íslensku viðskiptalífi á þeim afdrifaríka áratug sem senn fer að líða undir lok. Það eru fyrirtæki eða net fyrirtækja sem sett eru á stofn í ríkjum sem eru fráhverf öllu alþjóðlegu skattasamstarfi, svonefndum skattaparadísnum. Þau eru stofnuð án þess að hafa nokkra sýnilega starfsemi eða starfsstöð í viðkomandi ríki. Þessi fyrirtæki eru oft mótaðili í viðskiptum við hérað og erlend fyrirtæki og hafa tekið til sín hlutdeild í tekjum og eignum í slíkum viðskiptum. Þar með eru slíkir fjármunir hornfir út úr hinu sýnilega hagkerfi án þess að nokkrum skatti hafi verið skilað.

Ríkisskattstjóri hefur ítrekað leitað eftir því við íslenska eigendur slíkra félaga,

bæði menn, lögaðila og milligönguaðila sem annast um viðskipti fyrir þau, að leggja fram gögn um rekstur þeirra og sýna fram á rekstrarlegan tilgang með tilvist þeirra. Það hefur lítinn árangur borið hingað til og því er ekki að sjá að þetta fyrirkomulag hafi haft annan sýnilegan tilgang en að stunda skattasniðgöngu, fela eignarhald, þvo illa fengna peninga eða fegra efnahagsreikninga sem oft gengur undir nafninu „facelift.“

Er ekki tími til kominn að íslensk stjórnvöld spyrji sig þeirrar spurningar hvort þetta sé „bísnes“ sem samrýmist þeim viðskiptum sem við viljum kenna okkur við og stunda?

*...þá hafa íslenskir bankar þjónustað aðila sem skattskyldir eru á Íslandi við að flytja tekjur sem þeim bar að greiða skatta af hér á landi inn fyrir virkisgarð dótturfélaga sinna erlendis...*

## Leiðin til Lúx

Þegar hinn svonefndi uppgangur líðandi áratugar hófst buðu bankar og fjármála-fyrirtæki einstaklingum og fyrirtækjum upp á margskonar fjármálaþjónustu. Eignastýringar á verðbréfasöfnum var eitt af því sem í boði var. Tekjur af slíkri ávöxtun voru skattskyldar á Íslandi lögum samkvæmt. Ein tegund af þeirri þjónustu sem boðið var uppá var að flytja banka-innstæður og verðbréfasöfn íslenskra aðila til útlanda. Íslenskir bankar stofnuðu t.d. eigin dótturfélög í Lúxemborg sem urðu vinsæll geymslustaður fyrir innstæður og verðbréfaeign Íslendinga. Við þetta hurfu allar upplýsingar um þessar

eignir úr skráningarkerfum bankanna á Íslandi og enginn vissi hvort skattskilin eftirleiðis hér á landi voru í samræmi við lög og reglur. Ávöxtun eignasafnsins fór nú fram í Lúxemborg í svonefndum 1929 félögum sem enga skatta borga og það virðist sem allur gangur hafi verið á því hvort eða hvernig arðurinn var fluttur hingað til lands. Sumir virðast hafa tekið heim arð af eignarhlut í lúxemborgísku félagi og greitt af honum fjármagnstekjuskatt í samræmi við lög. Aðrir virðast hafa komið sér upp kreditkorti erlendis og notað arðinn til einkaneyslu hér á landi án þess að greiða af honum skatta. Enn aðrir hafa selt hlutabréf í íslenskum

félögum í gegnum félag sitt í Lúxemborg án þess að greiða skatt af söluhagnaði hér á landi eins og ber að gera samkvæmt lögum. M.ö.o. þá hafa íslenskir bankar þjónustað aðila sem skattskyldir eru á Íslandi við að flytja tekjur sem þeim bar að greiða skatta af hér á landi inn fyrir virkisgarð dótturfélaga sinna erlendis án þess að löggjafinn hafi á nokkurn hátt fett fingur út í það eða reynt að sporna við því. Íslensku bankarnir hafna því alfarið að þeim beri að veita upplýsingar hér á landi um starfsemi dótturfélaga sinna erlendis og dótturfélögin hafna því sömuleiðis að þeim

beri að veita upplýsingar um tekjur eða aðila sem skattskyldir eru á Íslandi. Er ekki tími til kominn að tryggja á einhvern hátt með löggjöf að íslenskum móðurfélögum erlendra dótturfélaga, hvort sem um er að ræða banka eða önnur félög, beri að annast um og veita upplýsingar um tekjur sem myndast hafa á vettvangi dótturfélaganna og skattskyldar eru hér á landi og þá hjá hverjum í samræmi við almennar íslenskar reglur? Þróun í þessa veru er að eiga sér stað í Evrópu á grundvelli svonefnds samstæðuréttar.

## Bresku Jómfrúreyjar, BVI

Þeir sem tóku þá ákvörðun að fara með verðbréf sín til Lúxemborgar gátu fengið þar margskonar þjónustu. Þeim bauðst að stofna félög í skattaparadísunum víðsvegar um heim m.a. á British Virgin Islands, BVI. Þaðan er engar upplýsingar að fá í alþjóðlegu skattasamstarfi og því er þar að finna hentugt skattaskjól fyrir þá sem eru fráhverfir því að taka þátt í samfélagsþjónustu í heimaríki sínu þótt í reynd fari engin starfsemi fram á þeirra vegum í landinu. Eins er BVI skjólgott land fyrir fjármagn í felum, eins og þvottapeninga, þótt það sé í raun og veru geymt annars staðar, t.d. í Lúxemborg. Ríkisskattstjóri hefur um nokkurt skeið reynt að afla upplýsinga um félög í eigu Íslendinga sem skráð eru á BVI og hefur margt forvitnilegt komið í ljós í því sambandi.

BVI eru smáeyjaklasi í Karabíska hafinu skammt austur af Puerto Rico. Eyjarnar teljast breskt yfirráðsvæði (British Overseas Territory) sem hefur sjálfstæða landsstjórn undir forystu svonefnds „Governor“. Eyjarnar eru um 153 ferkílómetrar að stærð og íbúar á árinu 2005 voru liðlega 20 þúsund. Höfuðstaðurinn, sem er í raun og veru ekki annað en þorp, er á eyjunni Tortola og nefnist Road Town. Opinbert mál eyjanna er enska og gjaldmiðillinn er U.S. dollar. Flestir íbúanna starfa við ferðaþjónustu en fjármálaþjónusta er stærsti atvinnuvegurinn sé miðað við tekjur. T.d. eru um 50% af tekjum hins opinbera leyfisgjöld svonefndra „offshore“ fyrirtækja, þ.e. fyrirtækja sem hafa skráða heimilisfesti í ríkinu en enga starfsemi eða starfsstöð. Fram kemur að á árinu 2004 hafi yfir 550.000 „offshore“ fyrirtæki verið skráð á BVI hjá skráningarstofnun sem kallast „Registrar of International Business Companies“. Í skýrslu sem KPMG í Bretlandi vann fyrir bresku ríkisstjórnina á árinu 2000 kom líka fram að liðlega 41% af öllum „offshore“ fyrirtækjum í heiminum væru stofnuð á BVI. „Offshore“ fyrirtæki skráð á BVI borga ekki skatta en greiða skráningar- og leyfisgjöld til hins opinbera og þóknar til heimaaðila sem veita „offshore“-þjónustu.

BVI hafa til margra ára talist til svonefndra lágskattasvæða eða ríkja þar sem stjórnvöld hafa sýnt lítinn vilja til þess að taka þátt í samræmdu alþjóðlegu skattasamstarfi en þess í stað fremur hlutast til um að skapa skattaskjól fyrir þá sem hugnast illa að leggja fé til samneyslu í heimaríki sínu. Á eyjunni Tortola, bænum Road Town, er hópur þjónustuaðila (regi-



Starfsmenn eftirlitsdeildar. Ólafur Jónsson, Lúðvík Lúðvíksson, Aðalsteinn Hákonarson og Ósk Elísdóttir.

stered agents) sem hefur atvinnu af því að halda heimilisfestisskrá, sem jafnan eru mismunandi númer á pósthólfi á vegum þjónustuaðilans sem kallast „registered office“, og veita svonefnda „offshore service“. Ríkisskattstjóri hefur margtírekað leitað eftir ársreikningum frá félögum sem þarna eru skráð og eru í eigu eða tengjast íslenskum aðilum á einhvern hátt en þeim hefur nánast aldrei verið framvísað. Eftir því sem næst verður komist hvílir sú skylda ekki á „offshore“ félögum sem skráð eru á BVI að semja ársreikninga og það er undir félögunum sjálfum komið hvort þau gera slíkt eður ei. Ríkisskattstjóri hefur undir höndum samþykktir nokkurra félaga sem skráð eru á BVI og virðast þær vera staðlaðar í flestum atriðum. Samþykktirnar eru tvískiptar að því leyti að annars vegar er um að ræða sjálfstætt plagg sem kallast „Memorandum of Association“ og hins vegar „Articles of Association“. Venjulega fylgir þeim umboð eða yfirlýsing um hverjir geti tekið ákvarðanir í nafni félagsins og eins er tilgreint hvert skuli senda upplýsingar um viðskiptaatburði og t.d. greiðsluhreyfingar í bönkum. Slík gögn eru sjaldnast send til BVI heldur til félaga sem eru skráð í öðrum ríkjum og þá að sjá í ríkjum sem teljast til lágskattasvæða. Viðskiptabankar „offshore“ félaga eru almennt ekki heldur í sama ríki og þar sem heimilisfestin er skráð en dæmi eru um að þeir séu t.d. í Lúxemborg. Þannig eru þessi félög ekkert nema nafnið tómt ásamt raðnúmerinu sem þau fá hjá skrán-

ingarstofnuninni. Samþykktirnar eru undirritaðar af þjónustuaðilanum sem hýsir félagið, sem venjulega er aðili með aðsetur í Road Town í Tortola, og vitni, sem jafnan er einnig með aðsetur í Road Town í Tortola, staðfestir undirskriftina. Í einum kafla „Memorandum“ kemur fram hvað „offshore“ félagi á BVI sé óheimilt að gera en það er eftirfarandi:

1. Starfrækja viðskipti með þátttöku aðila sem eru heimilisfastir á BVI.
2. Eiga hlut í fasteign eða hafa fjárhagslega hagsmuni tengda fasteign á BVI. Það fellur þó ekki þarna undir að leigja skrifstofu fyrir félagið þar sem halda má félagsfundi eða hægt er að færa bækur þess.
3. Starfrækja bankastarfsemi eða „Trust“ nema hafa leyfi til þess samkvæmt „Banks and Trust Companies Act 1990“.
4. Starfrækja váttryggingastarfsemi, endurtryggingastarfsemi, váttryggingamiðlun eða sem umboðsmaður váttrygginga nema hafa til þess sérstakt leyfi.
5. Koma fram sem stjórnandi annars fyrirtækis nema hafa til þess leyfi í samræmi við „Company Management Act“ frá 1990.
6. Starfrækja „Registered Office“ eða starfa sem „Registered Agent“ á BVI.

„The Articles of Association“, þ.e. samþykktirnar sjálfar, eru ekki ólíkar því sem við þekkjum hér á landi hvað varðar

skráningu og útgáfu hluta, stjórnskipulag, fundarboð og aðra slíka hluti. Aftur á móti eru engin ákvæði sem skylda „offshore“ félag til að semja ársreikning. Venjulegast er orðalagið þannig að félagið skuli halda slíkar færslur og reikninga/yfirlit (accounts) sem stjórnendur þess telja nauðsynlega eða æskilega til að lýsa fjárhagsstöðu þess. Þá eru engin ákvæði í samþykktunum um endurskoðuneðakosninguendurskoðenda, heldur segir að félagið geti ákveðið að óska eftir að reikningar þess verði endurskoðaðir. Tekið er fram að endurskoðendur, án þess að vísað sé til löggiltra endurskoðenda, megji ekki vera stjórnendur félagsins en þeir geti verið félagsaðilar. Gert er ráð fyrir að endurskoðendur, séu þeir kallaðir til, láti í ljós álit á rekstrarreikningi og efnahagsreikningi og upplýsi um hvort þeir hafi fengið allar upplýsingar sem þeir báðu um. Sú skýrsla skal vera hluti af reikningum félagsins og upplesin eða lögð fyrir félagsaðila á sama fundi og reikningar þess.

Þegar horft er yfir viðskiptaumhverfið og regluverkið sem „offshore“ félögum á BVI er búið er ekki hægt að álykta öðruvísi en svo að hvort tveggja séu ansi yfirborðskennnd og í raun fátt annað en nafn með skráða heimilisfesti í pósthólfi og raðnúmer. Þessi félög mega greinilega ekki starfrækja neinn rekstur í landinu og þeim er óheimilt að stunda rekstur í öðrum löndum ef sá rekstur er eftirlitsskyldur, eins og banka- eða váttryggingastarfsemi, nema hafa til þess tilskilin leyfi. Umhverfið er því augljóslega sérsniðið fyrir eignarhald á verðbréfum og viðskipti með slík bréf án þess að eigendur félagsins þurfi að eiga nokkurt erindi þangað frekar en þeir vilja. Þeir þurfa ekki að semja ársreikning eða skila skattframtali, heldur einungis að greiða hefðbundið árgjald til yfirvalda og um það sér þjónustuaðilinn sem tekur þóknun fyrir þá umsýslu. Ríkisskattstjóri getur ekki litið öðruvísi á en svo að íslenskir aðilar sem færa eignarhald sitt á félögum, íslenskum sem erlendum, undir „offshore“ félag á BVI séu að gera það út frá skattasniðgöngusjónarmiðum eða til þess að fela fjármagn nema sýnt sé fram á annað. Þá hafa komið upp dæmi um að fyrirtæki hafi flutt hluta af eignum sínum og skuldum til BVI í þeim eina sýnilega tilgangi að fegra efnahagsreikninginn og hækka eiginfjárlutfallið. Altalæð er um allan heim að félög sem skráð séu á BVI njóti þar skattaskjól og annarrar leyndar með aðstoð yfirvalda þar og þau

semji sig ekki að neinu regluverki eins og ríki Evrópusambandsins eða OECD fylgja og fara eftir. Að minnsta kosti hefur ríkisskattstjóri ekki enn fengið í hendur haldbær rök fyrir því að flutningur á eignarhaldi til svona ríkja sé gerður á raunverulegum viðskiptaforsendum. Sambærileg „offshore“ þjónusta og hér hefur verið lýst hefur einnig verið til staðar á Kýpur til margra ára og Lúxemborg hefur um langt skeið verið þekkt fyrir að veita hliðstæða þjónustu þótt þar séu hafðir í frammi tilburðir til þess um þessar mundir að gefa lítillaga eftir vegna þátttökunnar og þrýstings frá Evrópusambandinu. Stutt er síðan birtist í skýrslum OECD að tiltekin atriði í skattaframkvæmd Lúxemborgar falli undir það sem nefnt hefur verið „harmful taxation.“

***Við hljótum að þurfa að veita og meta hvað þessi „bísnes“ hefur fært okkur og hvort þetta sé sú tegund viðskipta sem við viljum ástunda til frambúðar***

### **Skúffufélög í umsjá bankanna í Lúx**

Eitt af þeim upplaggjum sem hefur verið vinsælt meðal Íslendinga er að stofna skúffufélag í Lúxemborg. Með skúffufélagi er í þessu samhengi átt við félag sem hefur hvorki starfsstöð né sýnilega starfsemi. Bankar í Lúxemborg í eigu íslensku bankanna buðu upp á þessa þjónustu og heimilisfang þeirra er skráð í starfsstöð bankans. Dæmi voru um að í bankanum ytra starfaði sérstakur skúffustjóri sem venjulega var Íslendingur. Hann var framkvæmdastjóri og prókúruhafi félaganna og undirritaði skjöl og önnur gögn fyrir þeirra hönd. Til þess að fela eignarhaldið kom ekki fram hver eða hverjir voru hluthafar og í sama tilgangi voru valin félög á eyjunni Tortola á BVI sem skipuðu stjórn félagsins og hlutverk endurskoðanda. Þannig tókst að mestu að girða fyrir að nokkrar vísbendingar væru til merkis um að félagið í Lúxemborg væri í eigu Íslendinga. En með því að skanna þær upplýsingar sem fáanlegar voru hjá fyrirtækjaskránni í Lúxemborg voru samt nokkur atriði sem gáfu

til kynna tengsl við Ísland. Í fyrsta lagi var það að skúffustjórinn, sem skráður var sem prókúruhafi, væri Íslendingur. Venjulega voru þá sömu félögin á BVI skráð með forræði yfir stjórnendum og endurskoðendum og sáu um að tilnefna þá. Í öðru lagi má nefna að hlutafé skúffufélaganna var skráð í íslenskum krónum. Ólíklegt er að fyrirtæki með tengsl við önnur ríki en Ísland geri það. Í þriðja lagi var að finna íslensk nöfn á skúffufélagunum eða nöfn sem þekkt voru á Íslandi með viðskiptum eins og t.d. „International“ eða „Group“. Í fjórða lagi má nefna að heimilisfesti skúffufélaganna var að sjá skráð á sama stað og viðkomandi banki. Þá má í fimmta lagi nefna að í nokkrum tilvikum voru nöfn Íslendinga skráð í hópi stjórnarmanna. Gera má ráð fyrir að töluverð fjárfestingarstarfsemi hafi farið fram innan þessara félaga en hér á landi var hvorki um það vitað né hvernig úttektum úr félögum var háttað. Það þykir einsýnt að ekki hafi allar þær tekjur sem skattskyldar voru á Íslandi skilað sér þangað.

### **Aðrar útfærslur**

Það er ljóst að þetta var ekki eina viðskiptamódelið sem íslensku bankarnir settu fram í Lúxemborg. Vísbendingar hafa verið um það í nokkurn tíma að bankarnir ytra hafi stofnað félög á lágskattasvæðum um hlutafé í íslensku bönkunum til þess að efna kauprétti. Nýlega voru fréttir um þetta í dagblöðum hér heima. Ekki hefur fengist nein sönnun þess enn sem komið er að skattskil tengd þessum kaupréttum hafi farið fram í samræmi við íslensk lög og reglur. Þá hefur verið vitað um nokkurt skeið að klæðskerasaumaðar lausnir hafa verið búnar til fyrir tiltekna vildarviðskiptavinum eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hér heima í kjölfar bankahrunsins.

### **Hvað tekur nú við?**

Er ekki eðlileg krafa almennings að stjórnvöld spyrji sig þeirrar spurningar nú hvort íslensku bankarnir, hvort sem þeir verða áfram í ríkiseigu eða einkavæddir, stundi og útfæri viðskiptalausnir erlendis af þeim toga sem hér hefur verið lýst? Við hljótum að þurfa að veita og meta hvað þessi „bísnes“ hefur fært okkur og hvort þetta sé sú tegund viðskipta sem við viljum ástunda til frambúðar. Vonandi tekst landsstjórninni að finna þá leið í þessum efnum sem þjóðinni er farsælust.



# Indriði H. gengur aftur

*Indriði H. Þorláksson hefur verið settur ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins frá 4. febrúar til 30. apríl 2009 í leyfi Baldurs Guðlaugssonar. Sjálfur kynnir hann sig sem lifandi afturgöngu.*



Indriði gegndi um langt skeið mikilvægum trúnaðarstörfum í stjórnarráði Íslands. Þangað kom hann til starfa eftir nám í hagfræði í Vestur-Þýskalandi og varð fljótlega deildarstjóri byggingardeildar menntamálaráðuneytisins. Síðar varð hann deildarstjóri launa-deildar og skrifstofustjóri tekju- og lagaskrifstofu í fjármálaráðuneytinu og var auk þess formaður í samninganefnd ríkisins árum saman. Þegar líða tók að síðustu aldamótum tók hann við embætti ríkisskattstjóra sem hann gegndi í tæp átta ár.

Eftir 36 ára störf fyrir íslenska ríkið ákvað hann að láta af störfum í september 2006 enda þreyta lítilla farin að sækja að honum, en það hefur löngum verið sagt um Indriða að hann drægi lítt af sér í daglegum stöfum og sé óhræddur við að taka að sér margflókin mál. Um nokkurra mánaða skeið sinnti hann ýmsum sérverkefnum fyrir fjármálaráðuneytið og ríkisskattstjóra – og lauk svo alveg störfum snemma árs 2008 og fór á eftirlaun. Hann hóf að sinna fræðistörfum og öðrum hugðarefnum, bloggaði svo lítið bar á og kenndi í Háskóla Íslands. En Indriði var ekki laus allra mála eins og hann hélt, því skjótt skipast veður í lofti.

Eins og hendi var veifað hrundi íslenska efnahagsundrið á síðustu haustmánuðum með þeim afleiðingum

að ríkissjóður lenti í meiri hremmingum en dæmi voru um. Miklar breytingar urðu á samfélaginu og ný ríkisstjórn tók við sem gerði samhliða ýmsar breytingar í stjórnkerfinu. Óvænt var Indriði H. Þorláksson settur ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.

Fljótlega eftir að Indriði tók við stöðu ráðuneytisstjóra hélt hann athyglisverðan fyrirlestur um horfur í ríkisfjármálum á fundi fjármálaráðuneytisins með forstöðumönnum ríkisstofnana hinn 18. febrúar sl. Þar sló hann á létta strengi og kynnti sjálfan sig sem lifandi afturgöngu um leið og hann gerði grein fyrir þeirri sýn sem við blasti. Þar bar hæst fjárþörf ríkisins til næstu ára.

Allir vita að Indriði hefur alla sína ævi verið áhugaður um hagkvæman rekstur hins opinbera og að allir greiddu sem hæsta skatta. Við þær aðstæður sem nú eru uppi er því líklegt að starfskraftar Indriða muni nýtast vel.

Tíund og samstarfsmenn Indriða hjá skattfyrvöldum óska honum velfarnaðar í störfum, hafa enda af honum gömul og góð kynni en nú þegar hefur hann lagt skattfyrvöldum lið með því að undirbúa miklar breytingar til að auka skilvirkni skattframkvæmdar.

SEP



# Með fingurinn á púlsinum

*Góð gildi – hófsemi og varfærni ryðji brott græðgi*

*Árið 2008 hefur verið mjög viðburðaríkt fyrir Sunnlendinga, ár hamfara. Fyrri hluta ársins af náttúrunnar hendi, Suðurlandsskjálftinn 29. maí sl., en síðari hluta ársins af mannavöldum, hrun bankanna og efnahagserfiðleikarnir í lok október sl. sem ekki sér fyrir endann á. Tíund leitaði til Ragnheiðar Thorlacius framkvæmdastjóra Fjölskyldumiðstöðvar í Árborg og bað hana að segja frá félagsþjónustunni og öðrum störfum sínum þar.*



*Félagsmálayfirvöld sveitarfélaga og skattuyfirvöld eiga oft samleið í ákvarðanatöku. Lækkun fasteignagjalda, félagsleg aðstoð og ýmis mál varðandi einstaka íbúa hvers sveitarfélags kalla iðulega á að gögn sem skattlagning er byggð á þurfi að vera fyrirliggjandi við þær ákvarðanir sem félagsmálayfirvöld taka. Hið sama á við þegar framteljandi óskar eftir ívilnun frá sköttum á grundvelli sérstakra aðstæðna. Þá skiptir máli hvort viðkomandi sveitarfélag hafi veitt liðsinni sitt.*

Ragnheiður Thorlacius er framkvæmdastjóri Fjölskyldumiðstöðvar hjá sveitarfélaginu Árborg og hefur sinnt því starfi frá vordögum 2005. Ragnheiður útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1985. Eftir nám hóf hún störf sem fulltrúi sýslumannsins í Borgarnesi en flutti á Selfoss árið 1993 þar sem hún starfaði m.a. sem fulltrúi sýslumannsins þar. Ragnheiður starfaði um skeið sem settur héraðsdómari, sem aðstoðarmaður dómara og var ennfremur sjálfstætt starfandi lögmaður. Hún hefur einnig sinnt ýmsum trúnaðarstörfum, átti sæti í Barnaverndarráði Íslands, kærunefnd barnaverndarmála, kærunefnd jafnréttismála, vann að sérverkefni fyrir Umboðsmann barna, sat í yfirkjörstjórn í Árborg og var stundakennari við Háskóla Íslands. Þá er ótalin áralöng þátttaka í félagsstarfi innan ungmennafélagshreyfingarinnar, hjá Ungmennafélaginu Íslendingi í Borgarfirði og Ungmennafélagi Selfoss.

Ragnheiður þykir skelegg kona, hrein-skiptin, vinnusöm og vel að sér um þau málefni sem henni hefur verið trúað fyrir. Á skrifstofu framkvæmdastjóra eru mörg viðfangsefni enda stýrir Ragnheiður fjórum málaflökkum í Árborg sem með einum eða öðrum hætti tengjast málefnum fjölskyldna, þ.e. félagsþjónustu, fræðslumálum, íþrótt-, tómsunda- og menningarmálum. Verksviðið spannar flest svið mannlífsins en einnig þarf framkvæmdastjóri að hafa með höndum fjármálastjórn málaflökkanna.

Tíund tók hús á Ragnheiði og hlýddi á frásögn hennar.

## **Sveitarfélagið Árborg**

Eftir að hafa unnið lengst af mínum starfsferli hjá ríkinu sótti ég um nýstofnaða stöðu framkvæmdastjóra í minni heimabyggð árið 2004. Sveitarfélagið Árborg var í örurum vexti á þessum árum og öflugt sveitarfélag í mótun eftir sameiningu fjögurra sveitarfélaga árið 1998, þ.e. Selfossbæjar, Eyrarbakkahepps,

Stokkseyrarhepps og Sandvíkurhepps. Íbúum fjölgaði um rúmlega 1400 milli ára 2004 og 2008 og uppbygging var gríðarlega mikil. Byggðir hafa verið tveir nýir leikskólar, nýr grunnskóli og annar er í byggingu. Þá hófst endurbygging íþróttasvæðisins á Selfossi sl. sumar. Samsetning sveitarfélagsins, ef svo má að orði komast, býður upp á fjölbreytta búsetumöguleika, í rúmlega 6500 manna þéttbýli á Selfossi, í tveimur litlum þéttbýliskjörnum niður við ströndina og í dreifðri byggð milli þéttbýliskjarnanna. Í dag búa rúmlega 7900 í Árborg. Hér er gott að vera og vel búið að fjölskyldufólki. Íþróttalíf er öflugt og mikil og almenn þátttaka barna og ungmenna í fjölmörgum íþróttageinum. Menningarlíf stendur hér í blóma og hver byggðakjarni hefur varðveitt og hlúð að sínum sérkennum á þessu

***Markmiðið er að börn og ungmenni í sveitarfélaginu Árborg búi við öryggi, umhyggju, þroskavænleg uppeldisskilyrði og lífi heilbrigðu lífi án vímuefna***

sviði. Í sveitarfélaginu er aðsetur margra ríkisstofnana sem styrkja samfélagið og skapa fjölbreytt atvinnutækifæri. Ég nefni í þessu sambandi embætti sýslumannsins í Árnæssýslu, Matvælastofnun, Héraðsdóm Suðurlands, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi og Fjölbrotaskóla Suðurlands sem er einn fjölmennasti vinnustaðurinn í Árborg. Þá eru mörg fyrirtæki starfandi í bæjarfélaginu, m.a. á sviði matvælavinnslu eins og MS og Sláturfélag Suðurlands sem reka hér öfluga starfsemi. Fjöldi annarra fyrirtækja er hér starfandi, bæði í framleiðslu- og þjónustustarfsemi. Það eru því forrættindi að hafa fengið að taka þátt í uppbyggingu sveitarfélagsins síðustu árin.

## **Félagsþjónustan**

Í störfum mínum sem lögfræðingur hef ég kynnst ýmsum málum sem snerta fjölskyldur með einum eða öðrum hætti og sérstaklega þeim hluta félagsþjónustunnar sem snýr að barnaverndarmálum. Framkvæmdastjórnastarfið er fjölbreytt og í mörg horn að líta. Sviðinu er ætlað að

veita íbúum sveitarfélagsins þjónustu með heildstæðum og markvissum hætti og frá upphafi hefur verið lögð áhersla á teymisvinnu þvert á málaflökkana fjóra. Nánustu samstarfsmenn mínir innan félagsþjónustunnar eru tveir lykilstjórnendur sem eru verkefnisstjórar. Annar þeirra, Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi, hefur með höndum daglega stjórnun barnaverndar og fjárhagsaðstoðar en undir Guðlaugu Jónu Hilmarsdóttur, félagsráðgjafa, falla málefni aldraðra og fatlaðra og húsnæðismál. Þá sinna þær og sérfræðingar á sviðinu félagslegri ráðgjöf.

Félagsþjónustan nýtur og hefur notið skilnings bæjaryfirvalda í Árborg og kemur það m.a. fram í fjárveitingum til sviðsins. Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2009 er m.a. lögð áhersla á að leitað verði allra leiða til að ekki þurfi að koma til hækkunar þjónustugjalda sem kæmi hvað harðast niður á barnafjölskyldum og láglanufólki. Í samræmi við það voru gjaldskrár sveitarfélagsins, t.d. fyrir skólamat og leikskóladvöl, ekki hækkaðar um síðustu áramót. Eina undantekningin var sorphirðugjald. Álagningarhlutfall fasteignagjalda var ekki hækkað enda hækkaði fasteignamat eigna í sveitarfélaginu að meðaltali um 5% um áramótin. Þá var samþykkt í bæjarstjórn í janúar sl. að börn og ungmenni að 18 ára aldri fái frítt í sund í Árborg.

Þegar ég kom til starfa vorið 2004 fórum við strax í að setja og endurskoða reglur á sviði félagsþjónustu og höfum á undanförunum árum sett eða endurskoðað reglur um þau fjölmörgu þjónustuúrræði sem íbúum standa til boða á sviði félagsþjónustu. Félagsmálanefnd, sem einnig fer með barnaverndarmál, hefur veitt starfsmönnum umboð til ákvarðanatöku í mörgum málaflökkum en að sjálf-sögðu eiga borgarar alltaf rétt á að bera ákvarðanir starfsmanna undir nefndina til endurskoðunar. Mikilvægt er að setja reglur um þá þjónustu sem er í boði hjá félagsþjónustunni sem og um þjónustumagn. Reglurnar, ásamt skráðum verkefnum, auðvelda sérfræðingum á sviðinu störf, tryggja vönduð vinnubrögð og einnig að íbúar njóti jafnræðis þegar kemur að ákvarðanatöku um þjónustu og þjónustumagn.

Skyldur sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu eru skilgreindar í lögum. Rammalöggjöf, eins og lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, er



Stjórnendur og sérfræðingar hjá Fjölskyldumiðstöð Árborgar, félagsþjónustu. Efri röð frá vinstri Sólrún Ósk Lárusdóttir, sálfræðingur, Kolbrún Svavarsdóttir, rekstrarfulltrúi, Guðrún Gunnarsdóttir, forstöðumaður dagdvalar aldraðra og Vaka Kristjánsdóttir, yfirmaður félagslegrar heimaþjónustu. Neðri röð frá vinstri Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnisstjóri, Ragnheiður Thorlacius, framkvæmdastjóri og Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnisstjóri. Á myndina vantar Katrínu Þorsteinsdóttur, félagsráðgjafa

fyrst og fremst stefnumótandi fyrir sveitarfélögin sem hafa mikið valfrlsi og rúman ákvörðunarrétt um það hvernig markmiðum verður náð. Áherslan verður að vera á fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa, velferð, samhjálp, ábyrgð einstaklingsins á sjálfum sér og öðrum, sjálfshjálp og sjálfsákvörðunarrétt. Það er því mjög mikilvægt að í boði sé öflug félagsleg ráðgjöf samhliða úrræðum og aðstoð sem miðar að því að einstaklingar verði sjálfbjarga og færir um að lifa sem eðlilegustu lífi. Við leggjum mikla áherslu á félagslega ráðgjöf í allri okkar vinnu.

Frá árinu 2005 höfum við unnið markvisst að forvarnarmálum en þau heyrja undir félagsmálanefnd samkvæmt barnaverndarlögum. Sérstakur starfsmaður sinnir m.a. forvarnarmálum og í sumari var samþykkt endurskoðuð forvarnarstefna fyrir Árborg. Stefnan tekur til aldursins frá fæðingu til 16 ára. Markmiðið er að börn og ungmenni í sveitarfélaginu Árborg búi við öryggi, umhyggju, þroskavænleg uppeldisskilyrði og lífi heilbrigðu lífi án vímuefna. Í forvarnarstefnunni og meðfylgjandi aðgerðaáætlun er lögð rík áhersla á að foreldrar gegna lykilhlutverki og bera frumábyrgð á högum, líðan og velferð barna sinna. Í samræmi við hlutverk sveitarfélaga í uppeldismálum samkvæmt félagsþjónustu-, barnaverndar-, leikskóla- og grunnskólaalögum, er t.d. komið á framfæri í stefnunni mikilvægum skilaboðum og ráðgjöf til foreldra og

lögð er áhersla á samvinnu þeirra fjölmörgu sem koma að forvarnarmálum í sveitarfélaginu. Aðgerðahópur í forvarnarmálum, sem skipaður er sérfræðingum Fjölskyldumiðstöðvar, lögreglu, heilsugæslu, Fjölbautaskóla Suðurlands og Skólaskrifstofu Suðurlands, hittist mánaðarlega, ber saman bækur sínar og stillir saman strengi. Hópurinn hefur m.a. ályktað um áfengisauklýsingar í staðarblöðunum.

### Jarðskjálftinn

Suðurlandsskjálftinn hafði gríðarleg áhrif hér í Árborg. Mikil röskun varð á lífi fjölmargra fjölskyldna og eignatjón gríðarlegt. Þegar ég lít til baka þá stendur þrennt upp úr að mínu mati. Í fyrsta lagi fumlaus og örugg viðbrögð þeirra sem stóðu öryggisvaktina í samfélaginu

okkar þegar ósköpin dundu yfir, þ.e. almannavarnarnefndar, bæjarstjórnar okkar, lögreglu, björgunarsveita og allra þeirra fjölmörgu sem komu að málum fyrstu dagana eftir skjálftann. Í öðru lagi sú ró og yfirvegum sem einkenndi íbúa í Árborg og í þriðja lagi sú mikla samkennd sem varð í samfélaginu og gerði það að verkum að greiðlega gekk að veita þeim sem verst fóru út úr skjálftanum aðstoð og stuðning. Ég nefni sem dæmi að á öðrum degi eftir skjálftann var komið á fót þjónustumiðstöð þar sem hægt var að fá fyrsta stigs áfallahjálp, vatn, aðstoð björgunarsveita og koma á framfæri upplýsingum um tjón á húsum.

Á þriðja degi eftir jarðskjálfta var komið á fót áfallahjálparteymi í Árborg með dyggri aðstoð Samráðshóps SST sem í eiga sæti fulltrúar Landlæknisembættisins, almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra, Þjóðkirkjunnar, Rauða kross Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúss. Heimamenn skipuðu teymið og þar unnu saman starfsmenn félagsþjónustu Árborgar, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi, prestar í Árnessýslu og Rauði krossinn. Allir voru boðnir og búnir til að hjálpa. Sérfræðingar mættu á borgara- og starfsmannafundi með fræðslu um



Ölfusárbrú.

Mynd: Magnús Hlynur Hreiðarsson





„Fjölskyldupúlsinn“ á fundi – Lykilstjórnendur Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar. Frá vinstri Sigurður Bjarnason, verkefnisstjóri fræðslumála, Andrés Sigurvinsson, verkefnisstjóri íþróttá- forvarna- og menningarmála, Ragnheiður Thorlacius, framkvæmdastjóri, Guðlaug Jóna Hilmarisdóttir, verkefnisstjóri félagslegra úrræða og Anný Ingimarsdóttir, verkefnisstjóri félagslegrar ráðgjafar

jarðskjálfta, áfallastreitu, tryggingamál o.s.frv. Íbúðareigendur buðu fram hús til leigu fyrir þá sem misst höfðu heimili sín og svo mætti lengi telja.

Við settum einnig á fót sérstakt húsnæðisteymi sem hafði það hlutverk að útvega þeim húsnæði sem misstu húsin sín í skjálftanum eða þurftu að flytja úr þeim vegna viðgerða. Í dag hefur tuttugu og ein fjölskylda búið í lengri eða skemmri tíma í leiguhúsnæði sem sveitarfélagið hefur haft milligöngu um að útvega.

## Efnahagskreppan

Áhrif kreppunnar eru þau sömu á fjárhag sveitarfélagsins og fyrirtækja almennt í landinu. Háir vextir, lánamarkaðir nánast lokaðir, hækkanir á verði vöru og þjónustu og fyrirsjáanleg tekjulækkun. Atvinnuleysi í Árborg er einnig áhyggju-efni. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumiðlun Suðurlands voru 458 atvinnulausir í Árborg um miðjan febrúar. Hlutfall ungmenna á atvinnuleysisskrá er nokkuð hátt og kallar á viðbrögð. Við bindum vonir við að ungmennahús Árborgar, „Pakkhúsið“, sem opnað var í desember sl. verði vettvangur þessa hóps og í vinnslu er verkefni sem tengist ungu fólki í samvinnu við Vinnumiðlun Suðurlands.

Hafa verður í huga að ekki nutu allir góðæris undanfarinna ára. Við urðum greinilega vör við þá misskiptingu sem var í samfélaginu og því miður jókst ójöfnuðurinn í uppsveiflunni og skilin milli ríkra og fátækra urðu meiri og sýnilegri. Við í Fjölskyldumiðstöð

höfum haft fingurinn á púlsinum frá fyrsta degi efnahagserfiðleikanna enda í góðri æfingu eftir jarðskjálftann. Innan Fjölskyldumiðstöðvar starfar „fjölskyldupúlsinn“ sem fundar mánadærliga. Þar bera sérfræðingar á sviði félagsþjónustu, fræðslumála, íþróttá-, tómsunda- og menningarmála saman bækur sínar. Hjá yfirstjórn sveitarfélagsins starfar „fjármálupúlsinn“ og „framkvæmdapúlsinn“ á sviði skipulags-, byggingar-, og framkvæmdamála. Framkvæmdastjórn sveitarfélagsins hefur því góða yfirsýn yfir stöðu mála og getur brugðist við. Úti í stofnunum, leik- og grunnskólum, skólavist, félagsmiðstöð, íþróttahúsum o.s.frv., eru starfsmenn vakandi yfir einkennum áhrifa kreppunnar á líðan barna og ungmenna. Sem dæmi má nefna þá fylgjumst við með nýtingu leikskólaplássu, hvort fækkar í mat í skólunum, hvort tilkynningar til barnaverndarnefnda og sérfræðiþjónustu skóla megi rekja til kreppunnar að mati sérfræðinga o.s.frv. Við höfum aðeins merkt óverulegar breytingar á þessum þáttum og þátttaka barna og ungmenna í íþróttá- og tómsundastarfi hefur ekki minnkað. Hins vegar hefur í auknu mæli verið leitað til okkar eftir ráðgjöf vegna fjárhagserfiðleika og þeim fjölskyldum fjölgar sem standa illa að vígi fjárhagslega vegna atvinnuleysis, hækkandi skulda- byrði og hækkandi verðlags almennt. Eins og víða í sveitarfélögum þar sem atvinnuleysi er hefur fjárhagsaðstoð aukist talsvert síðustu mánuðina og út-

lendingum sem sækja um aðstoð fjölgað.

Til að mæta þessu ástandi bjóðum við upp á stuðningsviðtöl með svipuðum hætti og gert var í jarðskjálftanum í vor í samvinnu við áfallateymið sem þá var stofnað auk sérfræðinga frá Skólaskrifstofu Suðurlands og sérfræðiþjónustu skóla. Nú er í undirbúningi opnun þjónustu- og nýsköpunarmiðstöðvar fyrir atvinnulausa í Árborg. Þar verður boðið upp á viðtöl, m.a. við félagsráðgjafa frá félagsþjónustu sveitarfélagsins og starfsmenn vinnumiðlunar verða til viðtals og ráðgjafar. Einnig verður leitað til verkalyðsfélaga og fyrirtækja í sveitarfélaginu. Þjónustumiðstöðin, sem verður til húsa í gömlum leikskóla við Austurveg 42 á Selfossi, er samstarfsverkefni sveitarfélagsins, m.a. félagsþjónustu og atvinnuá- nefndar Árborgar, Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands, Vinnumiðlunar Suðurlands, RKÍ o.fl. undir stjórn bæjarstjóra Árborgar, Ragnheiðar Hergeirsdóttur.

## Gömul og góð gildi

Ég trúir því að á þeim tímamótum sem núna eru í íslensku samfélagi verði hugarfarsbreyting og að gömul og góð gildi eins og hófsemi, samhjálp og varfærni í fjármálum ryðji brott græðgi, eiginhagsmunasemi og áhættusækni. Öðruvísi tel ég að okkur takist ekki að komast í gegnum þá erfiðleika sem framundan eru. Við þurfum einnig öll að vera tilbúin að leggja góðum málum lið í nærsamfélagi okkar og skapa þannig verðmæti eða auð sem ekki er síður mikilvægur en hinn efnislegi auður.





Rýnt í lögbirtingablaðið í Lúxemborg

# Íslenskt félaganet og faldir eigendur

Liður í hinu nýja íslenska athafnalífi er flókið eignarhald sem teygir sig víða um lönd. Bankarnir Þrír, Glitnir, Kaupping og Landsbankinn nýttu sér Lúxemborg til að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki. Sigrún Davíðsdóttir hefur rýnt í lögbirtingablaðið í Lúxemborg og gefur hér innsýn inn í það víðfeðma félaganet sem greina má þar.



Sigrún  
Davíðsdóttir

**Þegar Ekstrablaðið danska birti greinaflokk um umsvif íslenskra fyrirtækja voru þau greinaskrif meðal annars studd ljósrítum frá Lúxemborg. Þegar umræða um ýmis viðskipti íslensku bankanna fór á kreik eftir fall þeirra í haust komu þessi ljósrít aftur upp á yfirborðið. Við nánari athugun má sjá að þau eru komin úr nokkurs konar lögbirtingablaði í Lúxemborg, blaði sem birtir þá gjörninga fyrirtækja í Lúxemborg sem þeim er skylt að skrá hjá yfirvöldum.**

Í lögbirtingablað, „Amtsblatt“ á þýsku, „Memorial“ á frönsku, er skráð stofnun félaga. Upplýsingarnar sem þarf að skrá eru heimilisfang, stofnfélagar eða fulltrúar þeirra – nafn raunverulegra eigenda kemur ekki endilega fram – endurskoðandi og hlutafé. Ef breytingar verða á þessum atriðum er það birt. Flest fyrirtækin eru stofnuð með lögboðnu lágmarks stofnfé sem eru 12.500 eða 31.000 evrur eftir því hvers konar félög er verið að stofna. Þetta fé segir þó ekki nema takmarkaða sögu um fé í félögunum og eins verða iðulega breytingar á hlutafénu.

Með því að rýna í blaðið má fá ýmsar upplýsingar um umsvif íslensku bankanna í Lúxemborg og umsvif íslenskra félaga þar. Þessi umsvif skiptast í grófum dráttum í tvennt. Annars vegar er skráður þarna fjöldi félaga sem tengjast íslenskum einstaklingum með einhvern rekstur á Íslandi. Hins vegar birtist í þessum færslum flókið eignarhaldsnet í kringum umsvif ýmissa þeirra sem hafa sett svip sinn á íslenskt viðskiptalíf undanfarin ár.

Í viðtali við Spegilinn í Ríkisútvarpinu í byrjun janúar sagði Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri að flókið eignarhald ein-kennið þetta nýja viðskiptalíf á Íslandi sem hefur sprottið upp undanfarin ár í samvinnu við bankana. Lögbirtingablaðið í Lúxemborg hefur að geyma vitnisburð og vísbendingar um þetta flókna net þó það segi ekki alla söguna.

## **Peningaveitan Tortóla-Lúxemborg**

Í sjónvarpsviðtali sl. haust var Jón Ásgeir Jóhannesson spurður hvort hann kannaðist við eyjuna Tortólu. Jón Ásgeir kvaðst ekki vita neitt um þessa eyju. Hann virðist þá hafa gleymt hvernig fyrirtækið Baugur Holding S.A. var stofnað árið 2000. Rétt eins og var um fleiri fyrirtæki tengd Baugi og mörg önnur félög stofnuð í Lúxemborg voru stofnendur þess tvö Tortólufélög, Waverton Group Limited og Starbrook International Limited. Þau eru bæði skráð á sama póstkassann á eyjunni sem tilheyrir Bresku Jómfrúreyjunum. Þessir tveir

„stofnendur“ reiddu fram 2,5 milljónir króna í stofnfé. Þegar síðast fréttist voru íslenskar krónur aðeins gjaldmiðill á Íslandi en hvorki á Tortólu né í Lúxemborg.

Baugur Holding var skráð á heimilisfang gamla Kaupþings í Lúxemborg. Fulltrúi beggja félaganna var Eggert J. Hilmarsson starfsmaður bankans. Eggert hefur komið við sögu tuga félaga sem stofnuð voru á vegum gamla Kaupþings undanfarin ár. Íðulega koma engin önnur nöfn við sögu félaga en nöfn starfsmanna banka, lögfræði- eða endurskoðunarfyrtækja sem taka að sér að stofna félög. Samt gildir í Lúxemborg Evrópska reglan um að þeir sem sjá um að stofna félög, það er bankar og aðrir, verði að vita nöfn þeirra sem njóta ágóðans af félögunum. Því er ljóst að íslensku bankarnir sem stofnuðu félögin fyrir Íslendinga vita vel hverjir eigendurnir eru. Þó félögin séu svokölluð Sociétés Anonymes, S.A., þá eru til upplýsingar í bönkunum um hver eigi þessi félög í raun.

Aflögbirtingablaðinu í Lúxemborg má ráða að gamla Kaupþing hafi gengið mjög markvisst til verks við félagastofnunina. Tugir félaga tengd Íslendingum eru skráð þannig að starfsmaður bankans er fulltrúi 1-3 Tortólufyrtækja sem síðan stofna félag og leggja inn hlutafé. Endurskoðandi er síðan enn annað Tortólufyrtæki. Þó fleiri Tortólufyrtækmi komi við sögu eru átta Tortólufyrtækmi fastasti liðurinn í félagastofnunum gamla Kaupþings:

*Quenon Investments Limited  
Shapburg Limited  
Waverton Group Limited  
Birefield Holdings Limited  
Starbrook International Limited  
Liftwood Investments Limited*

Endurskoðunarfyrtækmi eru:

*Themis Audit Limited  
Rothley Company Limited*

Öll eru þessi fyrirtæki skráð á sama pósthólfið á Tortólu. Þau voru fyrst skráð í Lúxemborg á árunum upp úr 1994. Það hefur komið í ljós í blaðaumfjöllun að Kaupþing átti nokkur þessara fyrirtækja og er sennilegast að þau hafi öll verið í eigu bankans. Hvort bankinn stofnaði þau – þau eru ekki stofnuð á sama tíma – eða tók þau síðar yfir er óljóst. Alls koma hátt í tuttugu fyrirtæki á þessu sama heimilisfangi fyrir í lögbirtingablaðinu. Sum tengj-

ast íslenskum fyrirtækjum og eru notuð af gamla Kaupþingi og öðrum.

Það vekur athygli að það skuli uppfylla reglur í Lúxemborg að endurskoðunarfyrtækmi séu einhver pósthólfsfyrtækmi í fjarlægju landi.

### Baugnetið í Lúxemborg

Þó Tortólufyrtækmi komi víða við sögu í íslenskum Lúx-félögum og feli þannig þá sem áttu hagsmuna að gæta í þeim koma önnur nöfn þó einnig fram. Þannig má sjá ýmsar hreyfingar í kringum félögin og það gildir þá einnig um Baugsfyrtækmi. Í ársbyrjun 2001 víkja Tortólufyrtækmi til dæmis sem stjórnendur í Baugi Holding. Þeirra í stað koma þeir Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Hreinn Loftsson.

Íslensk eignarhaldsfélög koma einnig stundum fram sem stofnendur Lúx-félaga. BG Real Estate Europe S.A. var



stofn-  
að 2007 af  
Dial Square Holding  
ehf, skráðu á Túngötu 6, þar sem skrifstofa Baugs Group er til húsa. Skömmu síðar sameinast BG Real Estate Europe öðru félagi, Immo Croissance, sem er hluti af stórum fyrirtækjaklasa, líklega einkum í fasteignafjárfestingum. Þetta félag á til dæmis Sireo Immobilienfonds No. 4 Red Luxembourg Villa Churchill. Eiríkur S. Jóhannesson, skráður til heimilis að Túngötu 6, settist þar í stjórn í apríl í fyrra, sama dag og Immo Croissance tekur Sireo yfir.

Í september verða enn breytingar á stjórn Immo: tveir útlendingar hverfa úr stjórninni og í staðinn koma Eggert J. Hilmarsson og Skúli Þorvaldsson, skráður í Lúxemborg. Þetta er dæmi um hvernig eignarhlutar færast milli félaga og þá væntanlega milli eigenda þeirra þó viðskiptin og peningarnir þarna að baki komi ekki fram.

Annað dæmi um Lúx-félög Baugs er A-Holding. A-Holding ehf. á Túngötunni stofnaði nafna sinn, A-Holding S.A., í ársbyrjun 2001 í Lúxemborg. Fram hefur komið að félagið var stofnað utan um fyrirhuguð kaup Baugs í enska verslunarfélaginu Arcadia. Í apríl 2001 er

hlutabréfum félagsins skipt í flokka sem Kaupþing, Íslandsbanki-FBA, Lúx-Félagið Gaumur Holding S.A. og Baugur hf. eru skráð fyrir. Auk þess er stofnféð, 560 þúsund pund, aukið í tæp 850 þúsund pund. Sú viðbót er greidd af Gildinguhf, Kaupþingi og Íslandsbanka-FBA.

Öðru hverju er svo skipt um stjórn í félaginu. Næstu árin voru þar í stjórn, auk útlendinga, þeir Gunnar S. Sigurðsson, Jóhannes Jónsson, Jón Ásgeir Jóhannesson, Jón Scheving Thorsteinsson, Skarphéðinn B. Steinarsson og Tryggvi Jónsson. Þegar félagið var leyst upp í desember 2007 voru A-Holding ehf. og Baugur Group orðnir eigendur og til þeirra rann hlutaféð, tæp 850 þúsund pund.

### Baug-Orchides – Baugur-Tom Hunter

Eitt af því sem Lúxemborgarblaðið afhjúpar íðulega er samvinna félaga og þá um leið manna. Baugur er íðulega í samvinnu við aðra, til dæmis Pálma Haraldsson og tvö Lúx-félög hans, Orchides S.A. og Talden Holding S.A. Þessi fyrirtækmi voru stofnuð í árslok 2003. Sama dag voru

líka stofnuð fjögur önnur fyrirtækmi sem tengjast umsvifum Orchides og Talden: Astana, Birnie, Sumba og Maroti – og þessi félög, auk tveggja annarra sem áður voru stofnuð, stofna svo hvert annað:

Orchides – stofnendur: Bonata Holding og Tiagala  
Talden – stofnendur: Astana og Orchides  
Astana – stofnendur: Bonata og Tiagala  
Birnie – stofnendur: Maroti og Talden  
Sumba – stofnendur: Maroti og Talden  
Maroti – stofnendur: Astana og Orchides

Af hræringum í kringum þessi félög má nefna að árið 2005 kemur Fengur ehf. til sögunnar, félagið sem lét vera að skila ársreikningum í fjögur ár og er í eigu Pálma Haraldssonar. Fengur jók hlutafé Talden í tvær milljónir evra og bætti gott betur við svo samtals urðu 11 milljónir evra í félaginu. Bæði Lúx-félögin, Orchides og Talden, voru leyst upp sama dag í nóvember sl. Þá var Baugur Group orðinn eigandi Orchides. Ekki kemur fram hver var eigandi Talden en hlutaféð var þá tæp hálf milljón punda.

Vitað er að Baugur hefur verið í fjárfestingum með skoska auðkýfingnum Tom Hunter. Fjárfestingarfélagið West Coast Capital er félagið sem heldur utan um stóran hluta umsvifa Hunters. Í ágúst



2006 kaupir BG Equity 1, skráð á Túngötu 6, hlut í WCC Europe sem er í eigu Hunter-félags. Í árslok 2007 stofnar BG Equity 1 annað félag með West Coast Capital. Bæði þessi félög virðast vera í fasteignumsvifum.

## Meiður – Gaumur

Tvö áður nefndra Tortólufyrirtækja, Quenon og Shapburg, komu á sínum tíma fram í umræðunni í Ekstrablaðinu og margir hafa æ síðan velt vöngum yfir þeim.

Í maí 1998 stofnar Francis Kass lögfræðingur, fulltrúi Quenon og Shapburg, tvö fyrirtæki, Compagnie Financiere Scandinave Holding S.A. og Compagnie Financiere Pour L'Atlantique du Nord Holding S.A. Í stjórn þess fyrrnefnda voru Graysdene Services Limited, skráð á sama Tortólu-pósthólfið og hin félögin, Waverton og Birefield. Í stjórn þess síðarnefnda voru Starbrook, Waverton og Birefield.

Þessi tvö fransk-nefndu félög breyttu síðan um nöfn. Fyrra nafninu var breytt í Scandinavian Holding S.A. í desember 1998, það skráð hjá Kaupþingi í Lúxemborg og hlutafénu breytt í íslenskar krónur. Kaupþing greiddi 193 milljónir króna í hlutafjárukningu svo hlutaféð varð alls 200 milljónir króna. Þá taka þeir Guðmundur Hauksson, Sigurður Einarsson, Þór Gunnarsson, Sigurður Hafstein og Hallgrímur Jónsson sæti í stjórninni. Endurskoðandi er þá Tortólufyrirtækið Rothley Limited, sem oft kemur við sögu Kaupþingsfélaga í Lúxemborg.

Í september 2003 koma nýir menn til sögunnar í stjórn félagsins, bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir og Hreiðar Már Sigurðsson. Í maí 2004 er nafni félagsins breytt í Meiður Holding S.A. Þegar félagið er leyst upp í árslok 2005 er félagið komið í eigu Exista B.V., sem er skráð í Hollandi. Allt hlutafé Lúx-félagsins, 400 milljónir króna, rennur þá til hollenska Exista.

Compagnie Financiere Pour L'Atlantique du Nord Holding S.A. var einnig skráð á Kaupþing í Lúxemborg í desember 1998 og hlutaféð aukið í 9.970.900 Ecu (evrópska mynteiningin, notuð fyrir stofnun evrunnar). Í mars 2000 er nafni félagsins breytt í Gaumur Holding S.A. Í árslok 2005 er hlutaféð þar orðið tæpar tíu milljónir evra.

Í ljósi þess að Meiður og Gaumur hafa orðið áberandi umsvifaðilar er athyglisvert að þessi félög voru stofnuð sama dag og eru síðan hýst af Kaupþingi. Hugsanleg rússnesk tengsl íslenskra fyrirtækja hafa gjarnan verið hengd á fyrirtækin

tvö. Quenon og Shapburg tengjast fyrirtækjum rússneska auðmannsins Mikhail Friedmans sem á að baki mikla og ævintýralega sögu. Þar sem þessi tvö Tortólufyrirtæki hafa komið við sögu svo margra fyrirtækja, ekki öll tengd Íslandi, er erfitt að álykta af þessu atriði einu saman að þarna séu einhver rússnesk tengsl að baki. Það þyrfti þá fleira að koma til.

## Novator: Kýpur – Cayman – Delaware – Gíbraltar – Guernsey Tortóla – Lúxemborg

Björgólfur Thor Björgólfsson hefur verið talinn auðugasti Íslendingurinn og hefur mörg lönd undir í fjárfestingum sínum. Að baki félaga sem hann á eða á í og eru í rekstri liggur víðtækt og ekki sérlega sýnilegt net eignarhaldsfyrirtækja sem spannar mörg lönd. Björgólfur Thor hefur gert líkt og langafinn, Thor Jensen, og leitað eftir fjárfestingatækifærum erlendis. Út frá félögum hans í Lúxemborg má sjá að hann tengist félögum á Cayman-eyjum, í Delaware, á Gíbraltar, Guernsey, Tort-

## *Nafn Björgólfs Thors kemur, að því er virðist, hvergi fyrir í skráðum gjörningum í lögbirtingablaðinu í Lúxemborg*

ólu, Tyrklandi, Íslandi og Tékklandi að ógleymdri Kýpur.

Þarna koma því fyrir margir þeirra staða sem eru þekktir fyrir að vera skjól umsvifa sem á að halda utan sjónmáls skattfyrivalda og annarra eftirlitsstofnana.

Þótt Björgólfur Thor hafi átt Landsbankahlutinn með Björgólfi Guðmundssyni föður sínum er sonurinn oftast einn um fjárfestingar sínar erlendis. Hann hefur áfram haldið sig við lönd á fyrrum sovésku áhrifasvæði eins og Pólland og Búlgaríu. Í síðarnefnda landinu hefur hann verið einhver öflugasti erlendi fjárfestirinn. Árið 2005 var hann útnefndur „fjárfestir ársins“ þar. Um það leyti fjárfesti Novator, fjárfestingasjóður hans með skrifstofur í London, bæði í fyrrum búlgarska ríkissímafélaginu og keypti hlut í banka.

Umsvif Björgólfs Thors í Búlgaríu hafa verið umdeild. Í ársbyrjun 2006 fjallaði þýska blaðið Die Welt um Búlg-

aríu í tilefni ESB-aðildar landsins. Mikil spilling í stjórnkerfinu hefur fælt erlenda fjárfesta frá og vekur áhyggjur í Brussel. Í Lúxemborg eru skráð a.m.k. níu mismunandi Novator-félög: Novator Pharma, Novator Pharma I, Novator Finco, Novator Finance Bulgaria, Novator Medical Sweden, Novator Telecom Poland, Novator Telecom Bulgaria, Novator Credit Luxembourg og Novator Telecom Finland. Þess utan eru svo önnur tíu félög sem virðast tengjast félögum í hans eigu – og þau gætu vel verið fleiri.

Eitt Lúx-félaganna er Samson Global Holding, ekki sama fyrirtækið og Samson á Íslandi. Nafn Björgólfs Thors kemur, að því er virðist, hvergi fyrir í skráðum gjörningum í lögbirtingablaðinu í Lúxemborg. Eina félagið sem bendir beint til hans eigin nafns er Tortólu-félag sem heitir Beetebee, upphafsstafir hans stafaðir á ensku. Það félag lagði stofnfé í Lúx-félag sem tengist Björgólfi Thor.

Stjórnarmenn í félögum tengdum Björgólfi Thor eru iðulega menn sem tengjast starfsemi hans annars staðar, til dæmis félögunum á Íslandi. Salt ehf. í eigu Róberts Wessman hefur stofnað tvö félög í Lúxemborg, Salt Generics og Salt Pharma, sem tengjast Lúx-félögum Björgólfs Thors. Eins og kunnugt er var Róbert framkvæmdastjóri Actavis, lyfjafyrirtækisins í eigu Björgólfs Thors. Fyrirtækjanet Björgólfs Thors nær þó til miklu fleiri staða en þeirra sem tengjast beint félögunum í Lúxemborg.

## Enginn endir á flækjunum

Það verður fróðlegt að fylgjast með framvindu þeirra Lúx-félaga sem íslensku bankarnir þrír sáu um að stofna og reka fyrir íslenska viðskiptavinum sína. Þar sem félögin eru þegar til sem lögaðilar í Lúxemborg má búast við að það verði einhverjir til að taka þau félög að sér sem urðu „munaðarlaus“ við gjaldþrot bankanna.

Það má vel búast við að einhverjir starfsmenn bankanna, jafnt íslenskir sem erlendir, sem störfuðu við þessa eignasýslu, setji sjálfir upp fyrirtæki til að sjá um þessa starfsemi. Einnig eru dæmi um Íslendinga sem vinna hjá öðrum eignasýslufyrirtækjum og gætu náð einhverjum þessara viðskipta undir sig. Og svo er auðvitað enginn hörgull á erlendum fyrirtækjum þarna sem sinna þessu. Það er því ólíklegt að þeir sem hafa komist upp á lagið með að hafa hluta umsvifa sinna í Lúxemborg missi á því áhugann þó íslensku bankarnir hafi horfið þar af sjónarsviðinu.





# Nú er spurt

Ýmsar spurningar um þær sérstöku aðstæður sem nú eru á Íslandi og tengjast skattframtalinu

## GJALDÞROT LAUNAGREIÐANDA

**Fyrirtækið sem ég vann hjá varð gjaldþrota á árinu 2008 og ég fékk ekki greidd öll laun sem ég átti inni. Hvernig geri ég grein fyrir þessu á skattframtali?**

Svar: Launin sem þú hefur ekki fengið greidd vegna gjaldþrots launagreiðanda skal ekki færa til tekna en þú skalt gera grein fyrir þeim í athugasemdum á skattframtali, lið 1.4. Rétt er að taka fram að greiðslur frá Ábyrgðasjóði launa skal síðan telja til tekna á greiðsluári.

## BROTTLUTNINGUR - VAXTABÆTUR LEIGUGREIÐSLUR - BARNABÆTUR

**Ég missti vinnuna en gat fengið vinnu úti á landi og flutti því þangað á síðasta ári. Leigði íbúðina mína út og tók aðra á leigu á nýja staðnum. Get ég fengið einhvern frádrátt frá leigutekjum?**

Svar: Í svona tilvikum, þegar um tímabundna útleigu er að ræða, má færa leigugreiðslurnar til frádráttar á móti leigutekjum. Ef um jákvæðan mismun er að ræða færast hann í reit 521, á bls. 3 á skattframtali.

**Ég keypti íbúð árið 2008 án þess að vera búinn að selja gömlu íbúðina mína. Ekki hefur gengið að selja, hvorki nýju íbúðina né þá gömlu, og þess vegna hef ég borið vaxtagjöld vegna lána af þeim báðum. Get ég fengið vaxtabætur miðað við öll þessi vaxtagjöld?**

Svar: Já, vegna þessara sérstöku aðstæðna máttu færa vaxtagjöld vegna beggja íbúðanna í allt að þrjú ár.

**Við hjónin erum á leiðinni til útlanda í nám og komum til með að sækja um að halda skattalegu heimili á Íslandi á meðan á því stendur. Við ætlum að leigja út íbúðina okkar og erum því að velta fyrir okkur hvort við höldum ekki rétti okkar til vaxtabóta.**

Svar: Þið haldið rétti til vaxtabóta á meðan þið dveljið erlendis vegna náms og uppfyllið skilyrði um skattalegt heimili. Rétt er að benda á að ef þið leigið íbúð til eigin nota erlendis þá má færa þær leigugreiðslur til frádráttar á móti fengnum leigutekjum af íbúðinni hér heima.

**Hvernig er með barnabæturnar í þessu tilviki?**

Svar: Til að fá barnabætur hér á landi þurfið þið að gera grein fyrir fengnum barnabótum erlendis á skattframtali og ef þær reiknast hærrí hér á landi greiðist mismunurinn.

## HLUTABRÉF - TAP - EIGNFÆRSLA

**Ég seldi hlutabréf snemma árs 2008 með hagnaði en átti einnig bréf í einum bankanum sem yfirtekinn var af ríkinu og nú eru einskis virði. Má ég færa tap á þeim hlutabréfum á móti hagnaðinum?**

Svar: Þessu verður að svara neitandi. Á móti söluhagnaði af hlutabréfum má færa sölutap á sama ári, en ekki annars konar tap á hlutabréfum svo sem verðyrnun eða þegar félag verður gjaldþrota.

**Hvernig færi ég þessi bréf til eignar á skattframtali þar sem eyðublaðið gerir ráð fyrir að þau séu færð á nafnverði?**

Svar: Það verður sérstakur reitur á vefframtalinu þar sem færa má raunvirði hlutabréfanna eins og það var í árslok. Ef raunvirðið er lægra en nafnverðið má færa það í þann sérstaka reit. Með pappírframtalinu þarf að fylgja eyðublaðið RSK 3.19 og þar skal færa nafnverðið en færa má á skattframtal raunvirði bréfanna eins og það var í árslok, ef það er lægra.

## VERÐBRÉF - INNLAUSN - TEKJUTAP

**Hvernig á ég að færa tap á peningamarkaðssjóði á skattframtal?**

Svar: Fyrir innlausn verðbréfa skal gera grein á eyðublaðinu RSK 3.15. Færa skal vaxtatekjur í þar til gerðan reit, en ef um tap er að ræða þá færast í þann reit 0 kr. Í þeim tilvikum sem sjóðir hafa verið gerðir upp og greiddir út er þó óþarfi að fylla út eyðublaðið, nægilegt er að gera grein fyrir því í athugasemdum skattframtals á fyrstu síðu, lið 1.4. Ef um fjármagnstekjur er að ræða færast þær í lið 3.3, en tap færast ekki á skattframtal.

**Ég seldi hlutdeild í peningamarkaðssjóði um mitt ár 2008 og greiddi fjármagnstekjuskatt af ávöxtuninni. Keypti fyrir hluta peninganna hlutdeild í öðrum sjóði sem nú hefur verið lagður niður og fékk greitt minna úr þeim sjóði en ég lagði í hann. Má ég nýta það tap á móti áður fenginni ávöxtun?**

Svar: Þessu verður að svara neitandi. Gera skal upp hvern sjóð fyrir sig þannig að ekki er heimilt að jafna saman tekjum af einum sjóði á móti tapi af öðrum.

**Ég á hlutdeild í sjóði sem lokað hefur verið fyrir viðskipti með síðan í október. Ekkert skráð gengi er á sjóðnum. Hvernig færi ég þetta?**

Svar: Upplýsingar um gengi þessara sjóða kemur fram á yfirlitum frá viðkomandi fjármálastofnunum. Þú skalt færa eignina á skattframtal á því verði sem þar kemur fram.

## SKIL Á LÓÐ

**Ég keypti lóð á árinu 2007 en skilaði henni á árinu 2008 og fékk þá endurgreitt gatnagerðargjald, lóðargjald o.fl. ásamt verðbótum. Hvernig fer ég með þetta?**

Svar: Þú skalt gera grein fyrir þessum breytingum í lið 1.4, greinargerð um eignabreytingar, á fyrstu síðu skattframtals. Verðbæturnar skaltu færa til tekna í lið 3.3. Þar færir þú líka afdregna staðgreiðslu af verðbótunum.

# - Tax Gap - Skattasmugan

umfjöllun byggð á greinaröð í The Guardian

Undanfarið hafa birst greinar í The Guardian sem hópur blaðamanna hefur unnið að í þrjá mánuði undir stjórn David Leigh. Greinarnar eru skrifaðar undir heitinu „TAX GAP“ sem mætti e.t.v. útleggjast sem „Skattasmugan“ á íslensku. Þeim er ætlað að varpa ljósi á skattasniðgöngu stórra fyrirtækja í Bretlandi og er spurt hvort fyrirtækin séu með framgöngu sinni að taka eðlilegan þátt í kostun þess samfélags sem þau starfa í. Áhuga-vert er að skoða þessi skrif þar sem þau sýna fram á að sá vandi sem verið er að glíma við hérlandis vegna skattaskjóla er einnig stórt vandamál í öðrum löndum og brýnt að finna ásættanlegar lausnir á.

Skattasniðganga fyrirtækja hefur mikil áhrif innan þess samfélags sem þau starfa og skekki samkeppnisstöðu fyrirtækja sem stunda hana gagnvart þeim sem greiða skatta og skyldur í heimalandinu. Með réttu er bent á í The Guardian að fyrirtæki sem er rekið með höfuðstöðvar í öðru landi þurfi samt sem áður á skrifstofum sínum að halda, starfsfólki og að öllu leyti heilbrigðu samfélagi. Slíkt kosti fjármuni sem fyrirtækið leggi ekki af mörkum þar sem það greiði ekki skatta þar.

*„But the behaviour of these companies has a pernicious knock-on effect on others. Socially responsible companies find their “good” behaviour punished by being at a competitive disadvantage to more ruthless companies who price in their avoidance to the consumer. However borderless a company, it still needs offices and factories, staff and public infrastructure. As a legal entity, it relies on law and order to protect its property rights and to limit its liabilities. Ultimately, it needs a healthy society, which requires revenue.“*

<http://www.guardian.co.uk/commentisfree/2009/feb/02/tax-gap-series-avoidance>

Ekki er fullyrt í greinunum að um lögbrot sé að ræða, heldur er áhersla á að í raun sé lögum fylgt að forminu til, en leitað allra leiða til að fara í kringum þau til að sleppa við skattgreiðslur. Fyllilega eðlilegt sé að fyrirtæki leiti leiða til að greiða ekki hærra skatta en þeim ber, en þegar skattasniðganga sé orðin nánast að atvinnugrein sé pottur brotinn.

Grunnhugmyndin sem byggt er á við skattaundanskot er að sýna fram á frádráttarbært tap þegar peningar fara úr landi og umbreyta þeim svo á þann hátt í öðru landi að þeir verði ekki skattskyldir þegar þeir koma svo aftur inn í landið.

*„E&Y’s idea was a method of claiming a tax loss on the payment out, while not being liable for tax when the payment came back in in another currency.“*

(The Guardian, 7. febrúar 2009)

Þau sjónarmið sem sett eru fram í The Guardian eiga jafnt við skattasniðgöngu hér á landi eins og í Bretlandi. Athygli vekur jafnframt að þau endurskoðunarfyrirtæki sem hafa samkvæmt greinunum haft forgöngu um að bjóða þjónustu sína til að koma öðrum fyrirtækjum hjá skattlagningu starfa öll á alþjóðavettvangi og eru einnig ráðandi á markaði endurskoðunarfyrirtækja hér á landi. Fullyrt er að endurskoðunarfyrirtækin KPMG, PricewaterhouseCoopers, Ernst & Young og Deloitte séu lang stórtækust í þessum málum í Bretlandi og að helmingur skattskyldra tekna þeirra komi til vegna skattlagningaráætlana og uppspunninna aðferða til skattasniðgöngu. Þriðjungur 700 stærstu fyrirtækja Bretlands greiði enga skatta og því megi í það minnsta halda því fram að verið sé að fara á svig við anda lagasetningar um skatta.

*„This lucrative trade is dominated by the “big four” – KPMG, PWC, E&Y and Deloitte. The four were behind almost half of all known avoidance schemes, the Revenue (HMRC) said in 2006.“*

(The Guardian, 7. febrúar 2009)

*„A 2005 internal HMRC study concluded that 50% of the big four’s tax fees came from “commercial tax planning” and “artificial avoidance schemes”, suggesting they bring in around £1bn a year in total.“*

(The Guardian, 7. febrúar 2009)

*„Estimates vary but the best guess is that the lost tax approaches 1% of GDP. Half the schemes are devised by our big four accountancy firms – the epitome of reputability. Nearly a third of our top 700 companies pay no tax at all. At best, the spirit of the law is being obstructed.“*

(Will Hutton, The Guardian, 14. febrúar 2009)



*According to the National Audit Office, in 2006 more than 60% of Britain's 700 biggest companies paid less than £10m corporation tax, and 30% paid nothing.*  
 (<http://www.guardian.co.uk/business/2009/feb/02/tax-gap-avoidance>)

Írland virðist vera nýjasta leið breskra fyrirtækja til að komast hjá skattgreiðslum og hafa mörg bresk fyrirtæki flutt höfuðstöðvar sínar þangað af þeirri ástæðu. Þetta virðist þó vera gert nánast eingöngu að forminu til og leiddu rannsóknir blaðamanna The Guardian í ljós að meintar höfuðstöðvar stórra fyrirtækja sem höfðu verið fluttar til Írlands voru nánast mannlausear og gegndu augljóslega ekki raunverulegu hlutverki höfuðstöðva eins og krafa er gerð um. Hótanir fyrirtækja um að flytjast til Dublin eru einnig vopn sem þau beita til að reyna að fá skattbyrði sína minnkaða í Bretlandi. (The Guardian, 10. febrúar 2009)

Bretar hafa ekki frekar en Íslendingar farið varhluta af skattaparadísinni Caymaneyjum. Tíundi hluti íbúa eyjanna eru lögfræðingar og endurskoðendur og fangelsisvist bíður þeirra sem rjúfa bankaleynd eyjanna sem gerir erfitt að nálgast upplýsingar þaðan. Haft er eftir Barack Obama að Caymaneyjar væru helsti staðurinn sem bandarísk fyrirtæki nýttu sér til skattasniðgöngu og minntist hann einnig á það sem hér á landi hafa verið kölluð skúffufyrirtæki þar sem 12.000 bandarísk fyrirtæki áttu að hafa aðsetur í sömu skrifstofubyggingunni.

*„Lawyers and accountants make up a tenth of the 52,000 population of the Cayman Islands, which are English-speaking, politically stable, in the US time zone, and with zero taxes. This British Overseas Territory with palm trees and luxury hotels, measuring less than 100 square miles, is the fifth largest financial centre on the planet. Tax Justice Network campaigners estimate that tax havens collectively hold more than \$11.5 trillion. Some comes from tax avoidance. Each year the US may lose a total of about \$100bn in potential taxes, France about \$50bn, Germany \$30bn, the UK between \$20bn and \$80bn – and the developing world loses up to \$800bn in stolen capital. But in the Caymans, a prison sentence awaits anyone who discloses bank information.“*

(The Guardian, 13. febrúar 2009)

*„Obama memorably said: "There's a building in the Cayman Islands that houses supposedly 12,000 US-based corporations. That's either the biggest building in the world or the biggest tax scam in the world, and we know which one it is."“*

(<http://www.guardian.co.uk/business/2009/feb/19/gordon-brown-tax-avoidance-switzerland>)

Tekið er dæmi um lyfjaframleiðandann Boots, en vörur þeirra hafa verið notaðar á hverju bresku heimili í áralda. Nýverið var fyrirtækið selt og fór í kjölfarið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu til að draga úr skattgreiðslum. Í þeim tilgangi voru höfuðstöðvar fyrirtækisins fluttar í svissneska skattaskjólíð Zug, en vaxtagreiðslur af lánnum sem tekin voru til kaupa á fyrirtækinu eru svo miklar að enginn hagnaður er lengur af því í Bretlandi og þar af leiðandi engar skattgreiðslur. Ein af rökunum fyrir því að færa höfuðstöðvar fyrirtækja eins og Boots úr landi eru að Bretland sé ekki lengur jafn vinsamlegur staður til fyrirtækjareksturs. Má þar ætla að átt sé við skattalegt umhverfi. (The Guardian, 9. febrúar 2009)

Talsvert er fjallað um það að bankar sem ríkisvaldið kom til bjargar hafi boðið upp á þjónustu við skattasniðgöngu og spurt hvort þeir geri það enn eftir að þeir komust í ríkiseign. Slík umræða hlýtur á sama hátt að vera viðeigandi hér á landi eftir að bankarnir voru ríkisvæddir sl. haust. Blaðamönnum The Guardian hefur ekki orðið frekar ágengt í að fá þær upplýsingar gefnar upp í Bretlandi fremur en íslenskum blaðamönnum um hvernig staða þessara mála sé hér á landi.

*„Lloyds – known as Lloyds Banking Group after its takeover of HBOS - refused last night to say whether it had stopped tax avoidance schemes since being bailed out by the taxpayer.“*

(The Guardian, 11. febrúar 2009)

Ljóst er að Íslendingar eru hvergi nærri einir á báti þegar kemur að því að eiga við skattasniðgöngu fyrirtækja og einstaklinga. Um er að ræða alþjóðlegt vandamál sem þó virðist eiga mjög marga sameiginlega þætti – skattaparadísirnar og aðferðir við skattasniðgöngu eru þar efstar á blaði.

IHG



# Stefnumótunardagur ríkisskattstjóra

Síðastliðið haust var ákveðið að halda stefnumótunardag hjá ríkisskattstjóra í byrjun árs 2009, en slíkir dagar hafa nokkrum sinnum áður verið haldnir hjá embættinu undanfarin ár. Að þessu sinni var ákveðið að allir starfsmenn skyldu taka þátt, en slíkt hafði ekki verið gert áður.



Hulda Sigmundsdóttir, Jónas Magnússon, Ari Ísberg, Hulda Sigurðardóttir, Bryndís M. Steinsson, Magnús Örn Gylfason og Albert Oddson.

## Undirbúningur

Stofnaður var fimm manna stýrihópur til að undirbúa stefnumótunavinnuna og skipuleggja sjálfan stefnumótunardaginn. Eitt af verkefnum hópsins var að fara yfir, endurskoða og skilgreina megináherslur embættisins, en í ársbyrjun 2007 hafði ríkisskattstjóri einfaldað stefnumið embættisins frá því sem áður hafði verið. Starfsemi ríkisskattstjóra, líkt og margra annarra stofnana, afmarkast af lögum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum og er því fyrirfram ákveðinn rammi settur. Eftir talsverða yfirlegu var það mat stýrihópsins að megináherslur embættisins mætti flokka í eftirfarandi 8 grunnpætti:

**Góð þjónusta**  
**Hagkvæmni í rekstri**  
**Hæft og ánægt starfsfólk**  
**Samræmi í skattframkvæmd**  
**Skilvirk afgreiðsla erinda**  
**Skilvirkt skatteftirlit**  
**Öruggt skráarhald**  
**Öruggur rekstur tölvukerfa**

Eitt er að setja stofnun markmið og annað að ná þeim markmiðum að hluta eða öllu leyti. Til þess þarf að virkja starfsmenn til þátttöku í stefnumótun. Með því móti eykst skilningur allra starfsmanna á verkefnum embættisins sem og áhugi

þeirra á því að vinna markaðri stefnu framgang. Á þann hátt hljóta möguleikar á að ná settum markmiðum að aukast verulega. Á fyrri stefnumótunardögum embættisins höfðu um 25-30 starfsmenn tekið þátt í stefnumótunavinnunni með beinum hætti. Nú tóku nær allir starfsmenn þátt. Með þessu móti tókst að virkja mun fleiri en áður og fá þannig fleiri sjónarhorn fram.

Stofnaðir voru 11 vinnuhópar sem hver um sig fjallaði um eitt eða fleiri meginmarkmið sem skilgreind höfðu verið. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að stýrihópurinn stillti upp vinnuhópum sem starfsmenn síðan völdu sér. Gefinn

*Hulda Pálsdóttir, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir,  
Esther Sigurðardóttir, Ólafur Magni Sveinsson og  
Eva Gunnarsdóttir.*

var möguleiki á fyrsta, öðru og þriðja vali og tókst að uppfylla óskir allra með fyrsta eða annan valkost.

## Stóri dagurinn

Stefnumótunardagurinn sjálfur var föstudagurinn 13. febrúar. Þrátt fyrir hið slæma orðspor sem fer af föstudögum er bera upp á 13. dag mánaðar mættu tæplega 80 starfsmenn árla morguns í húsakynni ríkissáttasemjara í Borgartúni þar sem stefnumótunaryvinnan fór fram. Aðstaðan þar er til fyrirmyndar, en hver hópur hafði sér fundarherbergi, fartölvu og skjávarpa til umráða. Ekki spillti fyrir jákvætt andrúmsloft og greiðvikni starfsmanna ríkissáttasemjara, sem tóku einstaklega vel á móti hópnum. Embætti ríkisskattstjóra var þó ekki lokað á meðan stefnumótunaryvinnan fór fram, heldur stóðu forstöðumenn einstakra sviða vaktina, auk nokkurra annarra starfsmanna. Þessi vaski hópur gaf út skattkort, svaraði í símann og tók á móti viðskiptavinum embættisins. Haft er fyrir satt að þessir starfsmenn hafi margir hverjir verið þreyttir eftir daginn. Vinna í vinnuhópunum stóð yfir allan



*Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og Magnús Pétursson ríkissáttasemjari skenktu kaffi.*

daginn og byrjaði á hefðbundinni hugarflugsvinnu. Hver hópur skráði hjá sér allt sem kom upp í huga hvers og eins starfsmanns. Síðan var farið yfir þessi atriði og hvernig þau féllu að þeim meginmarkmiðum sem sett höfðu verið fram. Mikil umræða fór fram í öllum hópunum og margar góðar ábendingar og sjónarmið komu fram þótt menn hafi ekki verið samála um alla hluti eins og gengur og gerist.



Miðað við allar þær tillögur og áhersluatriði sem fram komu er ekki annað hægt að segja en að starfsmenn hafi látið hendur standa fram úr ermum og það meira að segja svo að sumir hópar máttu varla vera að því að koma fram úr fundarherbergjunum til að gæða sér á þeim dýrindis vöfllum sem starfsmenn ríkissáttasemjara buðu upp á með kaffinu við lok stefnumótunaryvinnunnar. Rík hefð er fyrir vöfllubakstri á þeim bæ til að fagna samningsniðurstöðum og þótti við hæfi að starfsmenn ríkisskattstjóra fengju að bragða á slíku góðgæti eftir gott starf.

## Niðurstöður kynntar

Í lok dags kynntu hóparnir niðurstöður sínar og hugmyndir fyrir öllum starfsmönnum þ.m.t. þeim starfsmönnum sem haldið höfðu hefðbundinni starfsemi ríkisskattstjóra gangandi þennan dag, en þeir bættust í hópinn eftir lokun embættisins. Mjög margar tillögur og hugmyndir komu fram og má segja að þær hafi verið yfirgripsmiklar. Margar þeirra eru tiltölulega einfaldar í framkvæmd, og hafa sumar nú þegar verið framkvæmdar. Aðrar tillögur þarfnast meiri vinnu og taka lengri tíma. Almennt má segja að fræðsla og upplýsingagjöf hafi verið áberandi í umfjöllun margra hópanna, hvort heldur sem er inn á við eða út á við. Komu fram margar hugmyndir um hvernig mætti efla þennan þátt starfseminnar. Orð eru til alls fyrst. Af þessum stefnumótunardegi má margt læra og er ljóst að mikill kraftur og hugmyndaauði býr í starfsmönnum. Og þeim er ekki sama um vinnustaðinn sinn.



*Guðrún Jenný Jónsdóttir forstöðumaður stjórnsýsluviðs stóð vaktina í þjónustuveri.*



*Ásgeir Heimir Guðmundsson skrifstofustjóri skiptist á að svara í síma í þjónustuveri og útbúa skattkort í afgreiðslunni eftir því hvar álagið var hverju sinni.*

*Jóhannes Jónsson*



# Ólafur Þór Hauksson

sérstakur saksóknari



## *Glímt við drauga fortíðar*

Embætti sérstaks saksóknara var komið á fót með lögum nr. 135/2008 til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og í kjölfar atburða er leiddu til bankahrunsins sl. haust, hvort sem grunur tengist starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga. Ólafur Þór Hauksson var skipaður í stöðuna frá 1. febrúar 2009, en hann hafði fram að því gegnt embætti sýslumanns á Akranesi.



Ólafur Þór er Cand. jur. frá Háskóla Íslands 1989. Hann var fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og hjá sýslumanninum í Kjósarsýslu (nú sýslumaðurinn í Hafnarfirði) 1989-1996. Forstöðumaður á skrifstofu sama embættis á Seltjarnarnesi 1989-1992. Sýslumaður á Hólmavík 1996-1998 og sýslumaður á Akranesi frá 1998. Hann var settur ríkissaksóknari fjórum sinnum á árunum 2002-2005 til að annast meðferð tiltekinnna endurupptökubeiðna fyrir Hæstarétti og settur saksóknari árið 2008 til að flytja endurupptökumálið fyrir Hæstarétti. Ólafur Þór annaðist einnig rannsókn á vegum ríkissaksóknara 2006-2007 á ætluðum hlerunum á síma utanríkisráðherra og starfsmanns utanríkisráðuneytisins á árunum 1992-1993 og 1995. Hann hefur átt sæti í ýmsum nefndum og starfshópum á vegum dómsmálaráðuneytis, var kosinn í stjórn Sýslumannafélags Íslands árið 1997 og var formaður félagsins á árunum 2003-2006. Hann vann einnig að undirbúningi að stofnun Ákærendafélags Íslands og hefur setið í stjórn þess frá árinu 2007.

Tíund hitti Ólaf og ræddi við hann um störf sérstaks saksóknara, aðkomu hans að embættinu og verkefni komandi mánaða. Hér á eftir verður rakið það helsta sem kom fram í máli Ólafs.

## Fyrstu skref eftir bankahrún

Fyrst eftir bankahrúnið var óreiðustig því það var nýtt fyrir landsmenn að horfast í augu við fall þriggja stærstu banka landsins. Ríkissaksóknari ákvað tiltölulega snemma í ferlinu að kanna hvort refsiverð brot hafi verið framin í aðdraganda hrunsins. Bogi Nilsson fv. ríkissaksóknari var fenginn í þá vinnu og lagði hann fljótlega til að fengnir væru „forensic auditors“ erlendis frá til að fara í gegnum málefni bankanna og greina hvort einhver brot hefðu verið framin. Það var ekki gert heldur ákveðið að Fjármálaeftirlitið legði fyrir skilanefndir bankanna að fá endurskoðendur til taka stöðu bankanna út og það sem þar gerðist rétt fyrir hrún. Þeirri vinnu lauk í tveimur bankanna fyrir jól, en í febrúar hjá Glitni þar sem þurfti að skipta um endurskoðendur þar.

Þann 12. desember 2008 var ákveðið að setja embætti sérstaks saksóknara á laggirnar með lögum. Í framhaldi af því var staðan auglýst laus til umsóknar en enginn sótti um hana. Ólafur fékk hvatningu úr Dómsmálaráðuneytinu til að sækja um og var bent á að hægt væri

að fá launalaust leyfi frá skipun sem sýslumaður á meðan. Umsóknarfrestur var framlengdur til 12. janúar og var Ólafur eini umsækjandinn. Hann var skipaður í embættið frá 1. febrúar 2009. Í fyrstu atrennu lá ekki beint við fyrir hann að sækja um starfið þar sem sérhæfing hans var ekki á þessu sviði þrátt fyrir að hafa verið með eitt og eitt efnahgsbrotamál og nokkur önnur snúnari verkefni. Ólafur hafði áður sýnt ákveðna viðleitni til að fara inn á þennan starfsvettvang þegar hann sótti um stöðu ríkissaksóknara ári áður og gaf þar með merki um að hann væri tilbúinn að breyta til eftir að hafa verið sýslumaður á Akranesi í 10 ár.

Hluti af starfi sýslumanna er að sækja smærri mál og Ólafur hefur sjálfur sótt öll þau mál sem embætti hans hefur

*... e.t.v. er það einmitt óttinn við að taka á málum og gera það sem þarf sem hefur komið Íslendingum í þau vandræði sem við erum nú*

höfðað. Þegar þjóðin stóð andspænis þessu gríðarlega hrúni gaf sig enginn fram til að skoða það. Þegar þannig stendur á er mikilvægt að takast á við verkefnin, jafnvel þótt þau liggi ekki beint við manni því þarna má segja að heiður lögreglunnar í landinu sé að veði því þetta er löggæsluverkefni. Lögreglan lætur sig varða hvort menn keyra ölváðir eða neyta fíkniefna. Ætti hún ekki að láta sig það varða að hugsanlega hafi verið framin brot í verulegum mæli á fjármálamörkuðum? Ekki er hægt að veigra sér við því að taka á málum þótt þau séu óþægileg eða erfið og e.t.v. er það einmitt óttinn við að taka á málum og gera það sem þarf sem hefur komið Íslendingum í þau vandræði sem við erum nú. Verkefnið er í raun mjög líkt hverju öðru verki sem vinna þarf, bara með fleiri núllum. Skilaboðin þegar enginn sótti um stöðuna voru eins og öllum stæði á sama.

## Byrjað frá grunni

Þar sem um nýtt embætti er að ræða þurfti að byrja á öllu frá grunni til að gera það starfhæft á met tíma. Til viðmiðunar má nefna að þegar setja átti á stofn sérstakt embætti héraðssaksóknara var ráðinn starfsmaður í sex mánuði til að koma þeim málum í réttan farveg en embætti sérstaks saksóknara hafði örfáa daga. Að hálfum mánuði liðnum eða um miðjan febrúar var starfsemin farin að taka á sig mynd og nokkrir starfsmenn komnir til starfa. Tekin voru upp samskipti við þær stofnanir sem embættinu var ætlað, Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og skattannsóknarstjóra. Stærstu snertifletirnir eru við Fjármálaeftirlitið en minnstu við Samkeppniseftirlitið. Búið er fundu með þessum stofnunum sem og

aðilum á sviði löggæslu og skilanefndum bankanna þannig að allar rásir hafa verið opnaðar. Málin sjálf hafa þó látið aðeins biða eftir sér því greining á endurskoðunarskýrslum er hjá Fjármálaeftirlitinu og er það í samræmi við lagabreytingu sem varð árið 2007. Sérstakur saksóknari tekur í sjálfu sér ekki við málum frá þeim nema samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar. Þau mál voru ekki tilbúin og stutt liðið frá því að greiningin byrjaði. Þó eru núna að koma nokkur mál og má segja að hvað mest hafi komið á óvart hversu stutt þessi rannsóknarvinna eftirlitsstofnana var fram gengin.

Hjá sérstökum saksóknara starfa núna tveir lögfræðingar og þrír

lögreglumenntaðir menn með reynslu af flóknum efnahgsbrotamálum og viðskiptafræðimenntun. Þetta teymi lögreglumanna og lögfræðinga vinnur mjög þétt saman í þessum málum. Hugsanlega verður nauðsynlegt að fá fleiri endurskoðendur inn í teymisvinnu um einstök mál, annað hvort sem starfsmenn embættisins eða ráðgjafa. Í upphafi er mikilvægt að greina málin svo sá mannskapur sem til staðar er hæfi þeim málum sem eru til úrlausnar. Í grunninn eru þau mál sem sérstakur saksóknari fjallar um sakamál og verða að rannsakast sem slík eins og öll opinber mál. Starfsmennirnir hafa þjálfun í að yfirheyra fólk og byggja upp mál. Lögfræðingur er ávallt ábyrgur fyrir vinnu lögreglumanna í rannsóknnum, en það er vitaskuld mis sýnilegt eftir málum. Til viðbótar kemur hugsanlega nauðsyn þess að fá erlenda sérfræðinga inn í teymið.

## Rannsóknir

Margir halda að sérstakur saksóknari skoði málin frá grunni en lögin gera ráð fyrir að hann taki við málum frá Fjármálaeftirlitinu skv. ákvörðun stjórnar þess. Þetta samspil á milli eftirlitsstofnunar og lögreglu byggir á lagabreytingu sem varð árið 2007. Undanfari þeirrar lagabreytingar var skýrsla um viðurlög við efnahagsbrotum frá 12. október 2006 þar sem kæruskylda er sett á eftirlitsstofnanir. Tekið er fram í greinargerð með lögum um sérstakan saksóknara að ekki hafi verið ætlunin að gera neina breytingu á því fyrirkomulagi. Þrátt fyrir það er sérstakur saksóknari að færa sig fram í ferlinu með því að taka upp samstarf við Fjármálaeftirlitið.

Enn einn flötur á þessu er rannsóknarnefnd Alþingis. Ef sú nefnd verður áskynja um brot er þeim ábendingum komið til sérstaks saksóknara. Nefndin skilar skýrslu sinni væntanlega af sér í lok þessa árs og ef í niðurstöðum þeirrar skýrslu felast brot mun ríkissaksóknari taka ákvörðun um að vísa þeim málum áfram til rannsóknar. Samstarfið við rannsóknarnefndina er gott þó að engin gögn fari á milli. Hægt er að nýta vinnuna og stytta leiðina á þann hátt með því að fá að vita hvert var stefnt, við hverja talað o.þ.h. Sérstakur saksóknari nýtir heimildir rannsóknarnefndarinnar þó ekki til að afla gagna fyrir sín mál heldur gætir þess að þeirra sé ætíð aflað á grundvelli skýrra heimilda hans sjálfs.

## Skýlausar heimildir

Núna liggur frumvarp fyrir Alþingi um að auka heimildir sérstaks saksóknara til að fá gögn. Það helgast af því að tafir og hik hafa orðið við að meta heimildir til að afhenda honum gögn. Ekki gengur að málin tefjist fyrir þær sakir og því var farið fram á að heimildirnar yrðu gerðar mjög opnar og skýlausar og að bankaleyndin gildi ekki gagnvart embættinu. Allar líkur á að þetta frumvarp nái fram að ganga. Í núverandi lögum er sagt að sérstakur saksóknari eigi rétt á að skoða stöðu mála, en hann telur það ekki nægjanlegt og vill komast inn í greiningarvinnuna til að ganga úr skugga um að það sé alveg öruggt að auðgunarbrot og brot á hegningarlögum séu greind þar sérstaklega.

## Umfangsmikil mál og aðstöðumunur

Nú er framundan að vinna í einstökum málum. Fyrsta tilfinningin er sú að þessi mál séu stór að umfangi og að mikinn mannskap þurfi til að vinna í þeim því þau eru líka tímafrek. Það er einfaldlega til að hægt sé að yfirheyra í teymum og skipta mannskap niður á fleiri en eitt mál. Þess vegna er mannahaldsáætlun sem hljóðar upp á fjölgun í bígerð. Frumvarpið gerir ráð fyrir að starfsmenn verði a.m.k. 10 en miðað við umfang þeirra verkefna sem embættið þarf að skoða er ekki víst að það dugi.

Eva Joly, sem hefur verið ráðin sem sérstakur ráðgjafi íslenskra yfirvalda vegna rannsókna á efnahagsbrotum sem tengjast hrúni fjármálakerfisins, kom sem ferskur andblær að utan með augu gestsins. Hún bendir á hvað þarf og hversu nauðsynlegt sé að hafa allt það umboð sem þarf í þetta starf og því er styrkur að henni sem og undirtektum stjórnvalda

*Rýmkun á reglum, þótt  
hún taki ekki gildi strax  
getur upphafið refsineami  
þess sem er í fortíðinni.  
Þetta er blóðugt þegar búið  
er að eyða mikilli vinnu  
og peningum í mál*

við það sem hún hefur fram að færa. Allt bendir því nú til þess að þetta muni vinna í rétta átt. Allt sem Joly sagði hefur verið sagt hér áður en náði ekki eyrum hlustenda úr þeirri átt sem það kom. Umræðan um efnahagsbrotadeildina og nauðsyn þess að styrkja hana er alveg af sama meidi. Þeir sem verið er að rannsaka eru orðnir svo sterkir að vega verður upp aðstöðumuninn með því að bæta við mannskap. Þeir aðilar sem hugsanlega hafa gerst brotlegir hafa efni á að kaupa sér mjög hæfa lögfræðilega ráðgjafa og verjendur. Oft hefur verið rætt um að vega þurfi upp aðstöðumun þar sem ríkið hafi svo sterka stöðu gagnvart sakborningi, en kannski má segja að í stærstu efnahagsbrotum geti stöðu verið þveröfugt háttáð og benti Joly á að í raun hafi ákærvaldið ekki haft bolmagnið heldur verjendurnir.

## Vandað til verka

Í samfélaginu er þess beðið með mikilli óþreyju að hafist sé handa, en hafa ber í huga nauðsyn þess að mál fái framgang í samræmi við lög og að ekki sé flanað að neinu. Við verðum að horfast í augu við það hversu erfitt hefur reynst að ná sakfellingu í stórum efnahagsbrotum á Íslandi á síðustu árum. Af þeirri fortíð súpum við nú seiðið þannig að ákærvaldið verður að vanda sig og það kostar einfaldlega tíma og fjármagn. Þetta er í rauninni skilgetið afkvæmi fortíðarinnar og þjóðin verður bara að gangast við því. Ákærvaldið hefur ekki náð að setja mál fram með þeim hætti að ná fram sakfellingu fyrir dómi. Krafa á sérstakan saksóknara um vönduð vinnubrögð er mjög mikil. Ef sérstakur saksóknari höfðar mál er það vegna þess að embættið telur það líklegt til sakfellingar. Mál eru tímafrek og krefjast vandaðra vinnubrögða til að standast miðað við dómafordæmi.

## Tvær mögulegar niðurstöður

Margir bíða eftir niðurstöðum frá hinum sérstaka saksóknara. Niðurstöðurnar geta verið á tvo vegu. Annars vegar að það sé ákært ef mál reynist þannig vaxið að um sé að ræða brot sem hægt er að sanna, en hins vegar að mál sé fellt niður hafi brot ekki sannast. Almennur verður að geta sætt sig við báðar niðurstöðurnar. Embættið mun vinna af krafti en gæta þess að öllum leikreglum sé fylgt án þess að það ætli með neinum hætti að draga af sér gagnvart fólki. Ekki má

láta undan þrýstingi, sem er mikill, um að menn séu látnir svara til saka.

## Mál molna vegna lagabreytinga

Tiltekin mál sem búið er að setja mikla vinnu í og embættið er e.t.v. komið á fremsta hlunn með að fara í rannsóknaraðgerðir með koðna í höndunum á því, t.d. vegna breytinga á löggjöf sem gerð hefur verið í millitíðinni. Ef löggjöf er breytt áður en dómur fellur gildir nýrri reglan ef hún felur í sér rýmkun. Ekki er víst að löggjafinn átti sig á að verið sé að setja strik í málin með þessum hætti. Rýmkun á reglum, þótt hún taki ekki gildi strax, getur upphafið refsineami þess sem er í fortíðinni. Þetta er blóðugt þegar búið er að eyða mikilli vinnu og peningum í mál. Auknar heimildir, meira frjálsræði og rýmkun á lagaumhverfinu sem menn innleiða



Ólafur Þ. Hauksson, sérstakur saksóknari, hefur samstarf við margar stofnanir hjá hinu opinbera.

nú snerta hugsanlega eldra ástand, sem kann að leiða til þess að ekki sé hægt að saksækja þótt brot hafi verið framin í tíð eldri laga. Huga verður vel að því hvaða áhrif lagabreytingar muni hafa.

Refsiheimildir verða að vera skýrar og standast þegar á þær reynir. Eitt mál af þessu tagi molnaði í höndunum á embættinu í gær og viðkomandi aðili er þá nánast laus allra mála í kjölfarið. Þetta

mál átti að fara af stað eftir nokkra daga, en nú þarf að leggja það til hliðar og byrja á næsta máli frá grunni.

IHG

## Hrunið og vonin

- sýn Vilhjálms Bjarnasonar á aðstæður í íslensku efnahagslífi


*Einn af þeim þáttum sem fram kom í stefnumótunarvinnu embættisins um miðjan febrúarmánuð sl. var áhugi starfsmanna á að fá stutta fyrirlestra, kynningar eða námskeið. Hugmyndin þótti góð og því ráðist í fyrsta örnámskeiðið viku síðar.*

*Vilhjálmur Bjarnason, lektor við Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta, hefur undanfarið kynnt sýn sína á hrun í íslensku efnahagslífi í fyrirlestri sem hann hefur nefnt Hrunið og vonin. Ríkisskattstjóri leitaði til Vilhjálms með að fá fyrirlesturinn fluttan fyrir starfsmenn embættisins og svo varð úr á morgunfundum allra starfsmanna föstudaginn 20. febrúar.*

*Sýn Vilhjálms þótti mjög áhugaverð og mæltist efni hans, sem og fyrirkomulagið, vel fyrir. Þess má geta að viku áður, föstudaginn 13. febrúar 2009, var Vilhjálmur valinn viðskiptafræðingur ársins á Íslenska þekkingardeginum.*







## Ákærvaldið gegn Jóni Ólafssyni, Hreggviði Jónssyni, Ragnari Birgissyni og Símoni Ásgeiri Gunnarssyni

Dómur Hæstaréttar 19. janúar 2009



Guðrún Jenny  
Jónsdóttir

Í desember síðastliðnum kvað héraðsdómur Reykjavíkur upp athyglisverðan úrskurð sem sætti svo kæru til Hæstaréttar þar sem úrskurðurinn var staðfestur. Málið varðar túlkun á ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu og hvort að álag samkvæmt 108. gr. tekjuskattslaga teljist vera refsing í skilningi sáttmálans þannig að beit ing þess útiloki að frekari refsingu verði við komið. Héraðsdómur staðfesti frávísunarkröfu ákærðu sem byggð var á framangreindum rökum. Ákærvaldið kærði frávísunarkröfu úrskurðinn til Hæstaréttar sem vísaði málinu frá vegna formgalla. Ekki hefur því fengist efnisleg niðurstaða frá Hæstarétti um álitafnið.

Málavextir eru þeir að á árinu 2002 hóf skattrannsóknarstjóri ríkisins rannsókn á skattskilum ákærðu. Að rannsókn lokinni sendi skattrannsóknarstjóri ríkisins skýrslur sínar til ríkisskattstjóra annars vegar til ákvörðunar um hvort endurákvæða ætti opinber gjöld viðkomandi aðila og hins vegar til ríkislögreglustjóra til ákvörðunar um hvort ákæra ætti viðkomandi. Ríkisskattstjóri endurákvæðaði opinber gjöld á grundvelli niðurstaðna frá skattrannsóknarstjóra ríkisins á árunum 2003-2005. Þann 3. júlí 2008 gaf

ríkislögreglustjóriútákæruparsemákærðu var gefið að sök að hafa framið meiri háttar brot gegn skattalögum bæði vegna eigin skattskila og vegna skattskila þriggja lögaðila allt samkvæmt niðurstöðum í skýrslum skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Ákærðu JÓ, HJ og RB kröfðust frávísunar og byggðu kröfur sínar á því að verið væri að ákvarða þeim refsingu á ný fyrir háttsemi sem þeim hafi þegar verið refsað fyrir og að þeir sæti endurtekinni opinberri rannsókn vegna sömu sakar-efna, en í úrskurðum ríkisskattstjóra um

**Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að efni tilkynningar ákærvaldsins til héraðsdóms um málskot til Hæstaréttar væri ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum. Að virtum umfangi málsins var fullt tilefni til að ákærvaldið fylgdi „einföldum en nauðsynlegum“ formkröfum. Málinu var því vísað frá Hæstarétti**

endurákvörðun hafi verið beitt 25% álagi á vantalda skattstofna. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi komist að þeirri niðurstöðu að skattálag eins og m.a. er kveðið á um í 108. gr. tekjuskattslaga sé refsing í skilningi Mannréttindasáttmála Evrópu. Þá var frávísunarkrafa allra ákærðu og studd þeim rökum að ákærðu hafi ekki notið réttlátrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma og að þeir hafi ekki við rannsókn og meðferð málsins notið þess réttar að teljast saklausir uns sekt teldist sönnuð.

Ákærvaldið krafðist þess að frávísunarkröfum yrði hrundið og vísaði til þess að álag sem lagt hafi verið á skattstofna lögaðila hafi ekki verið greitt af ákærðu heldur lögaðilunum sjálfum. Hvað varðar álagsbeitingu ríkisskattstjóra vegna persónulegra skattskila JÓ, HJ og RB þá taldi ákærvaldið, að virtum dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Rosenquist gegn Svíþjóð frá 14. september 2004, að þrátt fyrir að álag verði talin refsing og þrátt fyrir að í tengslum við álagningu þess hafi verið höfðað refsímál þá brjóti það ekki gegn mannréttindasáttmála Evrópu þar sem þessum tveim refsingum sé beitt á mismunandi forsendum og tilgangur þeirra sé ekki hinn sami. Þá eru skilyrði fyrir álagningu þessara refsinga í grundvallaratriðum önnur og því um tvær mismunandi refsingar að ræða sem hvorug útilokar hina.

Eins og fyrr segir féllst héraðsdómur Reykjavíkur á frávísunarkröfu ákærðu JÓ, HJ og RB með þeim rökum að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi túlkað ákvæði í sáttmálanum sem kveður á um bann

við að refsað verði tvisvar fyrir sama brotið, þannig að málsmeðferð og ákvörðun viðurlaga á stjórnsýslustigi geti talist refsing í skilningi ákvæðisins. Ákvæði mannréttindasáttmálans kveða á um að endanleg ákvörðun um viðurlög verði að liggja fyrir. Ákærðu upplýstu að málum þeirra væri endanlega lokið innan skattkerfisins og að engin ágreiningsmál vegna skattamála þeirra væru þar til meðferðar. Héraðsdómur taldi að fyrir lægi endanleg ákvörðun um viðurlög í skilningi Mannréttindasáttmála Evrópu

innan skattkerfisins. Þá kom fram í úrskurði héraðsdóms að raunverulegt eðli álagsbeitingar samkvæmt 108. gr. tekjuskattslaga sé sambærilegt við eðli refsikenndra viðurlaga sem ætlað er að hafa almenn og sérstök varnaðaráhrif gagnvart framtalsskyldum aðilum. Ákærðu JÓ, HJ og RB töldust því allir persónulega hafa sætt viðurlögum í formi 25% álags sem telst vera refsing skv. ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu. Hið sama á við um álag sem löggaðilum var ákvarðað. Öllum kröfum á hendur JÓ, HJ og RB var því vísað frá Héraðsdómi. Frávísunarkröfu SÁG var hafnað enda hafði hann ekki sætt álagi hjá skattyfirvöldum á fyrri stigum málsins

og þá taldi héraðsdómur að dráttur sá sem orðið hefði á málinu hjá ákærvaldinu væri ekki þess eðlis að hann yrði til þess að vísa bæri málinu frá.

Ákærvaldið skaut málinu til Hæstaréttar með því að tilkynna til héraðsdómstóls Reykjavíkur að ákvörðun hefði verið tekin um að kæra til Hæstaréttar framangreindan úrskurð héraðsdóms. Í dómi Hæstaréttar segir svo um yfirlýsingu ákærvaldsins: „Bókstaflega skilin fólu þessi orð ekki í sér yfirlýsingu um kæru, heldur tilkynningu um ákvörðun, sem ætla mætti að enn hafi átt eftir að hrinda í framkvæmd. Meiru skiptir þó að samkvæmt 3. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991 bar að tiltaka í yfirlýsingu

um kæru í hvaða skyni kært væri og hvaða kröfur væru gerðar, svo og aðrar athugasemdir og skýringar sem kæranda þætti ástæða til.“ Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að efni tilkynningar ákærvaldsins til héraðsdóms um málskot til Hæstaréttar væri ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum. Að virtum umfangi málsins var fullt tilefni til að ákærvaldið fylgdi „einföldum en nauðsynlegum“ formkröfum. Málinu var því vísað frá Hæstarétti.

Rétt er að geta þess að handhafi ákærvaldsins fór þess á leit við Hæstarétt að málið yrði endurupptekið en þeirri málaumleitan hefur Hæstiréttur synjað.

## Impregilo S.p.A, útibú á Íslandi gegn íslenska ríkinu

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 23. desember 2008 í máli nr. E-666/2008

Á Porláksmessu var kveðinn upp í héraðsdómi Reykjavíkur dómur í máli Impregilo S.p.A gegn íslenska ríkinu. Málið er nátengt öðru máli sem Hæstiréttur dæmdi þann 20. september 2007. Í því máli var deilt um skyldu til að halda eftir staðgreiðslu af launum starfsmanna sem Impregilo hafði fengið til starfa frá portúgölskum starfsmannaleigum. Glögga lesendur Tíundar rekur sjálfsagt minni til reifunar á dóminum sem birtist í nóvembertölublaði Tíundar 2007.

Í máli því sem hér er til umfjöllunar krafðist Impregilo þess að íslenska ríkið endurgreiðdi kr. 1.230.708.381, ásamt dráttarvöxtum, en það var sú fjárhæð sem Impregilo kvaðst hafa greitt vegna kröfu skattyfirvalda um staðgreiðslu opinberra gjalda vegna þeirra starfsmanna sem hingað komu til starfa frá portúgölsku starfsmannaleigunum. Stefnandi byggði kröfur sínar á því að með dómi Hæstaréttar, sem minnst var á hér að framan, hefði verið komist að þeirri niðurstöðu að stefnanda, Impregilo, hefði ekki skylt að halda eftir og greiða til ríkissjóðs staðgreiðslu af launum portúgölsku starfsmanna. Íslenska ríkið hefði tregðast við að endurgreiða stefnanda það sem hann hefði greitt vegna umræddra starfsmanna og því væri ekki undan því komist

að höfða mál til endurgreiðslu á því sem ofgreitt var. Stefnandi krafðist sýknu og vísaði til þess að stefnandi hafi skilað staðgreiðslunni í umboði portúgölsku starfsmannaleiganna. Þá hafi stefnandi ekki sannað að staðgreiðslan sem stefnandi stóð skil á hafi stafað af öðrum launum en þeim sem stefnandi bar sjálfur ábyrgð á. Að síðustu

**... krafðist Impregilo þess  
að íslenska ríkið endurgreiðdi  
kr. 1.230.708.381, ásamt  
dráttarvöxtum, en það var  
sú fjárhæð sem Impregilo  
kvaðst hafa greitt vegna kröfu  
skattyfirvalda um staðgreiðslu  
opinberra gjalda ...**

vísaði stefndi til þess að greiðslur stefnanda hafi ekki verið staðgreiðsla heldur greiðsluskil að lokinni álagningu og því beri stefnandi sjálfur ábyrgð á þeim gjöldum sem vinnuveitandi og greiðandi leigugjalds til starfsmannaleiganna sbr. 3. mgr. 116. gr. tekjuskattslaga.

Fjölskipaður héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt margnefndum dómi Hæstaréttar bar stefnanda almennt ekki skylda til að standa skil á

staðgreiðslu vegna launa þeirra starfsmanna sem málið varðar enda hafi ekkert annað komið fram í málinu en að starfsmannaleigurnar hafi ávallt reiknað út launin og greitt þau út. Þá vísar héraðsdómur til þess að stefndi hafi ekki lagt fram haldbær gögn þess efnis að staðgreiðsla sú sem stefnandi innti af hendi hafi stafað af launagreiðslum sem hann bar sjálfur ábyrgð á og að stefndi verði að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Hvað varðar þá málsástæðu stefnda að stefnandi hafi greitt í umboði starfsmannaleiganna vísar héraðsdómur til þess að ekkert í samningum stefnanda og starfsmannaleiganna bendi til þess að stefnandi hafi fengið slíkt umboð. Þá verði ekki séð að sú aðferð sem stefnandi beitti við að reikningsfæra greiðslur í bókhaldi sínu sé óeðlileg eða til þess fallin að renna stoðum undir

fullyrðingar stefnda um að stefnandi hafi greitt í umboði starfsmannaleiganna. Héraðsdómur vísaði öllum rökum og mótbárum stefnda á bug og vísaði til þess að stefnandi hafi verið skyldaður til þess að greiða umrædda staðgreiðslu af skattyfirvöldum án lagaheimildar og bæri því að fallast á kröfu stefnanda. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

# Stjórnublikk gegn íslenska ríkinu

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 15. janúar 2009 í máli nr. E-936/2007.

Þann 15. janúar 2009 var í héraðsdómi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í ofangreindu máli. Dómkröfur voru þær að úrskurður skattstjórans í Reykjanesumdæmi dags. 13. desember 2005 í máli stefnanda yrði felldur úr gildi. Með úrskurði skattstjóra var staðgreiðsla stefnanda áætluð vegna launa portúgalskra starfsmanna sem störfuðu fyrir stefnanda frá 2002 til 2005, og staðgreiðsla af þóknun til starfsmannaleigunnar sem leigði starfsmennina vegna árána 2003, 2004 og 2005. Málavextir eru þeir að stefnandi gerði undirverktakasamning við portúgalskt fyrirtæki á árinu 2000. Samkvæmt samningnum skyldi portúgalski aðilinn sjá um framkvæmd í tengslum við uppsetningu á loft-ræstikerfi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Á árinu 2002 hafi svo verið gerður annar samningur við portúgalska fyrirtækið sem hafi bæði verið víðtækari og ítarlegri en fyrri samningurinn. Hafi síðari samningurinn náð til uppsetningar, viðhalds og viðgerða á tækjum til loftræstingar og til verkefna á Íslandi án nánari tilgreiningar. Á árinu 2005 fór skattstjóri að kanna hvernig staðgreiðsluskilum væri háttað, bæði af launum portúgölsku starfsmannanna og af þóknun sem greidd var leigumiðuninni og úrskurðaði í kjölfarið um staðgreiðsluskyldu stefnanda.

Stefnandi krafðist þess, eins og áður segir að úrskurður skattstjóra yrði felldur úr gildi, og vísaði til þess að skattstjóri hafi ekki séð til þess að málið væri nægjanlega upplýst áður úrskurður var kveðinn upp. M.a. hafi skattstjóri byggt á upplýsingum sem sem aflað var í öðru máli stefnanda sem rekið var tveimur árum áður. Þá sé ekki að finna umfjöllun um tvísköttunarsamning milli Íslands og Portúgal og hvaða áhrif sá samningur hafi á niðurstöðu málsins. Stefnandi vísaði og til þess að hann hafi ekki verið launagreiðandi starfsmannanna og hafi því ekki verið réttur aðili til að halda eftir staðgreiðslu opinberra gjalda vegna launa þeirra. Hafi skattstjóri í raun og veru fallist

á það í boðun sinni frá árinu 2003, þrátt fyrir að fallið hafi verið frá þeirri boðun. Hvað varðar staðgreiðslu þá sem lögð var á stefnanda vegna greiðslna til erlenda leigufyrirtækisins þá sé endurákvörðun skattstjóra byggð á lagalega og tölulega röngum grunni. Skattstjóri byggði á að staðgreiðsla bæri halda eftir af vergum tekjum án frádráttar en 3. tölul. 70. gr. tekjuskattslaga kvæði á um að erlendir lögaðilar ættu að greiða 18% tekjuskatt af tekjuskattsstofni. Þá hafi skattstjóri ekki leitast við að upplýsa hver sé raunverulegur þóknunarhluti af þeirri greiðslu sem stefnandi innti af hendi til erlenda leigufyrirtækisins heldur lét nægja að áætla

tiltekin atriði bentu eindregið til þess að vinnusamband væri á milli aðilanna. Einu tengsl starfsmannanna við portúgölsku starfsmannaleiguna séu þau að launin hafi verið greidd af leigunni. Öllu öðru hafði stefnandi ráðið. Heildstætt mat leiði því til þess að líta beri á starfsmennina sem starfsmenn stefnanda. Stefndi hafnaði því að dómur Hæstaréttar í svokölluðu Impregilo máli hafi fordæmisgildi í máli stefnanda enda séu málavextir ekki sambærilegir. Samningar stefnanda og hinnar portúgölsku starfsmannaleigu séu mun óformlegri en í Impregilo málinu. Þá mótmælti stefndi fullyrðingu stefnanda um óheimila mismunun sem ósannaðri. Hvað varðar þóknanahlutann þá vísaði stefndi til þess að skatthlutfallið væri 18% í samræmi við ákvæði 1. mgr. 71. gr., sbr. 3. tölul. 70. gr. tekjuskattslaga og væri það skatthlutfall í samræmi við takmarkaða skattskyldu starfsmannaleigunnar hér á landi skv. 6. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga.

Fjölskipaður héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að dómur Hæstaréttar þann 20. september 2007 í máli nr. 523/2006 (Impregilomálið) hefði fordæmisgildi hvað varðar skyldu stefnanda til að halda eftir staðgreiðslu af launum starfsmannanna. Stefnandi sá ekki

um launagreiðslur til þeirra og gat því ekki talist launagreiðandi starfsmannanna. Þá komst héraðsdómur að því að skattskylda portúgölsku starfsmannaleigunnar vegna þóknanahlutans væri skv. 3. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga en ekki skv. 6. tölul. Þá kæmi ekki nægjanlega vel fram í gögnum málsins að hve miklu leyti þjónustan hefði verið innt af hendi hér á landi. Héraðsdómur taldi að úrskurður skattstjóra að því er varðar skyldu stefnanda til að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda af áætluðum þóknanahluta skorti lagastoð. Úrskurður skattstjóra var samkvæmt framangreindu felldur úr gildi.

Dóminum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

**Héraðsdómur taldi  
að úrskurður skattstjóra að því  
er varðar skyldu stefnanda til  
að standa skil á staðgreiðslu  
opinberra gjalda af áætluðum  
þóknanahluta skorti  
lagastoð**

hann 10%. Jafnframt hafi ekki verið rannsakað hvort erlenda leigufyrirtækið bæri skattskyldu hér á landi samkvæmt 4. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga – en slík skattskylda hefði ekki í för með sér staðgreiðsluskyldu fyrir stefnanda. Stefnandi vísaði og til þess að túlkun skattstjóra fæli í sér óheimila mismunun gagnvart íslenskum starfsmannaleigum og starfsmannaleigum sem stofnsettar væru í öðrum EES-ríkjum enda væri sú kvöð ekki lögð á kaupendur þjónustu að standa skil á staðgreiðslu þeirra starfsmanna sem fengnir væru til starfa í gegnum innlendar starfsmannaleigur.

Stefndi krafðist sýknu af kröfum stefnanda með þeim rökum að könnun á starfssambandi stefnanda og hinna portúgölsku starfsmanna hafi leitt í ljós að



# Greining eignarhalds

**Í lok árs 2008 var hafin vinna hjá embætti ríkisskattstjóra við greiningu á eignarhaldi 300 stærstu fyrirtækja landsins eftir veltu. Markmiðið með greiningunni er tvíþætt, annars vegar að svipta hulunni af raunverulegu eignarhaldi íslenskra fyrirtækja og hins vegar að leiða í ljós hvort rétt hafi verið staðið að skattskilum viðkomandi aðila.**



Upplýsingar um eignarhald innlendra fyrirtækja voru fengnar úr skattframtölum, af hlutafjármiðum og úr ársreikningum viðkomandi fyrirtækja, en skv. 3. mgr. 65. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga skal í ársreikningi hlutafélaga og einkahlutafélaga upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs og um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga a.m.k. 10% hlutafjár félagsins í lok ársins. Upplýsingar um eignarhald erlendra fyrirtækja voru hins vegar sóttar í tilkynningar Kauphallarinnar og í erlendar upplýsingaveitur.

Í umfjölluninni hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr fyrsta hluta greiningarinnar, en hún byggir á stöðu mála í árslok 2007, en ætlunin er að skoða síðar stöðu mála í árslok 2008.

Bankar og fjármálafyrirtæki eru áberandi í eigendahópi 300 stærstu fyrirtækja landsins og það sama er að segja um lífeyrissjóðina. Í eigendahópnum er einnig að finna erlend dótturfélög bankanna, safnreikninga og vögunarsjóði, auk innlendra og erlendra eignarhaldsfélaga. Nokkuð ber á gagnkvæmu eignarhaldi á milli fyrirtækja, raðeignarhaldi og keðjum samkynja fyrirtækja (svipað nafn, sama starfsemi, sömu stjórnendur og sömu endurskoðendur), sem virðast vera sett á stofn í þeim tilgangi að dylja raunverulegt eignarhald.

Íslenskir ríkisborgarar fara með eignarhald í stórum hluta þeirra erlendu eignarhaldsfélaga sem hér um ræðir, en þau eru mörg hver skráð í Hollandi, Lúxemborg og þekktum skattaskjólum, svo sem á Bresku Jómfrúreyjunum, á Kýpur, Mön og Bresku Ermasundseyjunum. Dótturfélög íslensku bankanna í Lúxemborg komu með beinum eða óbeinum hætti að stofnun fjölmargra þessara félaga, en meðal eigenda þeirra er að finna íslensku „útrásarvíkingana“ svokölluðu auk margra minni spámanna.

Það er ekkert sem mælir á móti því að íslenskir ríkisborgarar eigi og reki fyrirtæki á erlendri grundu, svo lengi sem þeir gera grein fyrir eignarhlutum sínum á framtali og greiða þá skatta sem þeim ber lögum samkvæmt.

Ómögulegt er hins vegar að segja til um það hver er raunverulegur eigandi þeirra eignarhluta sem erlend dótturfélög bankanna, safnreikningar og vögunarsjóðir eru skráðir eigendur að án nákvæmra upplýsinga frá viðkomandi aðilum. Vonir standa til að frumvarp sem fjármálaráðherra hefur kynnt fyrir ríkisstjórninni um eignir íslenskra ríkisborgara í skattaskjólum komi til með að styrkja heimildir skattfyrvalda til að sækja nauðsynlegar upplýsingar til þeirra aðila er hlut eiga að máli.

Samkvæmt niðurstöðum greiningarinnar nam innlent eignarhald 90,0% í fyrstu kynslóð eigenda 300 stærstu fyrirtækja landsins í árslok 2007 og erlent eignarhald 10,0%. Sambærilegar tölur eftir að búið var að greina eignarhald umræddra fyrirtækja til enda (eftir því sem hægt var) sýna innlent eignarhald 92,6% og erlent eignarhald 7,4%. Þetta kemur ekki á óvart þar sem rúmír þrjár fjórðu fyrirtækja í fyrstu kynslóð eru íslensk.


Skiptingin milli innlends og erlends eignarhalds breytist hins vegar verulega ef athyglinni er beint að 20 stærstu fyrirtækjum landsins. Samkvæmt greiningunni nam innlent eignarhald í fyrstu kynslóð 59,4% og erlent eignarhald 40,6%. Sambærilegar tölur eftir að búið var að greina eignarhald umræddra fyrirtækja til enda (eftir því sem hægt var) sýna innlent eignarhald 90,6% og erlent eignarhald 9,4%.


Vinnan við greininguna hefur leitt í ljós misfellur á upplýsingagjöf til skattfyrvalda. Upp hafa komið mál er varða kaup og sölu fyrirtækja, útgreiðslu arðs, greiðslu þóknana og fleira því tengt. Mál þessi snúa jafnt að fyrirtækjum sem og einstaklingum.

Á meðfylgjandi flæðiriti (bls. 28) er að finna yfirlit yfir eignarhald í Kaupþingi banka hf. eftir kynslóðum og því hvort um er að ræða innlenda eða erlenda aðila, einstaklinga eða fyrirtæki. Þar sem greiningin byggir að stórum hluta á skattupplýsingum voru nöfn eigenda felld út úr flæðiritinu, en embættinu er ekki heimilt að birta persónugreinanlegar upplýsingar opinberlega. Upplýsingar um eigendur og hlutfall eignar þeirra í Kaupþingi banka hf., Exista hf. og SPRON í fyrstu kynslóð eigenda eru hins vegar fengnar úr opinberum gögnum. Það sama er að segja um aðrar persónugreinanlegar upplýsingar.


Flæðiritið ber að lesa frá vinstri til hægri eftir eigendum og eignarhlutföllum. Sé efstu línunni til dæmis fylgt eftir þá sést að Exista B.V. átti 23,10% í Kaupþingi banka hf. á árinu 2007, en Exista B.V. var í 100% eigu Exista hf., sem aftur var í eigu Bakkabræðra Holding B.V. að 45,21%.

Hafa ber í huga að fyrsta kynslóð eigenda í Exista hf. er jafnframt þriðja kynslóð eigenda í Kaupþingi banka hf. Á sama hátt er fyrsta kynslóð eigenda í SPRON þriðja kynslóð eigenda í Exista hf. og fimmta kynslóð eigenda í Kaupþingi banka hf. Upplýsingar um merkingu einstakra litakóða og tákna er að finna í sérstöku skýringarboxi á viðkomandi síðum.









**Skýringar**

- Félag til greiningar
- Íslenskt félag
- Íslenskur ríkisborgari
- Erlent félag/ríkisborgari
- Aðrir - ógreint
- Tengsl á milli aðila
- Áframhaldandi greining
- Tengir aðila sem koma fyrir oft en einu sinni
- Ekki greint áfram hér

# Áritaðar bankaupplýsingar



Jens Þór  
Svansson

Í ár verða upplýsingar um bankainnstæður, vaxtatekjur og staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts áritaðar beint inn á netframtalið í kafla 3.1 og á sundurliðunarblað með skattframtalinu. Jafnframt verða upplýsingar um bankainnstæður, vaxtatekjur og staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts barna áritaðar í kafla 3.4 á framtali forráðenda barnanna.

Í desember síðastliðnum voru á Alþingi samþykktar breytingar á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt er varða afhendingu upplýsinga frá bönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum. Við 92. gr. laganna bættist eftirfarandi málsgrein:

„Bankar, sparisjóðir, önnur fjármálafyrirtæki og aðrir þeir aðilar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, sem taka við fjármunum til ávöxtunar, skulu ótilkvaddir veita skattyfirvöldum ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður upplýsingar um greidda eða greiðslukræfa vexti á árinu skv. 8. gr. laga þessara og afdregna staðgreiðslu og innstæður eða inneignir á bankareikningum í árslok.“

Með breytingunum er öllum fjármálastofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum sem atvinnu hafa af vörslu fjármuna nú gert skylt að senda skattyfirvöldum árlega upplýsingar um bankainnstæður, vexti og afdregna staðgreiðslu. Upplýsingaskyldan er afmörkuð við aðila sem falla undir ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og tekur til inneigna í árslok og vaxtatekna skv. 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

## Forsaga

Í athugasemdum með lagafrumvarpinu kom m.a. fram að um árabíl hefði eitt helsta frávikið í skattlagningu einstaklinga hérlendis verið að bankar og sparisjóðir hefðu ekki sent upplýsingar um peningalegar innstæður á sama

tíma og aðrar nauðsynlegar upplýsingar vegna álagningar bærust skattyfirvöldum, m.a. um launagreiðslur, verktakagreiðslur, bifreiðaeign, lán frá Íbúðalánasjóði, lífeyrissjóðum o.fl. Tilgreining bankainnstæðna og skulda á skattframtali væri því algjörlega háð vilja einstakra framteljenda til að gera grein fyrir þessum upplýsingum. Skattstjórum væri gert að byggja álagningu á þeim upplýsingum sem tilfærðar væru á framtali um innstæður og skuldir án samamburðar við ytri upplýsingar svo sem á við um laun, fasteignir og bifreiðaeign, skuldir við Íbúðalánasjóð o.fl. Þá kom ennfremur fram í athugasemdum með lagafrumvarpinu að það fyrirkomulag að gefa ekki upp sundurliðaðar upplýsingar um afdreginn fjármagnstekjuskatt hefði gert allt eftirlit með skatti þessum og umfangi hans nánast óframkvæmanlegt. Talið var að með breytingum á lögnum yrði stuðlað að meira jafnræði milli aðila, sérstaklega þegar réttindi eða skyldur ákvarðast á grundvelli heildartekna, hvort heldur vegna ákvörðunar bóta á grundvelli tekjuskattslaga eða löggjafar um almannaþryggingar.

Í upphaflega lagafrumvarpinu hafði verið gert ráð fyrir því að fjármálastofnanir myndu jafnframt afhenda upplýsingar um skuldir framteljenda en í meðförum Alþingis varð breyting þar á og ákveðið að undanskilja afhendingu upplýsinga um skuldir. Á fundum efnahags- og skattanefndar var tekist á um sjálfvirka upplýsingaskyldu bankanna. Kom fram það sjónarmið að greiður aðgangur að umræddum upplýsingum gerði framkvæmd skattskila áreiðanlegri en aðrir töldu að frumvarpsgreinin væri of víðtæk og til þess fallin að rýra traust á íslensku fjármálakerfi. Í nefndarálitum um lagafrumvarpið var lögð fram breytingartillaga, sem fólst í því að fella niður skylduna að afhenda upplýsingar um skuldir og sagt að það væri gert til að sætta öndverð sjónarmið skattyfirvalda og Samtaka fjármálafyrirtækja í málinu.

## Undirbúningur

Hjá RSK hófst undirbúningur að áritun bankaupplýsinga strax eftir að löggin voru samþykkt 23. desember sl. Haldnir voru fundir með starfsmönnum helstu viðskiptabankanna og ákveðið með hvaða

hætti upplýsingarnar yrðu sendar til RSK. Ákveðið var að eingöngu yrði unnt að senda upplýsingarnar með rafrænum hætti. Við móttöku upplýsinganna er sama tæknilega útfærsla og sama snið notað og við móttöku upplýsinga úr vefbanka. Nokkur umræða var um afhendingu upplýsinga um bankareikninga með neikvæða stöðu um áramót (yfirdrætti). Talsmenn bankanna töldu að þeim væri ekki heimilt að afhenda slíkar upplýsingar enda um að ræða skuld viðkomandi aðila við bankann. Sjónarmið skattyfirvalda var hins vegar það að afhenda bæri upplýsingar um alla bankareikninga óháð því hvort staðan á reikningnum væri jákvæð eða neikvæð um áramótin. Niðurstaðan varð sú að framangreindar upplýsingar voru ekki afhentar og af þeim sökum verða yfirdrættir ekki áritaðir inn í kafla 5.5 á framtali að þessu sinni.

Undanfarin ár hafa framteljendur átt þess kost að senda upplýsingar úr vefbanka um bankainnstæður ásamt ýmsum öðrum upplýsingum yfir á sundurliðunarblað netframtalsins og þaðan inn á framtalið. Sérstakar ráðstafanir eru nú gerðar til að tryggja að ekki verði um tvískráningu að ræða, þ.e. framteljendur munu ekki geta flutt upplýsingar um bankainnstæður úr vefbanka yfir á sundurliðunarblað vefframtalsins.

## Einfölduð framtalsgerð

Með lagabreytingunni er stigið stórt skref í átt að betri og áreiðanlegri skattskilum sem og einfaldari framtalsgerð fyrir framteljendur í landinu. Líkur standa til þess að upplýsingar um bankainnstæður hafi ekki allar skilað sér inn á skattframtöl síðustu ára, t.d. voru tæplega 92 þúsund einstaklingar með launatekjur yfir skattleysismörkum sem gerðu enga grein fyrir innstæðum í fjármálastofnunum á skattframtölum 2008. Á undanförunum árum hafa skattyfirvöld unnið markvisst að einföldun framtalsgerðar. Með tédum breytingum á lögnum mun framtalsgerð verða töluvert einfaldari en áður. Vöntun upplýsinga frá fjármálastofnunum hefur raunar verið einn helsti farartálminn á leið skattyfirvalda að einfaldari framtalsgerð.

# Fólkið á vaktinni

## Lögfræðideild

Lögfræðideild hefur aðsetur á þriðju hæð húsnæðis ríkisskattstjóra. Starfsmenn deildarinnar eru Bjarni Amby Lárusson, Bragi Freyr Kristbjörnsson, Elín Norðdahl, Harpa Kristjánsdóttir, Hulda Sigurðardóttir, Ragnheiður Björnsdóttir, Runólfur Vigfússon og Þórey Aðalsteinsdóttir. Lögfræðideild er ein þriggja eininga á stjórnsýsluviði. Hinar eru úrskurðadeild og alþjóðamál.



Starfsfólk lögfræðideildar stjórnsýsluviðs. Bjarni Amby Lárusson, Runólfur Vigfússon, Bragi Freyr Kristbjörnsson, Elín Norðdahl, Ragnheiður Björnsdóttir, Þórey Aðalsteinsdóttir, Hulda Sigurðardóttir og Harpa Kristjánsdóttir.

hinar einingarnar á stjórnsýsluviði og eru ýmis verkefni eða mál unnin þvert á verkaskiptingu eininga, einkum og sér í lagi á álagstoppum. Má þar sem dæmi nefna afgreiðslu almennra skatterinda. Einnig er mikið samstarf við tvær deildir á skattasviði, þ.e. virðisaukaskattsdeild og tekjuskattsdeild. Samstarfið er ekki síst við ritun verklagsreglna og handbóka. Starfsmenn deildarinnar sitja til að mynda í starfshópi um endurritun handbókar í virðisaukaskatti.

Þá hafa starfsmenn lögfræðideildar mikil samskipti við starfsmenn þjónustuvæðs ríkisskattstjóra sem leita mikið til lögfræðideildar til þess að fá aðstoð við svörun fyrirspurna, símleiðis eða með tölvupósti. Þess ber að geta að álag á starfsmenn lögfræðideildar, sem og annarra deilda embættisins, hefur minnkað til muna með tilkomu þjónustuvæðs en starfsfólk þess er alveg einstakt.

Starfsmenn lögfræðideildar taka þátt í kennslu á námskeiðum og málstofum, innan embættisins, kerfisins og utan þess. Meðal þeirra má nefna námskeið fyrir nýja í rekstri.

Í lokin má nefna að lögfræðideild fer með mál er lúta að útgáfu svokallaðra TS-heimilda en slíkar heimildir eru gefnar út á grundvelli 10. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. Þá sér deildin um erindi er varða rafræn bókhaldskerfi samkvæmt reglugerð nr. 598/1999, um rafrænt bókhald, geymslu rafræna gagna og lágmarkskröfur til rafræna bókhaldskerfa.

Lögfræðideild hefur umsjón með ritun umsagna í kærumálum fyrir yfirskaðanefnd en samkvæmt lögum nr. 30/1992, um yfirskaðanefnd, ber ríkisskattstjóra að koma fram fyrir hönd gjaldkrefjanda gagnvart yfirskaðanefnd. Áætlað er að settar verði fram um 300 kröfugerðir á árinu 2009.

Ríkur þáttur í starfsemi lögfræðideildar er ritun álitgerða og samræming, þ.e. túlkun réttarreglna og miðlun upplýsinga. Skattaðilar, umboðsmenn þeirra, svo og opinberir aðilar, þ. á m. skattstofur, leita í ríkum mæli til ríkisskattstjóra eftir upplýsingum um gildandi rétt og túlkunum ríkisskattstjóra á réttarreglum og gegnir lögfræðideild hér stóru hlutverki. Þá svara starfsmenn deildarinnar fjölmörgum tölvupóstum á degi hverjum og taka þátt í skipulagðri símsvörun embættisins.

Deildin leggur einnig lið við undirbúning og samningu lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla. Þá sitja starfsmenn hennar í fjölmörgum nefndum og starfshópum með þátttöku starfsmanna annarra embætta. Má þar sem dæmi nefna starfshóp um gildisdagsetningar í virðisaukaskatti og samráðshóp vegna EES-mála á sviði almannatrygginga.

Lögfræðideild kemur að ritun bindandi álita í skattamálum en samkvæmt lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, skal ríkisskattstjóri láta upp bindandi álit í skattamálum eftir því sem löggin kveða á um, enda varði mál verulega skattalega hagsmuni þess er eftir álitinu leitar. Gert er ráð fyrir að gefin verði út 10 bindandi álit á árinu 2009.

Lögfræðideild hefur náið samstarf við aðrar deildir embættisins, einkum þá

BAL





Starfsfólk fyrirtækjaskrár. Margrét Oddsdóttir, Hulda Pálsdóttir, Haukur Sigurðsson, Skúli Jónsson, Guðný Sóley Ásbjarnardóttir, Árný Jakobsdóttir, Gerður Pálsdóttir, Ólafur Magni Sverrisson, Margrét Högnadóttir, Sigríður L. Lúðvíksdóttir, Ingunn Ásgeirsdóttir, Svala Hilmarsdóttir og Eva Gunnarsdóttir. Á myndina vantar Helgu Finnbogadóttur.

## Fyrirtækjaskrá

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra veitir ýmsa þjónustu til viðskiptavina. Bæði er veitt þjónusta í síma og til þeirra viðskiptavina sem mæta í afgreiðslu. Í afgreiðslunni starfa tveir starfsmenn við að taka á móti gögnum um nýskráningar fyrirtækja, breytingar, annast sölu gagna, útbúa reikninga o.fl. Reynt er eftir fremsta megni að yfirfara tilkynningar um breytingar á meðan viðskiptavinur bíður þar sem oftast er þörf á lagfæringum.

Að jafnaði sinna þrír til fimm starfsmenn fyrirtækjaskrár símaþjónustu ásamt skráningarstörfum. Upplýsingar sem veittar eru símaleiðis eru fyrirsprungir um skráð fyrirtæki og félög, kaup á gögnum úr skránni, s.s. vottorð, afrit af samþykktum o.fl. Þjónustufulltrúar sjá um að taka saman afrit af þeim gögnum sem viðskiptavinir biðja um ásamt því að útbúa vottorð, bæði á íslensku og ensku. Að meðaltali eru um 450 vottorð afgreidd mánaðarlega og 150 beiðnir um afrit af gögnum. Einnig veita þjónustufulltrúar upplýsingar og aðstoð við útfyllingu eyðublaða vegna nýskráninga og breytinga og hvernig eigi að bera sig að við að tilkynna

hin ýmsu atriði til skráarinnar sem eru tilkynningarskyld. Þó mikið af erindum berist í gegnum símann hefur einnig aukist að fólk nýti sér tæknina og sendi erindi með rafrænum hætti í gegnum tölvupóst á netfangið [fyrirtaekjaskra@rsk.is](mailto:fyrirtaekjaskra@rsk.is) og svara starfsmenn þó nokkuð mörgum slíkum erindum daglega.

Á heimasíðu fyrirtækjaskrár er hægt að fletta upp upplýsingum um kennitölur fyrirtækja, heiti, heimilisfang o.fl. sem viðskiptavinir nýta sér í sí auknum mæli. Viðskiptavinir fyrirtækjaskrár eru mikið til lögmannsstofur, endurskoðunarfyrirtæki, fjármálastofnanir og atvinnulífið almennt auk einstaklinga.

Atvinnulífið notar þjónustu fyrirtækjaskrár mikið. Því er orðin aukin krafa um að tilkynningar varðandi breytingar og nýskráningar séu skráðar inn sem fyrst og er leitast við að verða við því eins og kostur er.

Hér að framan er stiklað á stóru varðandi þá þjónustu sem fyrirtækjaskrá veitir. Óhætt er að segja að starfsemin sé fjölbreytt og fyrirsprungir og verkefni eftir því. Oft á tíðum er mikið álag í síma og afgreiðslu sem starfsfólk reynir að sinna eins vel og hægt er með bros á vör og þjónustulund.

SLL

# Skattlagning kolvetnisvinnslu

Í rúman áratug hefur með markvissum hætti verið kannað hvort olía eða gas finnist í landgrunni Íslands. Þær kannanir benda til þess að verulegar líkur séu á að hér finnist olía eða gas, hér eftir einu nafni nefnt kolvetni.

Vorið 2006 samþykkti ríkisstjórn Íslands að hefja undirbúning að útgáfu leyfa til rannsókna og vinnslu kolvetnis á svokölluðu Drekasvæði við Jan-Mayen hrygg. Svæðið sem um ræðir er nyrst og austast í íslensku efnahagslögsögunni og er um 42.700 ferkílómetrar að flatarmáli. Þann 22. janúar sl. var opnað fyrir umsóknir vegna fyrsta útboðs á sérleyfum til rannsóknar og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu. Orkustofnun mun úthluta allt að fimm leyfum en útboðinu lýkur 15. maí næstkomandi.



Þórður  
Reynisson

Í tengslum við framangreint útboð voru samþykkt á Alþingi lög nr. 170/2008, um skattlagningu kolvetnisvinnslu, sem tóku gildi 1. janúar 2009. Frumvarp til framangreindra laga byggðist á tillögum starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði í maí 2006, en í honum sitja fulltrúar fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra. Tillögur starfshópsins, og þar af leiðandi löggin, eru í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um skattlagningu kolvetnisvinnslu og voru eftirtalin meginmarkmið höfð að leiðarljósi við mótun þeirra:

- Að ríkinu verði tryggð ásættanleg hlutdeild í þeim hagnaði sem fellur til vegna nýtingar á takmarkaðri auðlind í eigu þjóðarinnar.
- Að Ísland verði í skattalegu tilliti samkeppnishæft við nágrannaríki okkar (Noreg, Færeyjar, Kanada, Írland og Grænland).
- Að skattlagning kolvetnisvinnslu á Íslandi verði einföld og skilvirk.

## Sérstaða kolvetnisvinnslu

Fyrirtæki í kolvetnisvinnslu greina á milli ríkja eftir því hversu vel kannaðar olíulindir þeirra eru, hversu auðvelt er að nálgast þær, hvað er vitað um jarðlög og hver skattheimta ríkjanna er. Eigi að laða hingað til lands fyrirtæki til að vinna kolvetni þarf skattlagning á starfsemi þeirra héraðs að vera vel samkeppnishæf við skattareglur annarra ríkja um sambærilega starfsemi. Sérstaða kolvetnisvinnslu liggur fyrst og fremst í mjög löngum tíma og kostnaði vegna leitar og vinnslu en á móti kemur að ábatinn getur verið gríðarlegur ef vel gengur.

Orkustofnun hefur bent á að óraunhæft sé að ætla að styttri tími en 9 ár líði frá því kolvetnisvinnslufyrirtæki fær leyfi til leitar og rannsóknar þar til vinnsla getur hafist. Þá er óvarlegt að ætla að fjárfestingar þessara fyrirtækja, sem eru í eðli sínu langtímafjárfestingar, skili hagnaði fyrr en að nokkrum tíma liðnum eftir að vinnsla hefst. Með hliðsjón af þessu hefur almennt verið talið að önnur sjónarmið gildi um skattlagningu þessa iðnaðar enda getur ábati ríkisins verið mikill ef vel tekst til. Samhliða þarf að tryggja að ríkið fái ásættanlega hlutdeild í þeim hagnaði sem til fellur vegna nýtingar á þessari takmörkuðu þjóðarauðlind.

## Skattaumhverfi kolvetnisvinnslufyrirtækja

Sem fyrr segir er skattaumhverfið einn af þeim ákvörðunarþáttum sem vinnslufyrirtæki horfa gjarnan til þegar þau standa frammi fyrir því að bjóða í leitarleyfi í einstökum ríkjum. Starfshópur fjármálaráðherra kannaði sérstaklega með hvaða hætti nágrannalönd okkar hafa skattlagt slíka starfsemi. Almennt má segja að hægt sé að skipta skattlagningu á kolvetnisvinnslu upp í þrjá meginflokk:

### Svæðisgjöld

Það eru gjöld sem greidd eru fyrir leitarleyfi á ákveðnu svæði og miðast fjárhæð gjaldsins vanalega við stærð leitarsvæðisins. Jafnframt getur leitarleyfið veitt mismunandi heimildir og í sumum ríkjum eru svæðisgjöld vegna leitarleyfis töluvert hærri ef leyfið felur í sér borunarleyfi. Hér á landi eru ákvæði um svæðisgjöld í lögum nr. 13/2001.

### Vinnslugjald

Sum ríki hafa farið þá leið að leggja skatt á allt það kolvetni sem nýtt er úr auðlindinni með svokölluðu vinnslugjaldi. Það er ákveðið gjaldhlutfall þar sem gjaldstofninn miðast við það söluverð sem fæst fyrir þá olíu sem dælt er úr auðlindinni á hverjum tíma. Vinnslugjaldið er óháð afkomu kolvetnisvinnslunnar og því eru tekjur af því tiltölulega öruggar eftir að vinnsla hefst.

## Skattur af hagnaði (kolvetnisskattur)

Hagnaður af kolvetnisvinnslu vegna nýtingar á olíuauðlindum þjóða getur orðið gríðarlega mikill ef leit ber árangur. Því þykir almennt rökrétt að slík vinnslufyrirtæki greiði hærri skatt en almennt fyrirtæki af hagnaði sínum. Í nágrannalöndum okkar er skattlagning á hagnað olíufyrirtækja mun hærri en á hagnað fyrirtækja almennt og hafa flest þeirra farið þá leið að leggja sérstakan skatt á þessi fyrirtæki, svokallaðan kolvetnisskatt. Sem dæmi má nefna að í Noregi er kolvetnisskatturinn 50% sem leggst ofan á almennan fyrirtækjaskatt, sem er 28%, þannig að hagnaður olíufyrirtækja þar í landi ber samanlagt 78% skatt.


## Lög nr. 170/2008, um skattlagningu kolvetnisvinnslu

Eins og áður sagði tóku lög nr. 170/2008, um skattlagningu kolvetnisvinnslu, gildi 1. janúar síðastliðinn. Með lögnum voru í fyrsta skipti lögfest sérákvæði um skattlagningu kolvetnisvinnslu hér á landi. Löggin taka mið af sérstöðu kolvetnisvinnslu og við mótun og útfærslu laganna hafði starfshópurinn samstarf við marga hagsmunaaðila og erlenda sérfræðinga á þessu sértæka skattlagningar sviði. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu ákvæðum laganna.

## Gildissvið og skattskylda

Gildissvið laganna er mjög víðtækt en þau taka meðal annars til skattlagningar á tekjum vegna leitar, rannsóknar og vinnslu kolvetnis í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Skattlagningarrétturinn getur því í vissum tilvikum náð út fyrir 200 sjómílna grunnlínu landhelginnar. Skattskyldan nær til allra þeirra aðila sem fengið hafa leyfi til leitar, rannsóknar eða vinnslu kolvetnis á framangreindu svæði og hún nær einnig til annarra aðila sem taka með beinum hætti þátt í öflun og dreifingu kolvetnisins. Sem dæmi verða aðilar sem flytja kolvetni unnið á Drekasvæðinu ótvírætt skattskyldir hér á landi af þeirri





starfsemi samkvæmt lögnum. Í þessu samhengi er rétt að benda á að skattskylda aðila samkvæmt þeim lögum sem hér um ræðir hefur engin áhrif á skattskyldu þeirra samkvæmt öðrum lögum. Skattskyldum aðilum ber því eftir sem áður skylda til að greiða alla aðra skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi eftir þeim lögum og reglum sem um þau gilda á hverjum tíma.

### Stighækkandi skattar

Samkvæmt lögnum greiða skattskyldir aðilar annað hvort vinnslugjald eða kolvetnisskatt. Gjaldhlutfall þessara skatta er ákvarðað sem fall sem vex með aukinni vinnslu eða auknum hagnaði af vinnslunni. Þetta er að öllum líkindum í fyrsta skipti sem gjaldhlutfall skatta er ákvarðað með þessum hætti hér á landi. Hér verður gerð nánari grein fyrir þessum tveimur sköttum.

### Vinnslugjald

Vinnslugjaldið er stighækkandi gjald sem skattskyldur leyfishafi greiðir af öllu því kolvetni sem varanlega er tekið úr auðlindinni á grundvelli hinnar leyfis- skyldu starfsemi. Vinnslugjaldið leggst á verðmæti unnins magns og er því óháð kostnaðarliðum í rekstri hins gjaldskylda aðila. Hins vegar er ekkert vinnslugjald greitt af fyrstu 10 milljónum tunna á hverju ári. Talið er ólíklegt að vinnsla undir rúmlega 27 þúsund tunnum á dag, þ.e. 10 milljónum tunna á ári, skili hagnaði ef sú vinnsla er ekki í tengslum við aðra vinnslu á nálægu svæði og því þótti rétt að undanþiggja þá vinnslu gjaldskyldu. Gjaldhlutfall vinnslugjaldsins

hækkar með aukinni vinnslu og samkvæmt 7. gr. laganna er það ákvarðað með eftirfarandi hætti:

Unnið magn í milljónum tunna að frádregnum 10 milljónum tunna. Í þá fjárhæð er deilt með milljón og sú útkoma er margfölduð með stuðlinum 0,5. Fjárhæð vinnslugjaldsins er margfeldi gjaldhlutfallsins og verðmætis unnins magns en fjármálaráðherra skipar nefnd sem hefur það hlutverk að ákvarða mánaðarlega viðmiðunarverð á kolvetni. Í eftirfarandi töflu eru tekin dæmi af útreikningi vinnslugjalds við mismunandi magn vinnslu og miðað við viðmiðunarverðið 10.000 krónur á hverja tunnu:

Unnið magn af kolvetni (millj. tunna)	20	40	50	60	80	100	125
Gjaldhlutfall	5%	15%	20%	25%	35%	45%	58%
Gjaldstofn vinnslugj. í milljörðum m.v. viðmiðunarverð 10.000 kr. á tunnu.	200	400	500	600	800	1000	1250
Vinnslugjald (milljarðar kr).	10	60	100	150	280	450	719



## Kolvetnisskattur

Þegar árleg kolvetnisvinnsla leyfishafa er farin að skila hagnaði umfram 20% af skattskyldum rekstrartekjum skal hann greiða kolvetnisskatt í stað vinnslugjalds. Kolvetnisskattur er greiddur af hagnaði og er stighækkandi eftir því sem hagnaður eykst. Gjaldhlutfall hans reiknast þannig að frá hagnaðarhlutfalli eru dregin 10 prósentustig og sá munur margfaldaður með stuðlinum 0,55. Í eftirfarandi töflu eru tekin dæmi um útreikning kolvetnisskatts hjá aðila með 500 milljarða í rekstrartekjur á ári og mismunandi hagnaðarhlutfall:

Rekstrartekjur (milljarðar kr.)	500	500	500	500	500	500	500
Rekstrargjöld (milljarðar kr.)	400	350	300	250	200	100	50
Hagnaðarhlutfall	20%	30%	40%	50%	60%	80%	90%
Gjaldhlutfall	5,5%	11,0%	16,5%	22,0%	27,5%	38,5%	44,0%
Kolvetnisskattur (milljarðar kr.)	5,5	16,5	33	55	82,5	154	198

## Efnahagsleg áhrif kolvetnisvinnslu

Ef olía finnst við Ísland í nægjanlegu magni til vinnslu getur það haft veruleg efnahagsleg áhrif á þjóðarþúskapinn. Gera má ráð fyrir

að útgjöld hins opinbera vegna olíustarfsemi hér á landi verði aðeins lítið brot af þeim tekjum sem búast má við að skili sér í beinum og óbeinum sköttum í ríkissjóð ef olíuvinnsla hefst hér á landi. Leit og rannsóknir geta tekið um 9-12 ár áður en vinnsla hefst og ólíklegt er að ríkið fái verulegar skatttekjur af starfsemi fyrir en að einhverjum tíma liðnum. Ef vinnsluhæfar kolvetnislindir finnast í hóflegu magni gætu tekjur ríkissjóðs numið nokkrum tugum milljarða króna umfram kostnað en ef stórar vinnsluhæfar kolvetnisauðlindir finnast verða tekjur ríkisins mun meiri.

um skattlagningu á þessa starfsemi á Íslandi. Þó að mikið verk hafi þegar verið unnið á þessu sviði er ljóst að upphaf kolvetnisvinnslu hér á landi kallar á að einnig verði gerðar breytingar á öðrum sviðum skattkerfisins. Sem dæmi má nefna að ráðuneytið vinnur nú að tillögum til breytinga á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem miða að því að aðlaga þau lög að þessari verðandi atvinnugrein á Íslandi og líklegt er að frumvörp þar að lútandi verði lögð fyrir Alþingi á næstu mánuðum.

*Höfundur er lögfræðingur á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og á sæti í starfshópi fjármálaráðherra um skattlagningu kolvetnisvinnslu.*

## Lokaorð

Hér hefur í stuttu máli verið gerð grein fyrir helstu sjónarmiðum við skattlagningu á kolvetnisvinnslu. Jafnframt hefur verið farið yfir helstu þætti nýsamþykktra laga

# Ferð starfsmanna skattstjóra Reykjavíkur til Berlínar

Hópur starfsmanna skattstjóra Reykjavíkur fór í kynningarferð til Berlínar dagana 21. til 24. nóvember 2008

Farið var í þýska fjármálaráðuneytið og sendiráð Íslands. Þóttu báðar heimsóknirnar takast mjög vel. Starfsmenn gleyptu í sig fróðleik sem þýska skattafólkið úthellti en þótti jafnvel meira til þess koma að fá að skoða húsakynni fjármálaráðuneytisins sem eru allt í senn gamaldags, nútímaleg og afspyrnu stofnanaleg. Fyrirlestrar hjá íslenska sendiráðinu voru fróðlegir. Íslenska sendiráðið starfar með norrænu sendiráðunum í „Felleshus“ og hafa þau eitt sameiginlegt afgangi svæði þar sem er sameiginlegt hús með fundarsal,



afgreiðslu, matsal o.fl. Hvert sendiráð hefur einnig sitt hús fyrir skrifstofur og er greinilegt að mikið hefur verið lagt í nútímalega hönnun með skírskotun til hvers lands fyrir sig. Íslenska húsið státar t.d. af stuðlabergi, íslensku grágrýti og „glóandi“ hrauni.

Var það ánægt starfsfólk skattstjóra sem mætti til vinnu á þriðjudagsmorgni.

BES

- Einstaklingar og fyrirtæki -

# Kikna undan skuldum



Páll  
Kolbeins

Með þróun nútíma bankakerfis hættu útlán að takmarkast af innlánnum en voru þess í stað fjármöggnuð að miklu leyti á millibankamarkaði eða með skulda-bréfaútböðum. Lausafé hætti að vera takmarkandi þáttur eins og verið hafði. Einkavæðing bankakerfisins fylgdi svo í þrepum á árunum 1998 til 2003. Í framhaldinu, eða árið 2003, var bindi-skylda bankanna lækkuð úr 4% í 2% en við það jókst geta bankanna til að lána. Talið er að við þetta hafi losnað um eina 20 milljarða kr. sem gætu, þegar áhrif peningamargfaldarans eru höfð í huga, hafa leyst úr læðingi 200 til 300 milljarða kr. sem bankarnir gátu nú lánað út til einstaklinga og fyrirtækja. Þetta gerðist á sama tíma og auðvelt var fyrir banka og önnur fyrirtæki að fá lán á hagstæðum kjörum erlendis. Því hefur verið haldið fram, að árið 2003 hafi bankarnir haft um 800 til 900 milljörðum kr. meira fé til ráðstöfunar en áður. Árið 2004 fóru bankarnir í samkeppni við Íbúðalánasjóð með því að bjóða fasteignalán til langs tíma með rýmri skilyrðum en áður höfðu þekkt. Þegar auðveldara varð fyrir almenning að fá hagstæð lán hækkaði verð á fasteignum. Vextir á fasteignalánnum voru lækkaðir um u.þ.b. þriðjung en svo mikil lækkun hefði mögulega ein og sér getað leitt til verulegrar hækkunar á fasteignaverði, jafnvel um tugi prósent. Um 70% eigna almennings er bundinn í fasteignum og því hafa kaup og sala fárra fasteigna veruleg áhrif á fasteignamat, eignastöðu og veðhæfi allra sem eiga fasteignir, auð einstaklinganna í landinu. Það má líta á hækkun á eignaverði

Á undanförunum árum hafa skuldir einstaklinga og rekstraraðila aukist gríðarlega. Ýmsar ástæður eru fyrir þessari miklu skuldaaukningu. Um miðjan tíunda áratuginn var komið á frelsi fjármagnsflutninga við útlönd og nútímalegum millibankamarkaði með krónur og gjaldeyri var komið á árið 1998.

sem ígildi óinnleysta fjármagnstekna. Einstaklingar gátu tekið lán út á þennan nýfengna auð. Væntingar voru um enn frekari hækkunir í framtíðinni, þeir gátu umbreytt honum í neyslu á líðandi stundu sem aftur jók eftirspurn og tekjur, sem enn aftur bætti lánstraust einstaklinga. Aðrar skuldir en skuldir vegna kaupa á eigin íbúðarhúsnæði hafa aukist mun hraðar en skuldir vegna eigin íbúðarhúsnæðis á síðustu árum. Hér er um að ræða skuldir vegna neyslu eða fjárfestinga í t.d. sumarbústöðum, bifreiðum eða hjólhýsum og ekki hvað síst í verðbréfum. Flæði erlends gjaldeyris inn í landið leiddi svo til gengishækkunar sem jók eftirspurn og tekjur og bætti láns hæfi

einstaklinga og eignasafn bankanna gagnvart erlendum lánardrottnum. Þessi saga er vel þekkt.<sup>1</sup>


## Skuldir einstaklinga hafa hækkað um ríflega 129% á síðustu fimm árum

Framan af síðasta áratug hækkuðu skuldir einstaklinga jafnt og þétt, um og yfir 10% á ári en árið 2004, álagningarárið 2005, tók skuldaaukningin kipp. Skuldir einstaklinga jukust um 70,3 milljarða kr. frá árslokum 2002 til ársloka 2003, eða um 12% og rúma 100 milljarða kr. eða um 15,2%, frá árslokum 2003 til ársloka 2004 skv. framtölum árána 2004 og 2005.




Frá árinu 1998 hafa skuldir einstaklinga aukist um rúma þúsund milljarða króna. Skuldarnar hafa meira en fjórfaldast frá þeim tíma. Mest hefur skuldaaukningin verið frá árinu 2003, en frá framtalsárinu 2003 hafa framtaldar skuldir einstaklinga aukist um 129,9%.

### Eignir og skuldir einstaklinga 1993 til 2008 og hlutfall skulda af eignum




Eignir og skuldir einstaklinga hafa aukist mikið á undanförunum árum. Skuldir hafa haldist í hendur við hækkun eignaverðs. Eignaverð hefur haldist í hendur við getu og vilja manna til að skulda.

### Árleg breyting eigna og skulda einstaklinga 1993 til 2008



Árið 2004 urðu ákveðin þáttaskil í skuldasöfnun landsmanna. Á síðustu þremur árum hafa skuldir einstaklinga aukist um rúmlega 21% á ári, nú síðast um 234,7 milljarða kr. á milli framtalsáranna 2007 og 2008.

### Fjöldi einstaklinga sem skulda meira en 50 milljónir - Skipt eftir upphæð skulda



Á síðustu árum hefur fjöldi ört í þeim hópi framteljenda sem skuldar mikið. Árið 2003 töldu 120 einstaklingar fram meira en 50 milljónir kr. í skuldir á skattframtali. Fimm árum síðar, árið 2008, skulduðu 1.841 fjölskyldur meira en 50 milljónir kr.

Á síðustu þremur árum hafa skuldir einstaklinga aukist um rúmlega 21% á ári, nú síðast um 234,8 milljarða kr. á milli framtalsáranna 2007 og 2008. Frá árslokum 2002 til ársloka 2007 hækkuðu skuldir einstaklinga um rúm 129%, úr rúmum 586,5 milljörðum kr. í 1.348,1 milljarð kr. Hér eru skuldir á verðlagi hvers árs en vegna verðtryggingar hækkar bróðurpartur skulda einstaklinga ár frá ári í takt við verðlag þó svo að engin ný lán séu tekin.

Allan síðasta áratug fylgdu skuldir hækkun eigna. Vafalaust má því rekja skuldaaukninguna að miklu leyti til hækkunar á verði eigna og hækkun á eignamörkuðum til þess að auðveldara var fyrir fólk að fá lán. Skuldir hafa þó aukist nokkuð hraðar en framtaldar eignir, en þó aldrei meira en eignir. Skuldir voru 37,5% af eignum árið 1998 en nú skv. framtali 2008 voru skuldir 39,9% af eignum. Hér verður að hafa í huga að hlutabréf eru talin fram á nafnvirði og því kemur hækkun á hlutabréfaverði ekki fram sem aukning á framtöldum eignum. Nafnverð hlutabréfa hefur hins vegar ekki verið meira en tvö til þrjú prósent af eignum einstaklinga á undanförunum árum. Nú hafa eignirnar sem lagðar voru fram sem trygging fyrir lánunum hins vegar minnkað að verðgildi eða þá að þær seljast ekki á því verði sem þarf að fá fyrir þær til þess að unnt sé að greiða upp lánin. Það flækir einnig málin hversu stór hluti eigna einstaklinga er bundinn í fasteignum, en þar er ekki aðeins um að ræða fjárfestingu í steinsteypu, sem skilar engum tekjum líkt og t.d. skuldabréf sem bera vexti, heldur einnig heimili fólks. Allur almenningur á því erfitt með að nýta sér verðbreytingar á fasteignum, eða eins og málum er háttað nú, að verja sig gegn tapi þegar hrun verður á markaði.

### Miklar skuldir hjá ungu fólki

Það vekur nokkra athygli þegar skuldir einstaklinga eru skoðaðar hversu margir skulda mikið og hversu ört hefur fjöldi í þeim hópi framteljenda sem svo er ástatt um. Á síðustu árum hefur færst í vöxt að einstaklingar sem notið hafa lánstrausts hafi fengið mikið fé að láni til þess að kaupa verðbréf. Álagningarárið 2003 töldu 120 einstaklingar fram meira en 50 milljónir kr. í skuldir á skattframtali. Einn framteljandi skuldaði meira en 400 milljónir kr. Fimm árum síðar, álagningarárið 2008, skuldaði 1.841 framteljandi meira en 50 milljónir kr., en þar af skulduðu 44 meira en 400 milljónir kr. og 18 skulduðu meira en þúsund milljónir kr.

Vissulega hefur dreifingin hér töluverð áhrif og þannig hefði fremur lítil og almenn hækkun getað haft þau áhrif að stór hópur sem var rétt undir 50 m.kr. mörkunum hefði bæst við þennan hóp lántakenda. Þetta er hins vegar ekki raunin. Einstaklingar sem skulduðu meira en 50 milljónir kr. árið 2008 skulduðu samanlagt 185,7 milljarða, saman borið við tæpan 11,1 milljarð kr. árið 2003. Skuldir þessa hóps fóru þannig úr því að vera 1,9% skulda einstaklinga árið 2003 í 13,8% álagningarárið 2008. Rétt er að taka fram að hér er eingöngu um að ræða einstaklinga sem eru persónulega ábyrgir fyrir skuldum sínum, ekki þá sem hafa stofnað félög um eignir og skuldir, en á síðustu árum hefur færst í vöxt að einstaklingar stofni félög um verðbréfaeign sína meðal annars til þess að takmarka persónulega ábyrgð.

Ýmislegt bendir þannig til þess að skuldaaukningin hafi ekki aðeins verið almenn og veruleg heldur hafi bankarnir verið tilbúnir til þess að lána ákveðnum einstaklingum mjög mikið. Þetta sést vel ef skuldir 50 skuldugustu einstaklinganna á hverjum tíma eru skoðaðar og skuldir þeirra bornar saman við skuldir annarra landsmanna. Álagningarárið 2003 skulduðu 50 skuldugustu einstaklingarnir tæpa 6,9 milljarða kr., sem var þá um 1,2% heildarskulda einstaklinga í landinu. Í árslok 2007, skv.



skattframtali ársins 2008, skulduðu 50 skuldugustu einstaklingarnir rúma 49,4 milljarða kr., eða um 3,7 prósent skulda einstaklinga. Þeir 50 sem skulduðu mest skv. skattframtali 2008 skulduðu þannig rúmlega sjöfalt meira en þeir 50 sem mest skulduðu skv. skattframtali 2003. Í þessu sambandi vekur athygli, hve margir þeirra einstaklinga sem skulda mjög mikið eru ungir að árum, margir á fertugsaldri. Þeir hefðu hagnast gríðarlega mikið ef eignirnar sem fjárfest var í hækkuðu í verði. Það er hins vegar ekki ólíklegt að einhverjar breyting hafi orðið á högum margra í þessum hópi á undanförunum mánuðum.

### Rekstraraðilar skulda meira

Það er ekki aðeins að einstaklingar hafi steipt sér í skuldir á undanförunum árum heldur hafa fyrirtækin í landinu einnig safnað skuldum sem aldrei fyrr. Landsmenn nutu langvarandi hagsældar, laun hækkuðu, tekjur jukust og eignir hækkuðu í verði. Ekkert lát virtist ætla að verða á góðærinu. Við þessar aðstæður voru stjórnendur fyrirtækja framsæknir og viljugir til að taka mikla áhættu í von um mikinn hagnað sem oftast en ekki skilaði sér eins og vonir stóðu til. Almenn bjartsýni ríkti og úrtölumenn áttu ekki upp á pallborðið. Menn höfðu þannig ekki aðeins vilja, kjark og þor heldur einnig það sem mest er um vert, tækifæri til þess að auka skuldir sínar í von um betri ávöxtun á eigið fé.

Í skrá ríkisskattstjóra er að finna ársreikninga rekstraraðila allt aftur til ársins 1998. Fyrstu árin sem staðlað rafrænt skattframtal var notað var nokkuð um að menn skildu skattframtali á pappír og því eru tölur úr framtölum árána 1998 og 1999 ekki að fullu sambærilegar við nýjustu upplýsingarnar. Að svo miklu leyti sem framtölin eru rétt útfyllt gefa þau nokkuð góða mynd af rekstri einstakra félaga sem og heildarmynd af rekstraraðilum í landinu öllu. Hér er þó rétt að taka strax fram að opinberir aðilar, ríki, sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki á þeirra vegum, eru undanþegin almennum tekjuskatti og því ekki framtalskyld með sama hætti og aðrir rekstraraðilar. Þeir skila því ekki skattframtali og eru þess vegna ekki taldir með öðrum rekstraraðilum í umfjölluninni hér að neðan. Þó má benda á að orkufyrirtækjum var gert að skila framtali við álagningu 2007.


### Skuldir hafa tólfaldast frá árinu 2000

Af skiljanlegum ástæðum fylgja skuldir einstaklinga og rekstraraðila sama mynstrinu, enda liggja í meginatriðum sömu ástæður að baki skuldaföfnun einstaklinga og rekstraraðila. Skuldir eru ávallt við einhvern, annað fyrirtæki eða banka, sem færir þá skuldina til bókar sem eign í reikningum sínum. Ýmis konar fjármálastarfsemi var orðin mjög umfangsmikil í landinu. Skuldir banka og fjármálaþyrirtækja, sem og fjárfestingarfélaganna eða eignarhaldsfélaga, hafa aukist mikið á undanförunum árum en stór hluti skulda rekstraraðila er einmitt vegna slíkra félaga.

Ef skoðað er hvernig eignir og skuldir rekstraraðila hafa þróast þá má sjá að í árslok 1999, skv. rafrænum skattframtölum ársins 2000, voru bókfærðar eignir lögaðila 1.652 milljarðar kr. Á móti eignum stóðu skuldir upp á 1.276 milljarða kr. og eigið fé upp á 377 milljarða kr. Í árslok 2007 voru samanlagðar eignir rekstraraðila orðnar 22.831 milljarðar kr., skuldir voru 15.685 milljarðar kr. og eigið fé 7.135 milljarðar kr. Efnahagsreikningar rekstraraðila hafa þannig nær fjórtánfaldast frá því í árslok árið 1999. Til samanburðar fóru rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum úr 37 milljörðum kr. í rúma 352 milljarða kr. á tímabilinu.


Eins og hjá einstaklingum má segja að skuldaföfnun lögaðila hafi hafist fyrir alvöru árið 2003. Skuldir lögaðila hækkuðu

Skuldir þeirra 50 sem mest skulduðu á hverju ári 2003 til 2008




Hópur einstaklinga hefur haft mjög greiðan aðgang að lánsfé. Árið 2003 skulduðu 50 skuldugustu fjölskyldurnar tæpa 6,9 milljarða kr. Árið 2008 skulduðu 50 skuldugustu fjölskyldurnar tæpa 49,5 milljarða kr.

Eignir, skuldir og eigið fé lögaðila 1998 til 2008




Efnahagsreikningur íslenskra rekstraraðila hefur nær fjórtánfaldast frá árslokum 1999. Í árslok 2007 voru samanlagðar eignir rekstraraðila 22.831 milljarðar kr., skuldir voru 15.685 milljarðar kr.

Árleg breyting eigna og skulda rekstraraðila 1999 til 2008




Árið 2003 hófst mikil skuldaföfnun rekstraraðila. Frá þessum tíma og fram til ársloka 2007 jukust skuldir rekstraraðila á bilinu frá 40,4% til 64,5% á ári. Á síðustu tveimur framtalsárum rekstrarárin 2006 og 2007, jukust skuldir félaga um tæpa niúpúsund milljarða kr.

### Fjöldi félaga sem skulda meira en 100 milljónir - flokkað eftir skuldum




Mjög hefur fjölgað í þeim hópi rekstraraðila sem skulda mikið. Í árslok 2002 skulduðu 1.247 félög meira en 100 milljónir kr. Í árslok 2007 skulduðu 2.916 félög meira en 100 milljónir kr. Félög sem skulduðu meira en 20 milljarða kr. fjölgaði úr 10 í 67 á tímabilinu.

### Skuldir félaga sem skulda meira en 100 milljónir - flokkað eftir skuldum



Þróun síðustu ára einkennist af almennri mikilli skuldásöfnun. Bróðurpartur skulda fyrirtækja er þó hjá fáum félögum. Skv. skattframtölum ársins 2008 skulduðu 67 félög meira en 20 milljarða kr. Þessi félög skulduðu 12.459 milljarða kr., sem er tæplega 80% skulda félaga.

### Skuldir 30 skuldugustu félaganna á hverju ár



Í árslok 2002, skv. framtölum 2003, skulduðu 30 skuldugustu félögin í landinu 1.153 milljarða kr. Í árslok 2007, skulduðu 30 skuldugustu félögin þá 11.248 milljarða kr., þar af skulduðu tíu fjármálfyrirtæki 8.822 milljarða kr. og 14 eignarhaldsfélög 1.686 milljarða kr.

um 850 milljarða, eða 40,4% árið 2003, skv. framtölum 2003 og 2004. Frá þessum tíma og fram til ársloka 2007 jukust skuldir rekstraraðila á bilinu frá 40,4% til 64,5% á ári. Síðustu tvö framtalsár eru athyglisverð. Á síðustu tveimur framtalsárum, 2006 og 2007, jukust skuldir rekstraraðila um tæpa níu þúsund milljarða kr. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þróunin var rekstrarárið 2008, en bíða verður fram í október eftir upplýsingum um það. Hér er rétt að minna á að opinberar stofnanir eins og Íbúðalánasjóður eru undanþegnar tekjuskatti og því er hann eins og aðrar opinberar lánastofnanir ekki talinn með í þessum tölum.

Það er ekki aðeins að eignir og skuldir hafi vaxið mjög hratt á undanförunum árum, heldur hefur eigið fé einnig vaxið mikið. Í reynd hefur bókfært eigið fé aukist hlutfallslega meira en eignir og skuldir. Frá framtali árið 2000 hefur eigið fé nær nítjánfaldast. Hlutfall eigin fjár hefur þannig hækkað úr 22,8% í 31,3%. Bókfært verð eigna og eigin fjár getur verið nokkuð villandi þar sem óinnleystur hagnaður vegna endurmats á eignaverði hefur stundum verið færður sem aukning á eigin fé hjá fjármálfyrirtækjum. Verðmæti eigna er oft óápreifanlegt, fer mikið eftir markaði með eignir á hverjum tíma, og er þess vegna fremur matskennt. Skuldirnar eru hins vegar raunverulegar kröfur sem fyrirtækin þurfa að standa skil á. Íslensk fyrirtæki munu þannig þurfa að greiða, eða greiða af, rúmlega 15.685 milljarða kr. skuldum sem stóðu í reikningum fyrirtækja um áramótin 2007 til 2008. Hér er byggt á gögnum frá því í lok janúar á þessu ári en framtöl eru enn að berast og því mun þessi tala vafalaust hækka nokkuð þegar lengra líður frá lokum álagningar sem var í október í fyrra.

### 67 félög skulda 12.459 milljarða kr.

Þó svo að óhætt sé að fullyrða að um almenna skuldaaukningu hafi verið að ræða þá vekur samt athygli hversu mjög hefur fjölgað í þeim hópi rekstraraðila sem skulda mikið og hve mikið skuldir þeirra hafa aukist. Í árslok 2002, skv. framtali 2003, skulduðu 358 rekstraraðilar meira en 500 milljónir kr. en 24 þeirra skulduðu meira en 10 milljarða kr. Framtalsárið 2008 skulduðu 1.030 félög meira en 500 milljónir kr. en þar af skulduðu 124 félög meira en 10 milljarða kr. 67 félög skulduðu meira en 20 milljarða kr. Bróðurpartur skulda rekstraraðila er einmitt hjá þessum félögum. Félög sem skulduðu meira en 20 milljarða kr. skulduðu 12.459 milljarða kr. skv. skattframtölum 2008 sem er tæplega 80% skulda félaga. Árið 2003 skulduðu 16.529 félög rafrænu skattframtali. Í lok janúar 2009 höfðu 25.542 rekstraraðilar skilað framtali vegna álagningar 2008.

Að sjálfstöðu má rekja mikinn vöxt á eignum og skuldum til aukinna umsvifa ýmiss konar fjármálastarfsemi í landinu, enda er það tilgangur fjármálastarfsemi að miðla og umbreyta eignum einstaklinga og fyrirtækja í bönkum í skuldir einstaklinga og fyrirtækja við banka. Af þeim 15.685 milljörðum kr. sem rekstraraðilar skulduðu í árslok 2007 skulduðu níu bankar og sparisjóðir og eitt kaupleigufyrirtæki 8.822 milljarða kr. Reikningar bankanna hafa þanist út vegna margföldunaráhrifa í fjármálakerfinu, svokallaðs peningamargfaldara, og þannig hafa eignir og skuldir bankakerfisins aukist mjög hratt þegar nýtt fjármagn kemur inn í kerfið, t.d. með erlendum lánum eða vegna aukinnar framleiðslu.

### Skuldug eignarhaldsfélög

Það vekur athygli í þessu sambandi hve stór hluti skulda rekstraraðila var hjá fyrirtækjum sem hafa verið stofnuð um


ýmiss konar fjármálaumsýslu aðra en bankastarfsemi. Hér er iðulega um að ræða eignarhaldsfélög en þeim hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Við álagningu árið 1999 voru 246 félög skráð sem eignarhaldsfélög en við álagningu 2008 voru þau orðin 2.872. Þetta eru félög sem eru ekki í eiginlegum rekstri eða framleiðslu heldur eru þau stofnuð um umsýslu og eignarhald á verðbréfum og hlutabréfum í öðrum félögum, stundum öðrum eignarhaldsfélögum, meðal annars til þess að takmarka ábyrgð eigenda gagnvart lánardrottnum. Það er vel þekkt að mörg þessara félaga eru í eigu einstaklinga sem hafa tekið stór lán til kaupa á verðbréfum í þeirri von að hagnast á verðbreytingum á markaði. Af 30 skuldugustu félögum árið 2008 voru 14 eignarhaldsfélög og skulduðu þau 1.686 milljarða kr.

Þegar félag er stofnað um eignarhald á rekstrar- eða framleiðslufélagi, annað félag stofnað um eignarhald í því og svo koll af kolli myndast keðja eignarhalds um upprunalega félagið. Það kann að vera málum blandið hvaða tilgangur liggur að baki flóknum eignatengslum, eða hvort einhver eiginleg verðmæti séu sköpuð í þessum félögum, sem eru í reynd ekkert annað en verðbréfasjóðir. Hins vegar eru öll félögin skattskyld og skila því framtali. Mikill fjöldi eignarhaldsfélaga magnar þannig upp efnahagsreikninga félaga í landinu. Eignarhaldsfélög reikna sér til tekna hlut í hagnaði félaganna sem þau eiga. Þannig getur hinn eiginlegi arður sem er skapaður, eignir og skuldir eignarhaldsfélaga, verið margtalin.

Eins og fram hefur komið er virði eigna þessara félaga mjög matskennt og óljóst. Nú er auðvitað svo komið að markaðir eru í uppnámi eða þá að eignirnar eru að mestu, eða að öllu leyti, tapaðar. Eftir standa skuldirnar sem hafa verið eignfærðar hjá þeim sem lánuðu þessum félögum. Þannig er alls ekki víst að mörg þessara félaga geti staðið í skilum. Að sjálfsögðu á þetta ekki aðeins við um eignarhaldsfélög. Eignarhaldsfélög áttu bókfært yfirferanlegt tap upp á 346,8 milljarða kr. skv. skattframtölum 2008, 218,9 milljörðum kr. meira en árið áður. Nú velta menn því fyrir sér hvaða áhrif hrun á hlutabréfamörkuðum muni hafa á fjármálakerfið, eða öllu heldur hvort félög sem eiga mikið hvert undir öðru og eru meira eða minna tengd í gegnum viðskiptasambönd eða eignarhald fái staðist það áfall sem hefur riðið yfir.

<sup>1</sup> Um þróun bankastarfsemi í landinu sjá t.d. Ásgeir Jónsson, „Um framþróun íslenska bankakerfisins“, *Vísinding, desember 2004* og annað efni frá Ásgeiri, sumt birt á heimasíðu hans; Um áhrif lánastarfsemi á eignir og skuldir sjá t.d. Peningamál 2008-3, gefið út af Seðlabanka Íslands og Gylfa Zoega og Jón Danielsson, „Hagkerfi biður skipbrot“, tekið af heimasíðu Háskóla Íslands, og í Kastljósi 9. feb.sl. í Ríkissjónvarpinu og Jóhann Rúnar Björgvinsson, *Krossgötur 14. feb. sl. í Ríkisútvarpinu.*

## Skuldir rekstraraðila skv. rafrænum skattframtölum 1998 til 2008



Skuldir rekstraraðila hafa meira en tólfaldast frá framtali ársins 2000. Eins og hjá einstaklingum hófst skuldasöfnunin fyrir alvöru á milli framtalsáranna 2003 og 2004, eða rekstrarárið 2003, þá jukust skuldir um 40,4%. Síðan þá hafa skuldir hækkað um 40 til 64,6% árlega. Í árslok 2007, skv. framtölum 2008, skulduðu rekstraraðilar 15.685 milljarða kr.



# Breytingar í virðisaukaskatti vegna aðstæðna í þjóðfélaginu

Ástandið í þjóðfélaginu að undanfögnu hefur haft áhrif á skil á virðisaukaskatti og framundan eru breytingar sem munu hafa áhrif á skattframkvæmdina.



Jón  
Guðmundsson

Vegna erfiðleika fyrirtækja við að standa skil á virðisaukaskatti fyrir tvö síðustu uppgjörstímabil ársins 2008 veitti fjármálaráðherra þeim aukinn greiðslufrest. Hann gerði það með því að beina til-mælum til skattstjóra að beita ekki álagi á vanskil fyrr en rúm vika væri liðin frá gjalddaga skattsins. Um 33% þeirra gjaldenda sem voru með greiðsluskýrslur nýttu sér þennan frest vegna gjalddagans í desember en 47% gjaldenda með greiðsluskýrslur nýttu sér frestinn vegna gjalddagans í febrúar þegar skilað var fyrir uppgjörstímabilið nóvember-desember 2008.

Í desember síðastliðinn voru gerðar tímabundnar breytingar á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Samkvæmt lagabreytingunum er heimilað að endurgreiða vörugjald og virðisaukaskatt af áður skráðum vélknúnum ökutækjum sem flutt eru úr landi. Endurgreiðslufjárhæðin fer eftir aldri ökutækjanna og skal miðast við þau gjöld sem greidd voru við innflutning en lækkar um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina eftir nýskráningu og um 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir það þar til 100% fyrningu er náð. Endurgreiðslufjárhæð beggja gjaldanna má ekki vera hærri en 2.000.000 kr. samtals fyrir hvert ökutæki og gildir endurgreiðsluheimildin til 31. desember 2009. Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðsluna.

Í febrúar s.l. lagði fjármálaráðherra fram á Alþingi frumvarp um breyting á virðisaukaskattslögum þar sem lagt var

til að eigendur íbúðarhúsnæðis fái tímabundið endurgreidd 100% af þeim virðisaukaskatti sem þeir greiða af vinnu iðnaðar- og verkamanna á byggingarstað vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds. Þetta endurgreiðsluhlutfall hefur verið 60% frá árinu 1996. Markmiðið með frumvarpinu er að mæta þeim aðstæðum sem nú eru í efnahagslífi þjóðarinnar og koma til móts við húsnæðisgjendur sem eiga í erfiðleikum vegna ástandsins, sporna við svartri atvinnustarfsemi en jafnframt að hvetja til aukinnar starfsemi í byggingariðnaði. Með frumvarpinu er einnig lagt til að heimilt verði að kveða á um endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum húseiningum.

Frumvarpið tók miklum breytingum í meðförum þingsins. Efnahags- og skattanefnd lagði til að hin tímabundna endurgreiðsla næði einnig til frístundahúsnæðis og húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga. Einnig lagði nefndin til að endurgreiðslan næði til virðisaukaskatts sem greiddur er af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga við hönnun og eftirlit með viðkomandi húsnæði. Frumvarpið var samþykkt með þeim breytingum sem nefndin lagði til og gildir frá mars 2009 til og með desember 2010.

Nú liggur fyrir á Alþingi frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á tollalögum, lögum um vörugjald og lögum um virðisaukaskatt. Með frumvarpinu er verið að bregðast tímabundið við brýnni þörf á gjaldaaðlögun vegna gengisfalls krónunnar, samdráttar og verðbólgu sem ríkir í íslensku efnahagslífi um þessar mundir. Lagt er til að á árinu 2009 geti fyrirtæki á hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda, sbr. ákvæði laga þar um, valið að greiða gjöldin eins og venjulega á gjalddaga eða óska eftir greiðsludreifingu. Ef greiðsludreifing er valin er greiðslunni skipt í þrennt vegna aðflutningsgjalda en tvennt vegna vörugjalda. Lagt er til að almennir meðalvextir verði greiddir af þeim hluta greiðslunnar

sem er frestað. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að heimilt verði að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þó að einungis hluta af honum hafi verið skilað. Samkvæmt gildandi reglum verður virðisaukaskattur vegna innflutnings að vera greiddur til að það megi færa hann á virðisaukaskattsskýrslu en ef frumvarpið verður að lögum má færa ógreiddan virðisaukaskatt vegna innflutnings á virðisaukaskattsskýrslu.

Samskonar ráðstafanir og hér er lýst voru gerðar á síðasta ári vegna gjalddaga innflutningsgjalda í nóvember.

## Álagning virðisaukaskatts á ári bankakreppu

Álagningu virðisaukaskatts tekjuárið 2008 er að mestu lokið. Þó er enn eftir að ganga frá álagningu á bændur vegna síðara tímabils ársins en gjalddaginn var 2. mars s.l. og álagning á þá fer fram mánuði síðar. Upplýsingarnar hér á eftir miðast við stöðu viðkomandi uppgjörstímabils í kjölfar álagningar. Álagning fer fram u.þ.b. mánuði eftir gjalddaga. Þá koma hér einnig fram upplýsingar um virðisaukaskatt sem greiddur er hjá tollstjóra við innflutning en stór hluti hans er færður sem innskattur hjá skattskyldum fyrirtækjum. Fróðlegt er að skoða niðurstöður álagningarinnar með hliðsjón af álagningu fyrri ára.

**Mynd 1** sýnir veltu skattskyldra fyrirtækja samkvæmt innsendum skýrslum árin 2006, 2007 og 2008. Áætluð velta fyrirtækja sem ekki höfðu skilað skýrslum þegar álagning fór fram er ekki talin með. Fyrstu þrjár súlurnar sýna veltu í almennu 24,5% þrepi. Næstu þrjár sýna veltu í lægra þrepi sem var 14% allt árið 2006 og fram til 1. mars 2007 en eftir það er lægra þrepið 7%. Síðustu þrjár súlurnar sýna undanþegna veltu. Greinilega má sjá að það dregur úr veltuaukningu milli ára innanlands en undanþegin velta (útflutningur o. fl.) eykst verulega.

**Mynd 2** sýnir útskatt, innskatt, álagningu innanlands, virðisaukaskatt við innflutning og virðisaukaskatt samtals árin 2006, 2007 og 2008. Súlurnar um útskatt sýna álagðan virðisaukaskatt í báðum skattþrepum. Einnig er þar meðtalinn skattur sem er áætlaður á þá sem ekki hafa skilað skýrslum.


Innskattur er virðisaukaskattur sem fyrirtæki greiða af aðföngum vegna skattskyldrar starfsemi sinnar. Þar er til dæmis virðisaukaskattur vegna innflutnings á vörum til endursölu, vélum og tækjum til nota í rekstri og hráefni til iðnaðar og stóriðju svo sem súrál og fleira.

Álagning er mismunur útskatts og innskatts. Árið 2008 sker sig úr þar sem álagning innanlands dregst verulega saman m.a. vegna hækkandi innskatts en einnig vegna þess að skattskyld velta innan lands eykst ekki samsvarandi.


Virðisaukaskattur vegna innflutnings vex nokkuð á árinu 2008 miðað við fyrri ár. Meginástæðan er eflaust hækkandi verð á innflutningi vegna gengisfalls krónunnar og vaxandi súralsinnflutningur. Skattur vegna innflutnings ársins 2008 sem greiddur var eftir áramótin er meðtalinn.

Síðustu þrjár súlurnar sýna samlagðan virðisaukaskatt álagðan innanlands og greiddan við innflutning. Sést hér hvernig efnahagskreppan er þegar farin að hafa áhrif í virðisaukaskatti.

**Mynd 1 - Virðisaukaskattskyld velta**



**Mynd 2 - Álagning virðisaukaskatts og virðisaukaskattur í tolli**



## Norður-Atlantshafsráðið



Í lok febrúar 2009 var haldinn fundur í svokölluðu Norður Atlantshafsráði þar sem ríkisskattstjórar frá Danmörku, Færeyjum, Íslandi og Grænlandi hittust. Á fundinum var einkum til umræðu staða mála í hverju landi fyrir sig og var augljóslega mikill áhugi fyrir því hvað væri að gerast hér á landi. Danir voru aðal fyrirlesarar fundarins og eru skattyfirvöld þar nánast komin í pappírslaut umhverfi með framtíðarsýn sem gengur út á „no touch“ umhverfi. Í því felst að leitast er við að draga úr samskiptum við framteljendur eins og unnt er. Öflugt fræðslustarf og góðar leiðbeiningar eru þar besta verkfærið til að þjónusta við framteljendur og áreiðanleiki skattskila verði með sem bestum hætti. Þá eru framtalsskil þeirra með þeim hætti að undrun sætir. Færeyingar hafa tekið sitt skattkerfi í algjöra endurskipulagningu og núna heitir skatt- og tollstofa Færeyja, TAKS.

Á myndinni eru fulltrúar Færeyja, Poul á Líðarenda og Arnold Hjelm Nilsen.

# Breytingar á tvísköttunarsamningum

Bókun um breytingu á samningi milli Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir



Frá 1. janúar 1998 hefur verið í gildi tvísköttunarsamningur milli Íslands og Norðurlandanna, auk Færeyja. Tilgangur samningsins er að koma í veg fyrir að einstaklingar sem búsettir eru eða fyrirtæki skráð í viðkomandi ríkjum verði fyrir skattlagningu í tveimur ríkjum af sömu tekjum eða eignum. Þann 4. apríl 2008 samþykkti ríkisstjórn Danmerkur ásamt landsstjórn Færeyja, og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar bókun sem breytir nokkrum ákvæðum tvísköttunarsamningsins. Í þessari grein verður farið yfir þessar breytingar og hvaða áhrif þær hafa á íslenska aðila eða þá sem búsettir eru eða skráðir á Norðurlöndunum og hafa héðan tekjur eða eiga eignir hér á landi. Gilda ákvæði bókunarinnar og þær breytingar sem hún hefur í för með sér frá og með 1. janúar 2009.



Elín Margrét  
Þráinsdóttir

## 10. gr. – Ágóðahlutir (arður)

Gerðar voru tvær breytingar á 10. gr. samningsins er varðar útgreiðslu á ágóðahlutum. Annars vegar var bætt tveimur nýjum málslíðum við 3. mgr. greinarinnar. Felur sú breyting í sér að litið verður á félag sem t.d. er skráð á Íslandi en á félag skráð annars staðar á Norðurlöndunum í gegnum ein eða fleiri samtök aðila sem raunverulegan eiganda þess félags. Eignarhlutdeild félagsins á Íslandi samsvarar því þeirri eignarhlutdeild sem það á í félaginu, bæði sjálfst og í gegnum viðkomandi samtök aðila, einn eða fleiri. Leiðir þetta til þess að frekari líkur eru á því að félag uppfylli skilyrði 2. másl. greinarinnar varðandi 10% eignarhald, en félög sem eiga a.m.k. 10% í félagi eru undanþegin skattlagningu í upprunaríki ágóðahlutarins.

Hins vegar var nýjum málslíð bætt við 6. mgr. greinarinnar. Þar er hugtakið ágóðahlutir nánar skilgreint. Samkvæmt





breytingunni telst ágóðahlutur einnig tekjur af fyrirkomulagi sem felur í sér rétt til hlutdeildar í ágóða að svo miklu leyti sem lög þess samningsríkis, þaðan sem tekjurnar koma, kveða á um að með slíkar tekjur skuli fara sem ágóðahlut. Hefur þessi breyting helst áhrif á ágóðahluti sem greiddir eru frá Noregi, en svokölluð hlutabréfalán (security lending) eru skattlögð þar í landi sem ágóðahlutur.

### 13. gr. – Söluhagnaður

Í tvísköttunarsamningnum sem tók gildi 1. janúar 1998 var söluhagnaður af hlutabréfum í félagi sem staðsett var t.d. á Íslandi og kom í hlut manns sem var við kaupin heimilisfastur á Íslandi en við sölu bréfanna fluttur til einhvers af hinum Norðurlöndunum og því orðinn skattskyldur þar, hafði Ísland heimild til að skattleggja söluhagnaðinn, að því tilskildu að salan ætti sér stað innan fimm ára frá brottflutningi frá Íslandi. Sú breyting sem varð með bókuninni frá 4. apríl 2008 er að nú má skattleggja í allt að 10 ár eftir brottflutning. Hins vegar er aðeins heimilt að skattleggja þá verðmætaaukningu sem varð áður en maðurinn flutti frá umræddu ríki.

Hefur þetta þau áhrif að ef einstaklingur flytur frá Íslandi til einhvers hinna Norðurlandanna er íslenskum skattfyrvöldum heimilt að skattleggja söluhagnað hlutabréfa einstaklingsins í íslensku félagi í allt að 10 ár eftir að hann flutti frá Íslandi. Línan er hins vegar dregin við þá verðmætaaukningu sem varð áður en einstaklingurinn flutti frá landinu. Í þessum tilvikum þurfa ríkin, þ.e. Ísland og svo það ríki sem einstaklingurinn flytur til, að skipta með sér skattlagningu söluhagnaðarins. Reglan gildir hins vegar ekki aftur í tímann, þ.e. einstaklingur sem flutti t.d. frá Íslandi til einhvers hinna Norðurlandanna, fyrir meira en 5 árum síðan en minna en 10 árum, fellur ekki hér undir.

Ákvæði IV. liðs bókunar frá 23. september 1996 var jafnframt breytt í kjölfarið, en áður kvað það ákvæði á um að 6. og 7. mgr. 13. gr. raskaði ekki rétti Danmerkur til að skattleggja samkvæmt eigin löggjöf hagnað af hlutafé sem aðili sem flutti frá Danmörku taldist hafa hlotið í sambandi við brottflutninginn. Nær þessi liður bókunarinnar nú yfir öll Norðurlöndin.

### 15. gr. – Launað starf

Breytingin sem verður á 15. gr. samningsins er sú að í a-lið 4. mgr. greinarinnar fellur „í flutningum á alþjóðaleiðum“ brott. Leiðir þetta til þess, að meðlimir flugáhafna sem heimilisfastir eru í öðru ríki Norðurlandanna en þar sem starfsemi flugfélagsins fer fram, eru skattskyldir þar sem heimilisfestin er, sama hvort um er að ræða innan- eða utanlandsflug. Áður höfðu Danmörk, Noregur og Svíþjóð gert sérstaka bókun varðandi flugfélögin SAS, Scanair og SAS Commuter, að innanlandsflug þessara flugfélaga félli einnig undir 4. mgr. 15. gr. samningsins, sbr. 2. mgr. III. liðar bókunar frá 23. september 1996, sem nú fellur brott.

### 18. gr. – Eftirlaun o.fl.

#### Ísland

Átjándu grein samningsins er breytt á þá leið að í stað orðanna „skal einungis skattleggja“ í 1. mgr. greinarinnar kemur nú „má skattleggja“. Sú breyting sem verður í framkvæmd er að áður mátti aðeins upprunaríki greiðslanna skattleggja, en nú mega í raun bæði upprunaríki og heimilisfestisríki skattleggja. Þessi breyting kemur ekki til með að hafa áhrif á einstaklinga sem búsettir eru hér á landi og þiggja greiðslur frá einhverju hinna Norðurlandanna, þ.e. hlutfallsreglan er enn í gildi samkvæmt a-lið 4. mgr. 25. gr. tvísköttunarsamningsins. Fyrir einstaklinga búsetta á Norðurlöndunum getur þetta hins vegar haft umtalsverð áhrif.

#### Danmörk og Færeyjar

Sé aðili sem þiggur eftirlaun eða aðrar sambærilegar bætur frá Íslandi búsettur í Danmörku er líklegt að umtalsverð hækkun á skattgreiðslu þar í landi verði raunin. Fyrir gildistöku bókunarinnar gilti um skattlagningu þessara tekna ákvæði b-liðar 1. mgr. 25. gr. samningsins, en samkvæmt henni var stuðst við hlutfallsreglu, sambærilega þeirri sem notuð er hér á landi. Við breytinguna verður hins vegar stuðst við a-lið greinarinnar eða kreditreglu. Leiðir þetta til þess að skattur á allar tekjurnar er reiknaður samkvæmt dönskum lögum og svo íslenskur skattur, sem greiddur var hér á landi, dreginn þar frá. Oft á tíðum eru þeir aðilar sem fá eftirlaun frá Íslandi ekki að greiða háa skatta þar sem þeir njóta fulls persónuafsláttar hér á landi, en skattþrósentur í Danmörku eru mun hærri

en á Íslandi og því líklegt að einhverjir verði fyrir skattahækkun í kjölfar þessara breytinga. Sömu reglur gilda um þá sem skattskyldir eru í Færeyjum.

#### Finnland og Svíþjóð

Fyrir þá sem búsettir voru í Finnlandi eða Svíþjóð áður en bókunin var samþykkt þann 4. apríl 2008 og voru byrjaðir að þiggja eftirlaun eða aðrar sambærilegar greiðslur frá einhverju Norðurlandanna, hefur breytingin engin áhrif. Undanþágureglunni sem áður var beitt verður áfram beitt varðandi þessa aðila, svo framarlega sem þeir flytja ekki heimilisfesti sína frá umræddum ríkjum. Aðilar sem hefja hins vegar töku eftirlauna eða þiggja aðrar sambærilegar greiðslur eftir að bókunin var samþykkt verða beittir kreditreglu til að komast hjá tvískattlagningu.

#### Noregur

Fyrir 1. janúar 2009 voru eftirlaun sem aðili, búsettur í Noregi, fékk frá einhverju hinna Norðurlandanna ekki skattskyld þar í landi. Noregur hefur nú hins vegar tekið upp skattlagningu þessara greiðslna. Til að komast hjá tvísköttun verður kreditreglunni beitt, sambærilegri þeirri sem Danmörk og Færeyjar koma til með að nota frá og með 1. janúar 2009.

### 28. gr. – Framkvæmd gagnkvæms samkomulags

Sú breyting sem gerð hefur verið á 28. gr. samningsins er að við 1. mgr. greinarinnar hefur verið bætt nýjum öðrum málslið. Samkvæmt honum verður aðili sem telur sig beittan rangri skattlagningu samkvæmt ákvæðum tvísköttunarsamningsins að leggja málið fyrir bært stjórnvald í sínu heimaríki innan fimm ára eftir að hann fékk tilkynningu um þá ráðstöfun sem felur í sér umrædda skattlagningu. Áður var ekki um nein tímamörk að ræða.

# Frumvarp um breytingar á tekjuskattslögum og staðgreiðslulögum

*Styrking skattframkvæmdar og vinna gegn skattundanskotum*



Guðrún Jenný  
Jónsdóttir

**Þann 5. mars síðastliðinn mælti fjármálaráðherra fyrir frumvarpi um breytingar á tekjuskattslögum og staðgreiðslulögum á Alþingi. Í frumvarpinu eru lagðar til veigamiklar og merkilegar breytingar á framangreindum lögum og verður hér leitast við að gera grein fyrir helstu nýmælum í frumvarpinu.**

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að aðilar með takmarkaða skattskyldu, þ.e. eru ekki skattskyldir skv. 1 eða 2. gr. tekjuskattslaga, verði skattskyldir hér á landi af þeim vöxtum sem greiðast frá Íslandi. Þær vaxtatekjur sem hér um ræðir eru vextir af hvers kyns íslenskum banka-innstæðum, vextir af hvers kyns íslenskum verðbréfa- og fjárfestingasjóðum, skulda-bréfum og öðrum kröfum og fjármálagerningum. Meginreglan er sú að sé greiðandi vaxtanna íslenskur ber hinum erlenda móttakanda að greiða tekjuskatt af vöxtunum hér á landi. Frá meginreglunni er þó undantekning fyrir þá sem fá greidda vexti frá Seðlabanka Íslands sem og erlend ríki, alþjóðastofnanir eða aðra opinbera aðila sem ekki eru skattskyldir í heimaríki sínu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessar tekjur séu staðgreiðsluskyldar. Greiðanda vaxta er samkvæmt því skylt að halda eftir staðgreiðslu af þeim vöxtum sem hann greiðir erlendum aðila. Ákvæði um staðgreiðsluskylduna er sett inn í lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, en ekki inn í lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Staðgreiðslu ber þannig að skila til ríkissjóðs mánuði eftir að greiðsla vaxtanna og afdrátturinn fer fram sbr. ákvæði 20. gr. laganna. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að réttlæga afdregin og innborguð staðgreiðsla sé fullnaðagreiðsla og að hinir erlendu móttakendur eigi þar með ekki að þurfa að telja fram hér á landi vegna þessara tekna. Kveðið er á um tekjuskatts- og þar með staðgreiðsluhlutfallið í 70. og 71.

gr. tekjuskattslaga. Gert er ráð fyrir að einstaklingar greiði 10% í skatt af þessum vöxtum líkt og innlendir einstaklingar og að erlendir lögaðilar greiði sama hlutfall og innlendir.

Rétt er að leggja áherslu á að ekki er verið að leggja til auknar skattálögur á greiðendur vaxtanna heldur er verið að mæla fyrir um skattlagningu á þá sem eiga tekjurnar. Á greiðendur vaxtanna leggst hins vegar sú skylda að halda eftir staðgreiðslu af þessum tekjum og standa skil á þeirri staðgreiðslu til ríkissjóðs.

Þeir tvísköttunarsamningar sem Ísland er aðili að hafa að geyma ákvæði um hvernig ríkin hafa skipt skattlagningar-réttinum á vöxtum sem og ákvæðum um hvernig komist skuli hjá tvísköttun. Móttakendur vaxtanna eiga þar með rétt á að fá lausn undan tvísköttun annað hvort hjá skattyfirvöldum í sínu heimaríki eða á Íslandi allt eftir ákvæðum viðkomandi samnings.

■ Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga. Á Alþingi er til afgreiðslu frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti. Í frumvarpinu er lagt til að einstaklingar sem komnir eru í greiðsluþrot eða greiðsluvandræði geti fengið heimild héraðsdoms til að leita nauðasamninga um greiðsluaðlögun. Er gert ráð fyrir að í nauðasamningi um greiðsluaðlögun verði hægt að semja um niðurfellingu skulda að einhverju eða öllu leyti. Þar sem að túlka á ákvæði 28. gr. tekjuskattslaga samkvæmt orðanna hljóðan þótti rétt að leggja til að bætt yrði

við 3. tölul. greinarinnar ákvæði þess efnis að eignaauki sem stafar af eftirgjöf skulda sem mælt er fyrir um í nauðasamningi um greiðsluaðlögun, sbr. ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl., teljist ekki til skattskyldra tekna.

■ Í þriðja lagi er lagt til að við tekjuskattslög bætist nýtt ákvæði sem yrði 57. gr. a. Hefur þessi nýja grein að geyma tillögur að skattlagningu aðila sem eiga beina eða óbeina eignaraðild að hvers kyns lögaðilum sem heimilisfastir eru í lágskattaríkjum. Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað til þess að markmiðið með löggjöf af þessu tagi sé að hamla gegn skattasniðgöngu sem fram fer með þeim hætti að innlendir aðilar leyni eignum sínum og flytji tekjur úr landi í félög, sjóði eða stofnanir sem skráðar eru í lágskattaríkjum. Tillögurnar eru sniðnar eftir norskum lögum um sams konar efni enda eru ríkin tvö í sambærilegri stöðu gagnvart Evrópusambandinu og EES-svæðinu. Meginreglan samkvæmt frumvarpinu er sú að ef íslenskur skattaðili á eða hefur umráð yfir lögaðila sem heimilisfastur er í lágskattaríki skulu tekjur lögaðilans skattlagðar hjá hinum íslenska skattaðila í samræmi við eignaraðild hans, óháð því hvort að úthlutun fjármuna hafi farið fram eður ei. Íslenskt eignarhald er fyrir hendi þegar helmingur af hinum erlenda lögaðila er í eigu eða umráðum íslenskra skattaðila, eins eða fleiri. Ekki er gert að skilyrði að tengsl séu á milli hinna íslensku eigenda eða umráðamanna. Hugtakið lágskattaríki er skilgreint í frumvarpinu sem ríki eða landssvæði sem



leggur á tekjuskatt sem er lægri en 2/3 af íslenskum tekjuskatti. Við mat á þessu er gert ráð fyrir að tekjuskattsstofn hins erlenda lögaðila verði fundinn út samkvæmt íslenskum skattareglum og reiknað út hvað yrði lagt á hann hér á landi bæri hann ótakmarkaða skattskyldu hér.

Frá meginreglunni er að finna undantekningar sem taka til erlendra lögaðila með raunverulega atvinnustarfsemi, en með því er átt við að lögaðilinn hafi með höndum framleiðslu eða sölu á vöru og/ eða þjónustu enda sé fyrir hendi tvísköttunarsamingur milli Íslands og hins erlenda ríkis með fullnægjandi upplýsingaákvæði. Samkvæmt þessu eiga ákvæðin við um lögaðila sem hafa að meginstofni til svokallaðar óvirkar tekjur (e. passive income), þ.e. arð, vexti, söluhagnað, þóknanir o.s.frv.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekjurnar verði skattlagðar sem atvinnurekstrartekjur, eða tekjur skv. B-lið 7. gr. tekjuskattslaga og er það í samræmi við skattlagningu tekna sameignarfélaga sem ekki eru sjálfstæðir skattaðilar.

■ Í fjórða lagi er lagt til að aukið verði við upplýsingaskyldu banka og annarra fjármálfyrirtækja til skattfyrivalda. Fyrir júl voru samþykktar á Alþingi breytingar á 92. gr. tekjuskattslaga þar sem fjármálfyrirtækjum var gert skylt að afhenda skattyfirvöldum upplýsingar um innstæður á hvers kyns bankareikningum, vexti og afdregna staðgreiðslu. Í því frumvarpi var upphaflega gert ráð fyrir að upplýsingaskyldan næði til allra

skulda. En efnahags- og skattanefnd lagði til að fengnum umsögnum m.a. frá Samtökum fjármálfyrirtæki að upplýsingaskyldan næði eingöngu til innstæðna og vaxta af þeim. Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að fjármálfyrirtækjum verði skylt að afhenda upplýsingar um öll útlán til viðskiptamanna, innstæður í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum og upplýsingar um hlutabréfaviðskipti sem fjármálfyrirtækin hafa haft milligöngu um sem og upplýsingar um hvers kyns viðskipti með annars konar fjármálagerninga. Með lögfestingu þessa ákvæðis verður unnt að árita mun meira af upplýsingum á skattframtöl einstaklinga en verið hefur. Þá er upplýsingagjöf sem þessi ómetanlegt tæki í öllu skatteftirliti.

■ Í fimmta lagi er lagt til að nýr málsliður bættist við 1. mgr. 94. gr. tekjuskattslaga þar sem kveðið er á um upplýsingaskyldu íslenskra móðurfélaga um viðskipti íslenskra skattaðila og dótturfélag eða útibúa sem starfrækt eru erlendis þegar viðskiptin snúast um eignarhald eða umráð á lögaðilum í lágskattaríki sem 57. gr. a tekur til. Íslenskt móðurfélag getur þannig ekki losnað undan upplýsingaskyldu með því að láta viðskipti fara fram í gegnum erlent dótturfélag eða útibú. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til hugtaksins „samstæðuréttur“ en með því er átt við ábyrgð móðurfélags á starfsemi dótturfélags og skyldum sem móðurfélagið ber fyrir hönd dótturfélagsins. Þá er lagt til að fjármálfyrirtækjum, endurskoð-

endum, lögmönnum og öðrum sem veita skattaráðgjöf eða aðra þjónustu sem snertir umráð eða beina eða óbeina eignaraðild að rekstri lögaðila sem skráð eru erlendis, verði gert skylt að halda lista yfir þá sem þiggja slíka ráðgjöf. Listinn skal tiltækur skattyfirvöldum sé þess óskað. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að með alþjóðlegri skattaráðgjöf og þjónustu sé átt við ráðgjöf sem lýtur að stofnun og skráningu lögaðila erlendis, flutningi á fjármagni til annarra ríkja eða lögsagnarumdæma og flutningi á eignarhaldi á íslenskum fyrirtækjum til erlendra aðila.

Ennfremur er lagt til að lögfest verði að þagnar- og trúnaðarskylduákvæði annarra laga víki fyrir ákvæðum tekjuskattslaga um upplýsingaskyldu skv. 94. gr. Verði þetta að lögum er ljóst að upplýsingaskylduákvæði tekjuskattslaga víkja til hliðar þeim ákvæðum í öðrum lögum sem kveða á um einhvers konar þagnar- eða trúnaðarskyldu.

Eins og sjá má af framangreindu er frumvarpið efnismikið þó svo að það telji eingöngu 10 greinar, með gildistökuákvæðinu. Fróðlegt verður að fylgjast með framvindu málsins bæði hjá efnahags- og skattanefnd sem og í þingsöllum.



# Upplýsingatafla RSK

## Staðgreiðsla opinberra gjalda 2009

■ Skatthlutfall staðgreiðslu .....	37,2%
■ Tekjuskattur .....	24,1%
■ Útsvar .....	13,1%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára .....	
af launum umfram kr. 100.745.....	6,00%
■ Af vöxtum og arði .....	10,00%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2009 .....	1.361.452

## Persónuafsláttur frá 1. janúar 2009

■ í einn mánuð .....	kr. 42.205
■ í hálfan mánuð .....	kr. 21.103
■ í 14 daga .....	kr. 19.426
■ í eina viku .....	kr. 9.713
■ Sjómannaafsláttur á dag .....	kr. 987

## Hámark barnabóta 2009 miðað við heilt ár

■ Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni.....	kr. 152.331
- með börnum umfram eitt .....	kr. 181.323
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára ..	kr. 61.191
■ Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni.....	kr. 240.034
- með börnum umfram eitt.....	kr. 246.227
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára.....	kr. 57.891

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald .....	5,34%
■ Sérstakt viðbótargjald v/sjómanna.....	0,65%

## Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 5/2008

### Kílómetragjald, gildir frá 1. 10. 2008

■ Almennt gjald, af fyrstu 10 þ.km, pr. km:	kr.	92,00
---	-----	-------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennt gjald. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

## Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 6/2008

### Gildir frá 1. 10. 2008

■ Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring.....	17.200
■ Fyrir gistingu í eina nótt .....	10.000
■ Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	7.200
■ Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag.....	3.600

## Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

### Gildir frá 1. 3. 2009

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR	159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR	141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR	125	83	80	54

## Virðisaukaskattur

Almennt skattþrep .....	24,5%
Sérstakt skattþrep .....	7,0%

**RSK**  
RÍKISSKATTSTJÓRI